

# Fornleifaskráning innan þjóðgarðsins á Þingvöllum vegna deiliskipulags



Margrét Hallmundsdóttir

Gunnar Grímsson

Kristín Sylvía Ragnarsdóttir

Atli Rúnarsson

NV nr. 05-23

Febrúar 2023

 <b>NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA</b>		<b>Dagsetning: 06.02.2023</b>
<b>Skýrsla nr:</b> NV nr. 05-23	<b>Verknúmer:</b> 372	<b>Dreifing:</b> <input type="checkbox"/> <b>Opin</b> <input checked="" type="checkbox"/> <b>Lokuð til:</b> <input type="checkbox"/> <b>Háð leyfi verkkaupa</b>
<b>Heiti skýrslu:</b> Fornleifaskráning innan þjóðgarðsins á Þingvöllum		<b>Blaðsíður:</b> <b>Upplag: 5</b>
<b>Höfundur:</b> Gunnar Grímsson Margrét Hrönn Hallmundsdóttir Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir Atli Rúnarsson		<b>Fjöldi korta:</b> <b>Gerð skýrslu/verkstig:</b>
<b>Verkefnisstjóri:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		<b>Unnið fyrir:</b> Þjóðgarðurinn á Þingvöllum
<b>Útdráttur</b> Í skýrslunni er greint frá samantekt og skráningu fornleifa innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.		
<b>Lykilorð íslensk:</b> Fornleifaskráning, Þingvellir		<b>Lykilorð ensk:</b> Archaeological Survey, Thingvellir
<b>Undirskrift verkefnastjóra:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		<b>Yfirfarið af:</b>

**EFNISYFIRLIT**

1. INNGANGUR.....	1
2. AÐFERÐAFRÆÐI .....	1
2.1 Forsaga rannsóknar.....	2
2.2 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	3
2.3 SKRÁNING FORNLEIFA.....	5
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ.....	5
4. SAGA ÞINGVALLA.....	5
5. ÞINGVELLIR OG ÞINGHELGIN.....	8
5.1 FORNLEIFASKRÁNING ÞINGVALLA OG ÞINGHELGARINNAR.....	10
6. HESTAGJÁ.....	145
6.1 FORNLEIFASKRÁNING HESTAGJÁ.....	146
7. EFRI-VELLIR.....	149
7.1 FORNLEIFASKRÁNING EFRI-VALLA.....	150
8. STEKKJARGJÁ OG SNÓKAGJÁ .....	158
8.1 FORNLEIFASKRÁNING STEKKJARGJÁR OG SNÓKAGJÁ.....	159
9. AUSTAN ÞINGHELGARINNAR.....	167
9.1 FORNLEIFASKRÁNING AUSTAN ÞINGHELGARINNAR.....	168
10. VESTAN ÞINGHELGARINNAR.....	189
10.1 FORNLEIFASKRÁNING VESTAN ÞINGHELGARINNAR.....	190
11. HERMINJAR Á HAKINU.....	216
11.1 FORNLEIFASKRÁNING HERMINJA Á HAKINU .....	217
12. SEL VIÐ ÖXARÁ.....	226
12.1 FORNLEIFASKRÁNING SELS VIÐ ÖXARÁ .....	227

---

13.	NIDURSTÖÐUR .....	230
14.	UMRÆÐUR.....	231
15.	HEIMILDASKRÁ.....	239
16.	KORT .....	241
17.	PUNKTASKRÁ.....	252



## 1. INNGANGUR

Að beiðni Einars Ásgeirs Sæmundssonar, þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu í tengslum við gerð deiliskipulags í þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Í skýrslunni er greint frá samantekt og skráningu fornleifa innan þjóðgarðsins á Þingvöllum. Þessi vinna á sér langan aðdraganda en fornleifaskráning hefur staðið yfir með hléum í þjóðgarðinum frá árinu 2011 undir stjórn Margrétar Hallmundsdóttur, fornleifafræðings hjá Náttúrustofu Vestfjarða.

## 2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en þar að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Vinnan fór að mestu leyti fram í QGIS-landupplýsingakerfinu. Útbúin var ein miðlæg geopackage-skrá þar sem öll skráning er geymd ásamt öllum texta. Skráin inniheldur eina punktaskrá, eina línuskrá og eina flákaskrá. Skrárnar eru allar svokallaðar „multipart“-skrár sem þýðir að hvert minjanúmer getur samanstaðið af mörgum aðskildum punktum/línum/flákum. Uppsetning skráanna samræmist skráningarstöðlum Minjastofnunar frá 2013. Einnig var bætt við aukaflokkum líkt og hnitskekkju, eldri minjanúmer (Matthías Þórðarson og Sigurður Guðmundsson), þörf á frekari rannsóknnum til að meta eðli minjanna, dagsetningu seinustu breytinga, hæð yfir sjávarmáli o.s.frv.

Farin var ein vettvangsferð þann 19. nóvember 2021 og um 0.3 km<sup>2</sup> svæði yfir Stekkjargjá og austan Öxarár myndmælt, þegar skráðar minjar austan Nikulásargjár kannaðar og nokkrum vörðum bætt við skráningu.

Átt var við lögun nær allra þegar skráðra minja, sérstaklega í þinghelginni. Útlit minjanna tekur nú mið af uppmælingum Margrétar Hallmundsdóttur, Guðmundar Ólafssonar og

einnig af hæðamisfellum á hæðalíkani frá 2019. Lengd, breidd, veggþykkt og veggghæð var í flestum tilfellum mæld í landupplýsingakerfum en ekki á vettvangi. Niðurstöður samræmast oftast mælingum á vettvangi þar sem þær eru til staðar. Eldri hnitum á minjum var þá skipt út fyrir sjálfkrafa útreiknuð hnit, til að auka nákvæmni og eyða hættu á innsláttarvillum. Hnit eru mörkuð í miðju hverra fornleifa fyrir sig.

Illgreinanlegar og/eða óræðar minjar hafa verið bútaðar í nokkra hluta sem taka mið af misfellum á hæðalíkani en viðhalda upprunalegri túlkun skrásetjara. Þetta er gert til að sýna betur lögun þeirra í landslaginu. Þar sem skrásetjari hefur merkt hugsanlegar minjar, eða greinir frá óvissu um lögun og eðli minjanna, kemur fram textinn „Þörf er á frekari rannsóknum til að meta nákvæmlega umfang og eðli þessara minja.“

Uppdrættir Guðmundar Ólafssonar, Matthíasar Þórðarsonar, Sigurðar Guðmundssonar, kort herforingjaráðsins frá 1908, túnakort frá 1920 og loftljósmyndir frá 1937 voru hnitsett í ISN93 og sett inn í QGIS. Myndvinnsla fór fram í öðrum forritum.

## 2.1 Forsaga rannsókna

Þessi vinna er hluti af og byggir að stóru leyti á fornleifaskráningu Margrétar Hallmundsdóttur, sérstaklega á þingminjum innan þinghelginnar. Einnig byggir vinnan á uppdráttum Guðmundar Ólafssonar í þinghelginni og Stekkjargjá (1986) ásamt skráningu frá Heklu Þöll Stefánsdóttur, sem skráði og hnitsetti fjölda minja víðsvegar í þjóðgarðinum sumarið 2012. Guðrún Jóna Þráinsdóttir fornleifafræðingur starfaði við skráningu sumarið 2010 með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Einnig hefur Gunnar Grímsson fornleifafræðingur starfað að skráningu fornleifa í þjóðgarðinum og hefur hann líka haft yfirumsjón með drónamyndatökum af minjum undanfarin ár en sú vinna bætti miklu við af minjum sem eru illgreinanlegar á yfirborði.

Einnig eru nýttar upplýsingar frá Sigurði málara Guðmundssyni (1878), Sigurði Vigfússyni fornfræðingi (1880) sem gerði fornleifaskráningu að beiðni Jóns Sigurðssonar forseta en Jón lagði áherslu á við Sigurð að skrá þingminjar sem og búsetuminjar á þingvöllum. Upplýsingar frá Matthíasi Þórðarsyni Þjóðminjaverði (1945) settar inn þar sem á við, t.d. eldri númerakerfi og heimildir um minjar sem sjást ekki á yfirborði í dag. Gögn frá Einari Á.E. Sæmundsen þjóðgarðsverði, sem tengjast radarstöð á Hakinu frá seinni heimsstyrjöldinni, eru einnig sett inn.

Aðrar gagnalindir sem nýttust í þessari vinnu eru örnefnalýsingar Ásgeirs Jónassonar frá Hrauntúni (1939) og Péturs J. Jóhannssonar frá Skógarkoti (e.d.), rannsóknir Fornleifastofnunar Íslands ses í Þinghelginni, kort danska herforingjaráðsins frá 1908, túnakort frá 1920 og loftljósmyndir af Þinghelginni frá 1937.



Mynd 1. Tilgátuteikning notuð í margmiðlun sem byggð er á fornleifaskráningu. Mynd: Gagarán. Rétthafi myndar. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.

## 2.2 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverker eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga,

svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

#### Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka

líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

### 2.3 SKRÁNING FORNLEIFA

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 2880 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 2880-001.

## 3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

Deiliskipulagssvæðinu er skipt í átta minjasvæði og eru kaflar þessarar skýrslu hafðir eftir þeim. Heimildaskrá og tafla með öllum minjum er að finna aftast í skjalinu.

## 4. SAGA ÞINGVALLA

Elsta heimild um Þingvelli er í Íslendingabók en þar var sagt að land Þóris kroppinskeggja í Bláskógum hafi orðið sektarfé og verið lagt til alþingishalds um 930.<sup>1</sup> Ekki var nánari lýsing á þingstaðnum en fram kom að þegar Íslendingabók var skrifuð á 12. öld hafi verið almenningur í skógum til eldsneytis fyrir þingmenn og hestaganga á heiðum um þingtímann. Í Haukdælþætti var minnst á Þórð skeggja í Bláskógum og líklega er þar verið að tala um Þórir kroppinskeggja. Þar voru síðan reknar nokkrar örnefnaskýringar, þar á meðal Öxará sem á að draga nafn sitt af því að Þórir og Ketilbjörn Ketilsson, ættfaðir Haukdæla, hafi misst öxi niður um vök á ánni. Þar var einnig sagt að Öxará hafi verið „veitt í Almannagjá og fellur nú eftir Þingvelli.“<sup>2</sup>

Engar heimildir eru um búskap á Þingvöllum fyrr en á seinni hluta 12. aldar þá bjó þar Brandur Þórisson. Um og eftir 1200 bjó þar Guðmundur Gríss Ámundason, hann og Magnús sonur hans voru höfðingjar um Kjalarnesþing og áttu alsherjargoðorðið. Um 1220 var minnst á Guðlaug Eyjólfsson frá Þingvöllum og virðist vera að þessir menn, allir af stórum ættum, hafi búið á Þingvöllum á innan við 40 ára tímabili. Eftir Guðlaug er ekki minnst á bónda á Þingvöllum fyrr en í lök 14. aldar. Þá var máldagi Þingvallakirkju ritaður

<sup>1</sup> Íslendingabók og Landnáma, 1942, bls. 8-9

<sup>2</sup> Örnólfur Thorsson ritstj., 1988, bls. 190

Í máldagabók Vilchins biskups sem byrjað var á 1397. Þar kom fram að kirkjan átti þá ekki aðra landareign en 6 hundruð í Brúsastaðajörð en var vel stæð af kvikfé og sæmilega að gripum, þó ekki meir en meðalkirkja.<sup>3</sup> Í máldagasafni Gísla Jónssonar biskups frá því um 1570 var kirkjan á sögð eiga allt heimaland og Skjaldbreið, Heiðarbæ, Kárastaði, Stíflisdal og Neðri Brú í Grímsnesi<sup>4</sup> en hún eignaðist Neðri Brú eftir árið 1474.<sup>5</sup>

Líklega hefur Þingvallabær ávallt staðið þar sem íbúðarhúsið er. Á gömlum myndum sést að bærinn hefur snúið stöfnum í suður og að þeir voru í línu við suðurhlið kirkjugarðsins, núverandi hús nær því talsvert sunnar en gamli bærinn. Ekki er vitað hvort þar hafi verið stundaður búskapur þegar Alþingi var stofnað eða hvort hann hafi hafist 2 öldum seinna. Ekki er hægt að útloka að búið hafi verið á Þingvöllum frá upphafi landnáms og jafnvel að byggð hafi hafist snemma á einhverjum eyðibýlanna sem eru í Þingvallalandi en til þess þyrfti að rannsaka bæjarhólinn á Þingvöllum og bæjarhóla eyðibýlanna.<sup>6</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið um 1708, var sagt að Þingvellir væru kirkjustaður og að jarðadýrleikinn væri óviss. Þá var ábúandinn staðarhaldarinn Sr. Jón Halldórsson og landskuldin var engin. Kvikfénaðurinn voru 7 kýr heima, 84 ær, 37 gamlir sauðir, 17 þrívetra, 21 tvívetra, 61 veturgamalt gelt og gimrar, 51 lömb, 2 hestar, 2 folar þrívetra, 2 tvívetra, 1 veturgamall, 7 hross, 2 unghryssi og 5 fyl. Staðurinn átti afrétt á Skjaldbreiðarhrauni, en hún hafði ekki verið nýtt í yfir 40 ár þegar jarðabókin var skrifuð, en presturinn lét nýta afrétt á Ármannsfelli, Kvíndisfelli og Gagnheiði. Fjallhagar voru sagðir svo gott sem óþrjótandi. Útigangur á veturna var sagður hinn allra besti og að engum kvikfénaði væri ætlað fóður nema kúm og nautum. Skóg átti staðurinn bæði mikinn og góðan, en hann var til skemmda höggvinn og eyddur. Þeir sem keyptu skóginn áttu að gefa fimm álnir fyrir hvern kolahest og eins fyrir raftvið svo mikinn sem lagður var á einn hest. Sagt var að 5 tunnur kola gengu á einn hest. Silungsveiði í Þingvallavatni var góð og mikil, og svo líka nokkur í Öxará. Þingvellir áttu selstöðu í sínu landi, en þar var slæmt að komast í vatn í þurkkaveðri er brunnurinn þornaði upp. Heyskapur utan túns var hinn örðugasti vegna fjarlægðar og vonds vegar

<sup>3</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 93-94

<sup>4</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 663

<sup>5</sup> Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 644-645

<sup>6</sup> Adolf Friðriksson & Orri Vésteinnsson, 1998, bls. 9-10



vestan af Kjósarheiði og torfrista og stunga var hin lakasta. Hætta var stórkostleg fyrir bæði menn og gripi, þá helst á veturna þegar snjóbrýr láu yfir gjánum. Tún og hagar staðarins lágu undir stórfelldum skaða og átroðningi um Alþingistímann, og heyskapur sem hafði verið nýttur til forna í gjánum í kringum staðinn varð með engu móti nýttur.<sup>7</sup>

Elsta heimild um kirkju á Þingvöllum var Hungurvaka sem var rituð á fyrsta áratug 13. aldar. Þar kom fram að árið 1118 hafi kirkjan sem Haraldur harðráði (1047-1066) fokið.<sup>8</sup> Í Ólafs sögu helga, sem rituð var af Styrmi ábóta um 1220, var sagt að Ólafur hafi látið gera kirkju á Þingvöllum sem var helguð honum.<sup>9</sup> Í Ólafs sögu Snorra Sturlusonar var sagt að Ólafur konungur hafi sent kirkjuvið til Íslands og að kirkjan hafi verið byggð á Þingvöllum þar sem Alþingi var. Hann á að hafa sent með klukku mikla sem enn var á Þingvöllum þegar sagan var rituð.<sup>10</sup> Nokkrar kirkjur hafa staðið á Þingvöllum í aldanna rás en kirkjan sem nú stendur þar var reist árið 1859 af sr. Símon Beck.<sup>11</sup>

Þinghald hófst á Þingvöllum um 930 og fór Alþingi með æðsta löggjafar- og dómvald á Íslandi frá stofnun þess til 1262-64, eða þar til Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd með Gamla sáttmála, og þá varð Lögrétta megin stofnun Alþingis sem varð dómstóll með takmörkuðu löggjafarvaldi. Árið 1662 var samþykkt á Kópavogspingi að viðurkenna einveldi Danakonungs, við það fór vald Alþingis minnkandi allt til síðasta þings á Þingvöllum árið 1798.<sup>12</sup>

---

<sup>7</sup> Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1913-1917, bls. 365-366

<sup>8</sup> Biskupasögur, 1853, bls. 30

<sup>9</sup> Flateyjarbók, 1868, bls. 247

<sup>10</sup> Snorri Sturluson; ritstjórn Bergljót S. Kristjánsdóttir et.al., 1991, bls. 325


<sup>11</sup> Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson, 1998, bls. 15-16


<sup>12</sup> Þingvellir, 2023



## 5. ÞINGVELLIR OG ÞINGHELGIN

Mörk þinghelginnar eru og hafa e.t.v. aldrei verið nákvæmlega skilgreind. Líklegast hefur hún þó markast af Almannagjá í vestri og svo Vallagjá, Nikulásargjá, Seiglu-, Tún- og Fjósagjám í austri. Norðurmörk þinghelginnar eru almennt talin vera við Kastala (tvo hraunhóla) í norðri og við Þingvallavatn í suðri. Ekki er vitað hversu langt suður þingstaðurinn náði en allar sjáanlegar minjar, sem hér eru skráðar, eru staðsettar norðan bílastæðisins þar Hótel Valhöll var áður. Flestar minjar innan þessa svæðis tengjast þinghaldi og búskapi á Þingvallabæ.





## 5.1 FORNLEIFASKRÁNING ÞINGVALLA OG ÞINGHELGARINNAR

**Númer:** 2880-001

**Sérheiti:** Njálsbúð

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 39708 N: 418904

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Mikil hætta, vegna rofs

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:**



Mynd 2. Njálsbúð [2880-001] merkt inn á kort.

Búðin snýr hér um bil N-S og stendur við

vesturbakka Öxarár, vestan Þingvallakirkjugarðs. Árið 1880 gerði Sigurður Vigfússon rannsóknir á nokkrum búðum á Þingvöllum verður þetta að teljast ein af fyrstu fornleifarannsóknum á Þingvöllum Hann lýsir uppgrefti sínum á svokallaðri Njálsbúð eftirfarandi:

„Eftir miðjan dag lét ég fara yfir ána og byrja að grafa í búðina móts við Þingvallabæ, svo kallaða „Njálsbúð“. Eftir því sem hún lítur út, hefir hún öll fornleg einkenni, þar sem engin nýrri hleðsla sést innan í eða ofan á henni. Þar sem gafflhlaðið virtist vera, lét ég grafa, og einnig þar er ég hugði hlið vegginn vera; kennimerki voru þar öll óglögg, þar eð grjótið er dreift útum alt bæði utan búðar og innan, svo að lítt auðið er að aðgreina með vissu, hvar hin verulega hleðsla hefir verið; þó hygg eg mega fullyrða, að helzt megí ráða í hleðsluna í gafflhöðum eða endum búðarinnar, enn hitt má þó telja víst, að á rúst þessari í heild sinni sé þó forn mannaverk. Hafi það verið gafflhöðin, er eg hugði tákna þau, þá hefir lengd búðarinnar verið milli 70 og 80 feta. Annars eru allar búðir hér á þingvelli meira eða minna aflagaðar ýmist af verkum seinni alda manna eða af völdum náttúrunnar, nema sú, er eg fyrst lét grafa. Eins og þessar búðir koma nú fyrir sjónir, er lítt unnt að átta sig á, hvar ráða skal að til að leita hinna elstu undirstaðna, til að finna hina fornu lögun þeirra. *Laugardaginn 5.júní* lét ég halda áfram greftinum á Njálsbúð, og hafði einn mann að verki; þá komu undirstöður búðarinnar betur í ljós, einkanlega á suður gaffli hennar; þá komu í ljós þær undirstöður, er fullyrða má að vera muni hinar fornu. Veggirnir báðir (hliðveggirnir), sýnast einnig allgreinilegir, þótt steinarnir sé mjög úr lagi gengnir og hleðslan nokkuð aflöguð, samt er stefnaveggjanna allglögg og bein. Norðgafflhlaðið rannsakaði ég mjög nákvæmlega, og er það víst, að hið upprunalega gafflhlað er fundið, og hefir það sömu aðaleinkenni og suðagafflhlaðið, enn þess skal geta, að annað gafflhlað sýnist hlaðið litlu innar, og hygg ég svo gafflhlað þetta sýnist allgreinilegt og grjótið í því ofar í jörðu enn í hinu. Ég hefi haft nokkuð aðra aðferð við gróftinn á þessari búð, enn við búðina í Þingvallartúni, nefnilega við hliðveggi tóttarinnar, því að ég hefi þar látið taka allan jarðveg ofan af allri þykkt veggjanna, eftir því sem næst verður komist ummáli þeirra og þykkt, því að hin aðferðin hefði að álitu mínu átt hér miðr við, þar eð grjótið liggur hér miklu óreglulegar, og myndar ekki eins ákveðnahleðslu sem í hinni búðinni, enda þótt það sé fullljóst, að þetta sé hinir upprunalegu veggir. Við gafflhlaðið hefi ég þar á móti farið sem næst hinni fyrri aðferðinni, grafið ræsi að utan og innanverðu við hleðsluna, enn látið miðbikið standa óhaggað. Úr yztu hleðsluúr norðgafflhlaðinu hafa auðsjáanlega verið teknir steinar, líklega til að byggja upp hið

innra gaflhlað; enn þó stendur eftir ljós vottrum hleðslu í hinu forna upprunalega gaflhlaði. Dyr eru á eystrahlíðvegg, þeim er snýr að ánni, nær nyrðra enda. Lengd búðarannarinnar 86 fet, og breidd hennar að meðaltali 26 fet, nefnilega 25 fet mjóst og 27 fet breiðast. *Mánudaginn 7. júní* hafði eg einn mann að ljúka gjörr viðgröftinn á Njálsbúð, og var honum lokið kl. 6. e. m. f<sup>13</sup>

Árið 1922 gerði þáverandi þjóðminjavörður rannsókn á búðum á Þingvöllum þar sem hann hefur að leiðarljósi rannsóknir og kort Sigurðar Vigfússonar og Björns Gunnlaussonar af þingstaðnum

Frammi á árbakkanum, kippkorn fyrir sunnan ranann, sem 30. og 31. búðartótt standa á, er sú ferhyrnda grjótdreif, sem nefnist „Njál-s-búð“ Er hjer nú engin upphækkun og engir veggir, en grjótið sýnir hvar veggirnir hafa verið. Þeir virðast hafa verið ca. 1,50 m. að þykkt og lengdin er nú um 25,50 m, en br. 8,50m. að utanmáli. Er hjer dálítið nef út í ána, sem myndar bug á henni.

S. V. rannsakaði þessa búð, sem áður var sagt, 4. - 5. júní 1880, og er skýrsla hans um þá rannsókn, og lýsing á búðinni einsog hún var áður en hann fór að grafa í hana, á bla 13—14 í Árb. 1880—81. Segir hann hana þar 86 fet að lengd (= 27 m.) og 26 (25—27) feta breiða (ca. 7,85—8,50 m.), en dyr vera á eystra hliðvegg, nær nyrðra enda. — Búðarleifar þessar eru markaðar á uppdrætti þeirra S. G. og B. G. og ritað „Njál-s-bú“, við, en á uppdrætti herforingjaráðsins er hún ekki. S. G. hefir þózt geta greint einhverja skiptingu á þessu mannvirki langsum og aðra búð, ó glógga, vestanvið þessa, sbr. uppdráttinn aftanvið Alþst.; telur að hjer hafi jafnframt verið Gunnarsbúð og Holtamannabúð (sbr. skrána, 10., og bls. 9 í ritgerðinni (1. búð, — og þó eru taldar 3 búðir áundan!). — Engar af þessum búðum eru neins staðar nefndar í Njál-s. eða öðrum fornritum og allsendis óvíst, jafnvel ólíklegt, að Njáll hafi haft sjerstaka búð; eins sennilegt, að hann hafi verið í Rangæingabúð, og ekkert ólíklegra eftir Njál-s., að Rangæingabúð hafi verið hjer en að hún hafi verið þar sem búðaskipunin eldri segir að búð Marðar gígju hafi verið, sbr. 33. buð. Vestur undan suðurendanum á þessari búð markar S.

## Könnunarskurður 2002

Árið 2002 var gerður könnunarskurður í Njál-s-búð af Fornleifastofnun Íslands. Var skurðurinn grafin í suðurvegg búðarinnar. Þar komu í ljós illa farnar hleðslur og mikið af grjóti úr lagi gegnið. Telja rannsakendur að vatnsagi úr Öxará og myndun mýrar á svæðinu orðið til þess að frost og bleyta hafi skemmt rústina. Engar frekari niðurstöður komu fram í þessari rannsókn en slæmt ástand búðarinnar. Engir gripir fundust utan fáeinna dýrabeina.<sup>14</sup>

## Minjalýsing:

Í dag er búðin ílöng og allt að 27 metrar á lengd og 8 metrar á breidd, nema til enda þar sem annað rými er þar mældist búðin 10 metra breið. Annar langveggur er nokkuð greinilegur og hinn er sokkinn og nokkuð hruninn. Fyrir enda er eins og önnur búð eða hólf liggja þvert yfir búðina. Líklega er um annað rými að ræða. Breidd veggja er einn metri

<sup>13</sup> Sigurður Vigfússon 1881:13-14 *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1880-1881*

<sup>14</sup> Þinghald til forna. Framvinduskýrsla 2002. Adolf Friðriksson [ritstj] Fornleifastofnun Íslands. FS183-03252

og hæð þeirra um 20 cm. Nokkuð er af grjóti í miðri rústinni og gæti það hafa verið eftir fornleifauppgröft Sigurðar Vigfússonar árið 1880.

Búðin hefur verið opin út að ánni og stærð hennar gæti bent til að hún er frá fyrra búðaskeiði. Hluti hennar liggur undir gönguleið. Þá er norðausturhorn Njálsbúðar ofan í Öxará og hefur verið þar síðan a.m.k. árið 1937. Búðaveggurinn er greinilegur ofan í vatninu.

**Númer: 2880-002**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Rúst, niðurgröftur

**Hnit ISN93: A:** 418942 **N:** 397024

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:**



Mynd 3. Búð [2880-002] merkt inn á kort

Búðin liggur upp við gjárhallinn um 175 m norðan

Valhallarbílastæðis, um 10 m norðan búðar Nikulásar Magnússonar. Aðeins 5 metra frá búð [2880-034] er önnur mun ógreinilegri.

**Minjalýsing:**

Ógreinileg, ferhyrnd tóft sem er um 5x5 m að stærð og opin til suðausturs að ánni. Hæð veggja er 20-30 cm.

**Númer: 2880-003**

**Sérheiti:** Búð Nikulásar Magnússonar

**Eldra númer:** MÞ (34)

**Hlutverk:** Búð


**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93: A:** 397017 **N:** 418926

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já



Mynd 4. Búð Nikulásar Magnússonar [2880-003] merkt inn á kort



**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:**

Í Árbók hin Íslenska fornleifafélags lýsir Matthías Þórðarson búðinni.

NO:34. Syðsta undir hallinum, 23,60 m. beint suð-vestur af 33 tótt, er uppi við hann, áþekkt 33. tótt, og snýr eins. Dyr eru á suðvestur-hliðvegg, um 7 norð-austur gáfii. Veggirnir eru all glöggir og ekki fornlegir; 1. að utan 8,20 m., en breidd 4,70 m., enað innan er 1. 4,80 m. og br. 2. m. Ekki er það neitt efamál, hver átt hefir þessa búð. „Nicolasar Magnussonar sýslumanns i Rangarþinge Bud stendur þar fyrir sunnan (þ. e fyrir sunnan 33. búð) upp under Hallenum\*, segir búðaskipunin frá 1735, og er henni þar með lokið. Nikulás var sýslumaður í Rangárvallasýslu, fyrst hálfri, frá 1727, og síðan allri, frá 1730, til þess er hann druknaði hjer á Þingvöllum í gjá þeirri, sem nú er við hann kennd, austanvið Spöngina (Lögborg) var það nóttina milli 23. og 24. júlí 1742, meðan hann dvaldi á alþingi. Eru greinilegar frásagnir um þann atburð í ýmsum ritum. Nikulás var kominn i beinan karllegg af Guðbrandi Hóla biskupi Þorlákssyni og var faðir Þorleifs landsþingsskrifara, sem átti 15 búð, eins og sagt var hjer að framan, bls. 35. Eftirmenn Nikulásar í embættinu voru Þorsteinn Magnússon, þremningur við Nikulás og einnig kominn í beinan karllegg af Guðbrandi biskupi, og síðan tengdasonur Þorsteins, Jón Jónsson á Móeiðarhvoli, faðir þeirra systra, Eagnheiðar, móður Þorsteins Helgasonar í Reykholti, og Valgerðar byskupafrúar, Hannesar Finnssonar og Steingríms Jónssonar; er því margt stórmenni af Jóni sýslumanni komið, en sjálfur var hann af Einarsnessætt í beinan karllegg. — Ekki er ólíklegt að þeir Þorsteinn og Jón kunni að hafa tjaldað búð þessa eftir Nikulás, en ekkert verður fullyrt um það. Búðartótt þessi er mörkuð á alla uppdraettina. S. G. ætlar að hjer hafi verið Rangæingabúð, svo sem sagt var í greininni hér á undan um 33. búð, sem þar var sögð líklegri en þessi til að hafa 15

Búðin er önnur í röðinni frá Valhallartúni norðan megin við göngustíg

**Minjalýsing:**

Búðin er greinileg og frá seinna búðaskeiði. Utan mál hennar eru 9 metrar á lengd og 7 metrar á breidd. Veggir eru um 1 metri á hæð. Búðin er opin út að ánni til SA. Annað hól er fast við búðina og örugglega verið notað í tengslum við hana.

**Númer:** 2880-004

**Hlutverk:** Óþekkt


**Tegund:** Hleðsla

**Hnit ISN93:** A: 397020 N: 418933

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já



<sup>15</sup> Matthías Þórðarson 1922:54-55 Árbók hins Íslenska fornleifafélags

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

*Mynd 5. Hleðsla [2880-004] merkt inn á kort*

**Staðhættir:** Við norðurenda búðar Nikulásar Magnússonar (2880-003)

**Minjalýsing:** Um er að ræða ógreinileg brot af minjum sem gætu hafa verið hluti búðar eða annarrar byggingar. Stærð er um 6x4m.

**Númer: 2880-005**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 397012.4 N: 418911.5

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Trjárækt

**Staðhættir:** Við gjárhallinn, tæpum 10m sunnan búðar Nikulásar Magnússonar [2880-003]

**Minjalýsing:** Leifar einhverskonar hleðslu, líklega af búð sem sést aðeins að hluta til. Það sem sést er um 8x8 metrar að stærð og um 20cm á hæð.



*Mynd 6. Þúst [2880-005] merkt inn á kort*

**Númer: 2880-006**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 397041.7 N: 418922.7

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Rof

**Staðhættir:** Nyrst í mýri vestan Öxarár, um 25m austan Nikulásarbúðar [2880-003].



*Mynd 7. Þúst [2880-006] merkt inn á kort*



**Minjalýsing:** Ógreinileg upphækkun í mýrinni norðan Valhallar, sem nær mest um 20cm hæð. Þar fannst svörun í jarðsjárrannsókn árið 1993, sem túlkuð var sem sokkin þingbúð. Í skýrslu Línuhönnunar hf. segir: „Þarna er hólmi í mýrinni með öðru gróðurfari, og var mælt yfir hann. Þar virðist greinileg búð vera undir, sem staðfest var af grjótdreif á 0.2-1.0m dýpi í Y=311-220. Búðin stendur djúpum rótum og virðist ná niður úr mýrinni, niður á 1.5m dýpi. Engu er líkara en hún hafi verið hækkuð jafnóðum og landið seig, þar til eigendur hennar gáfust upp á vatnseignum umhverfis búðina.“<sup>16</sup>

**Númer:** 2880-007

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 397052.9 N: 418877.7

**Ástand:** Ekki sést til fornleifa


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Rof

**Staðhættir:** Í mýrinni um 20m suðvestan Njálsbúðar [2880-001].



Mynd 8. Þúst [2880-007] merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Sigurður Guðmundsson teiknar þrjár búðir á þessum slóðum á búðauppdrætti sínum 1861 og eignar þeim Grími Svertingssyni, Markúsi Skeggjasyni og Skapta Þórhallssyni. Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður merkir X á þessum stað á uppdrætti sínum 1929 til marks um ógreinilegar minjar.

Í fjarkönnunarskýrslu Línuhönnunar hf. frá 1993 er sagt: „Nálægt miðju sniðinu á kaflanum Y187-198 má e.t.v. greina búðarúst, sem fær stuðning af grjótdreif, sem liggur þar grunnt. Þessi búð, ef þetta er búð, virðist ekki standa djúpum rótum.“ Línur þessara minja voru teiknaðar á kort eftir niðurstöðum fjarkönnunar 1992. Fjarsjármæling árið 2002 sýndu samskonar niðurstöður og í kjölfarið var staðfest með könnunarskurði að

<sup>16</sup> Þingvellir: jarðsjármælingar norðaustan Valhallar. Línuhönnun HF. Júní 1993

þarna eru veggjaleifar. Líklegt er að fjöldi búða hafi sokkið í vatnseig með tímanum vegna landsigs og vatnsaflsframkvæmda í Soginu á 20. öld.<sup>17</sup>

**Númer:** 2880-008

**Sérheiti:** Búð Bjarna Halldórssonar

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397031.7 N: 418954.6

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Undir gjárhallinum, skammt ofan mýrarinnar vestan Öxarár.

**Minjalýsing:** Búðin er kennd við Bjarna Halldórsson, sýslumann í Húnavatnssýslu 1729-1773. Í búðaskrá séra Jóns Steingrímssonar er búð Marðar gígju (~905) sögð hafa verið hér áður. Búðin snýr NA-SV og er með inngang á austurhliðvegg. Hún er um 8.5x4.5m að utanmáli og veggthæð er allt að 80cm. Veggþykkt er um 1.5m.<sup>18</sup>




Mynd 9. Búð Bjarna Halldórssonar [2880-008] merkt inn á kort

<sup>17</sup> Sigurður Guðmundsson 1878; Matthías Þórðarson 1945; Þingvellir jarðsjármælingar norðaustan Valhallar. Línuhönnun HF. Júní 1993; Adolf Friðriksson, Garðar Guðmundsson og Howell M. Roberts 2002:36.


<sup>18</sup> Matthías Þórðarson 1945:251-252

**Númer: 2880-009****Sérheiti:** Búð Jens Madtsonar Spendrups**Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397054.6 N: 418971.7**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Undir gjárhallinum vestan Öxarár, um 175m sunnan Hamraskarðs.

**Minjalýsing:** Búðin er kennd við Jens Madtson Spendrup, sýslumann í Skagafjarðarsýslu 1718-1735. Búðin er mjög greinileg og snýr NA-SV, með inngang á austurhliðvegg. Stærð hennar er um 8.5x5m og eru veggir tæplega einn metri á hæð þar sem þeir eru hæstir. Búðin er frá einna búðaskeiði en virðist reist á grunni eldri og stærri búðar eða búða.<sup>19</sup> Þetta hefur verið staðfest með borkjarnarannsókn árið 2019.



Mynd 10. Búð Jens Madtsonar Spendrups [2880-009] merkt inn á kort

**Númer: 2880-010****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397055.1 N: 418972.0**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Upp við gjárhallinn undir búð Jens Madtsonar Spendrups (2880-009).

Mynd 11. Búð [2880-010] merkt inn á kort.

<sup>19</sup> Matthías Þórðarson 1945: 250-251

**Minjalýsing:** Leifar stórrar, fornlegrar búðar sem virðist tilheyra eldra búðaskeiði. Svo stórar eru búðaleifarnar að önnur yngri þingbúð (búð Jens Spendrups) kemst mestöll fyrir innan þeirra. Athygli vekur að langveggirnir virðast bogadregnir líkt og á skálum. Í búðaskránni frá 1700 er búð Ásgríms Elliða-Grímssonar (~955) sögð vera á þessum slóðum þótt ekkert verði fullyrt um það hér.

Lengd að utanmáli er um 18m en gæti verið lengri eða allt að 21m. Breidd er um 9m, sem er mjög stórt og sambærilegt stærri skálabyggingum. Hæð veggja er um 15-20xm þar sem þeir eru greinilegir.

Greinilegt svart gólflag fannst í þessari byggingu við borkjarnarannsókn sumarið 2019, sem staðfestir tilvist þessa forna mannvirkis.


**Númer: 2880-011****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397066.5 N: 418988.9**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Búðin er á þýfðu svæði undir gjárhallinum, um 15m norðaustan búðar Jens Spendrups [2880-009].

**Minjalýsing:** Engar greinilegar búðir sjást með berum augum á vettvangi en við skoðun á myndmælingargögnum flygildis og loftmyndum frá 1937 má greina daufar útlínur mannvirkis.

Staðfest var með borkjarnarannsókn sumarið 2019 að um er að ræða þingbúð með svörtu gólflagi, miðað við útlit er líklegt að búðin sé frá seinna búðaskeiði.


Leiða má að líkum að þessi búð snúi u.þ.b. NA-SV og er um 14x7m að utanmáli. Greina má bogadregnar línur á meintum langveggi rústarinnar og virðist sem að dyr hafi vísað til austurs. Veggir eru svo lági að þeir greinast vart á yfirborði.



Mynd 12. Búð [2880-011] merkt inn á kort

**Númer: 2880-012****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397063.9 N: 418955.7**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Í búðabyrpingu vestan Öxarár, vestur undir búð Guðmundur Sigurðssonar (2880-020).



Mynd 13. Búð (2880-012) merkt inn á kort



**Minjalýsing:** Greina má hluta af vesturhlið langveggjar og suðurgafli af búð, sem gengur undir búð Guðmundar Sigurðssonar frá 18. öld og er því greinilega eldri. Langveggurinn er um 10m á lengd og gaflinn um 5.5m. Hleðslur ná allt að 30cm hæð.

**Númer: 2880-013**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397042.7 N: 418957.5

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Við gjárhallinn um 5m austan búðar Bjarna Halldórssonar (2880-008).



Mynd 14. Búð (2880-013) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Afar ógreinilegar leifar þingbúðar sem sjást aðeins með myndmælingargögnum flygildis. Hún snýr u.þ.b. NA-SV og er um 10x6m að utanmáli. Inngangur hefur verið á austurhliðvegg. Veggghæð er allt að 20cm þar sem hægt er að greina vegg. Fleiri minjaleifar sjást austan búðarinnar og ljóst er að hér eru leifar nokkurra mannvirkjarústa.

**Númer: 2880-014**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 397050.2 N: 418954.0

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rask

**Staðhættir:** Við gjárhallinn, rétt vestan göngu-leiðar. Fast austan við búð (2880-013).



Mynd 15. Búð (2880-014) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Óljósar mannvirkjaleifar sem sjást á myndmælingagögnum flygildis. Líklega hefur hér verið eldri búð eða búðir. Hægt er að greina langvegg, sem er um 9m að lengd

og norðan við hann er mögulegur gafl, sem er um 5.5m að lengd. Hæð hleðslna er allt að 20cm.

**Númer: 2880-015**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 397037.4 N: 418945.7

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rof

**Staðhættir:** Undir gjárhallinum skammt norðan mýrinnar.



Mynd 16. Búð (2880-015) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Guðmundur Ólafsson teiknar hér þúfnaklasa, sem eru „e.t.v. einhverjar mannvistarleifar“. Þústirnar eru afar ógreinilegar á yfirborði en koma betur fram á myndmælingargögnum flygildis. Þessi meinta búð er um 11m á lengd að utanmáli en breiddin er óræðari: greina má tvo mögulega austurhliðveggi og væri breiddin á þeim innri um 5m en þeim ytri um 8m.

**Númer: 2880-016**

**Sérheiti:** Amtmannsbúð eldri

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397073.1 N: 418966.2

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já


**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Í búðaþyrpingu vestan Öxarár.

**Minjalýsing:** Búð þessi er merkt amtmannsbúð í

búðaskránni 1691 og er sögð tjölduð af Christian Müller amtmanni og eftirmönnum hans,



Mynd 17. Amtmannsbúð eldri (2880-016) merkt inn á kort



þar til þeir fluttust í timburhús ögn norðar á 18. öld. Í búðaskránni frá 1750 var búð Gissurar hvíta Teitssonar (~950) sögð hafa verið hér áður.

Búðin snýr NA-SV, er um 10x4.5m að utanmáli og með inngang á austurhliðvegg. Búðin er nokkuð hrunin og mælast veggir um 2m að breidd.<sup>20</sup>

**Númer: 2880-017**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 397078.9 N: 418962.4

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Neðarlega á austurhluta búða-þyrpingar, vestan Öxarár.

**Minjalýsing:** Afar ógreinilegar, niðursokknar leifar þingbúðar. Hún virðist snúa NA-SV og er allt að 9x4.5 að utanmáli. Vesturhliðveggur er öllu greinilegri en sá eystri.



Mynd 18. Búð (2880-017) merkt inn á kort

**Númer: 2880-018**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397086.0 N: 418979.8

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Neðarlega á NA-enda búðaþyrpingar austan Öxarár.



Mynd 19. Búð (2880-018) merkt inn á kort

<sup>20</sup> Matthías Þórðarson 1945: 247-249

**Minjalýsing:** Búð þessi virðist vera skipt í tvö hólf en mögulega er um að ræða tvær litlar búðir, sem standa hlið við hlið. Búðin – eða búðirnar – snúa NA-SV og eru alls 9x4.5m að utanmáli. Hæð vegghleðslna er allt að 20cm. Guðmundur Ólafsson mældi hér tvær aðskildar búðir sem sneru hornrétt hvor á aðra.

**Númer: 2880-019**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 397082.2 N: 418980.8

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Í miðri búðaþyrpingu vestan Öxarár.



**Minjalýsing:** Lítil þingbúð eða leifar af stærri mannvirkjum sem tengdust þinghaldi, líklega frá yngri búðaskeiði. Tóftarbrotin snúa NA-SV og eru um 5.5x3m að utanmáli. Tóftarbrotin voru að hluta til mæld inn af Guðmundi Ólafssyni.

**Númer: 2880-020**

**Sérheiti:** Búð Guðmundar Sigurðssonar

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397069.1 N: 418956.6

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já


**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Í búðaþyrpingu vestan Öxarár.

**Minjalýsing:** Búð sem kennd er við Guðmund

Sigurðsson, landþingsskrifara 1732-1753. Hún er mjög greinileg, snýr NA-SV, er um



Mynd 20. Búð Guðmundar Sigurðssonar (2880-020) merkt inn á kort

9.5x5.5m að utanmáli og hefur inngang á austurvegg. Veggir eru allt að 2m breiðir og ná allt að 60cm hæð.<sup>21</sup>

**Númer: 2880-021**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 397072.3 N: 418946.7

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Austarlega í búðabyrpingu vestan Öxarár.



Mynd 21. Þúst (2880-021) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Tvær ógreinilegar hleðslur, líklega veggjabrot úr mannvirki. Sú nyrðri er um 5.5m en sú syðri um 4.5m. Breidd er 1-1.5m.

**Númer: 2880-022**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397066.2 N: 418945.1

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Sunnarlega á búðabyrpingu vestan Öxarár, skammt norðan mýrarinnar.



Mynd 22. Búð (2880-022) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Hér virðist móta fyrir útlínum rétthyrndar þingbúðar, sem snýr NA-SV og er um 10x7m að utanmáli. Norðurgafi er þó óræður og getur búðin hafa verið allt að 14m

<sup>21</sup> Matthías Þórðarson 1945:249-250

að lengd, ef gert er ráð fyrir því að þetta sé ein og sama búðin. Guðmundur Ólafsson mælir upp 2-3 búðir á þessu svæði. Greinilegt er að búðin – eða búðirnar – er/eru ofan á þukku mannvistarlagi og eldri búðir leynist þar undir.

**Númer: 2880-023**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 397062.9 N: 418931.4

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rof

**Staðhættir:** Syðsti endi búðabyrpingarinnar norðan mýrinnar.

**Minjalýsing:** Tóftabrot sem virðast mynda útlínur rétthyrndar búðar, sem snýr NA-SV og er um 12x6,5,m að utanmáli. Svæðið er mjög þýft og því er vandasamt að greina nákvæmlega umfang minja án uppgrftar. Guðmundur Ólafsson mælir t.a.m. 3-4 búðir. Hér er þykkt mannvistarlag og fjöldi eldri búða leynist eflaust undir sverði.

**Númer: 2880-024**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397070.4 N: 418981.9

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já


**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Á búðabyrpingu vestan Öxarár, upp við gönguleið.



Mynd 23. Búð (2880-023) merkt inn á kort



Mynd 24. Tóft (2880-024) merkt inn á kort



**Minjalýsing:** Lítil ferhyrnd smátóft, sem er um 3.5x3.5m að utanmáli og með inngang á suðvesturvegg. Matthías Þórðarson telur búðina hafa verið soðhús eða geymslurými fyrir aðra búð, líklega amtmannsbúðina sem stendur einum metra austan smátóftarinnar.<sup>22</sup>

**Númer: 2880-025**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397074.2 N: 418996.8

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Skógrækt

**Staðhættir:** Við hallinn vestan Öxarár, upp við gönguleið.



Mynd 25. Búð (2880-025) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Tóftarbrot og dæld, sem líklega eru þingbúðarleifar. Hún virðist snúa NV-SA, þvert á aðrar búðir og er um 5x4m að utanmáli. Gaflar eru nokkuð ógreinilegir, sérstaklega á suðausturhlið.

**Númer: 2880-026**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397076.0 N: 419000.3

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rask

**Staðhættir:** Upp við hallinn þar sem tvær gönguleiðir sameinast.



Mynd 26. Búð (2880-026) merkt inn á kort

<sup>22</sup> Matthías Þórðarson 1945:247

**Minjalýsing:** Lítil tóft sem snýr NV-SA, er um 4x3m að utanmáli. Austurhliðin er mjög hrunin en þar hefur inngangur líklega verið. Ekki er óhugsandi að tóftin hafi skemmst að einhverju leyti þegar gönguleið var lögð fram hjá henni. Líklega er um að ræða búð eða hluta af búð frá seinna búðaskeiði.<sup>23</sup>

**Númer: 2880-027**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397086.0 N: 418991.8

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rask

**Staðhættir:** Tóftin stendur á búðabyrpingu vestan Öxarár, þar sem tvær gönguleiðir kvíslast.

**Minjalýsing:** Nokkuð ógreinileg búðartóft sem snýr NA-SV, er um 8.5x4m að utanmáli og með inngang á suðausturvegg.<sup>24</sup>

**Númer: 2880-028**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397102.6 N: 418999.2

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já


**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Efst á búðabyrpingu vestan Öxarár.



Mynd 27. Búð (2880-027) merkt inn á kort



Mynd 29. Búð (2880-028) merkt inn á kort

<sup>23</sup> Matthías Þórðarson 1945:243

<sup>24</sup> Matthías Þórðarson 1945:243

**Minjalýsing:** Þingbúð þessi er sambyggð annarri búð (2880-160), sem snúa báðar NA-SV og eru samtals um 15.5x6.5m að utanmáli. Veggir eru 40-60cm háir og veggþykkt um 2m. Inngangar eru hvor um sig á suðausturhlið og ekki er innangengt milli búðanna. Þessi búð er sú nyrðri og virðist mögulega hafa verið reist að einhverju leyti ofan á þeirri syðri. Hýn er um 9x6m að utanmáli og um 5x1.5m að innanmáli. Sigurður Guðmundsson og Björn Gunnlaugsson kalla hana Víðdælabúð en slíkt er eingöngu ágiskun. Búðin stendurofan á þykku mannvistarlagi.<sup>25</sup>

**Númer: 2880-029**

**Sérheiti:** Búð Christophers Heidemanns

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397075.8 N: 418981.5

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já


**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rask

**Staðhættir:** Fast austan við tóft (2880-024), innan um búðabyrpingu vestan Öxarár.

**Minjalýsing:** Búð þessi snýr hér NNA-SSV og er um 9x5m að utanmáli. Inngangur hefur líklega verið á vesturhlið. Veggir eru nokkuð úr sér gengnir.

Matthías Þórðarson telur líkur á að þetta eru leifar búðar Christophers Heidemanns, fógeta árið 1691. Getið er að búð hans hafi verið timburhús.<sup>26</sup>




Mynd 30. Búð Christophers Heidemanns (2880-029) merkt inn á kort

<sup>25</sup> Matthías Þórðarson 1945:242-243


<sup>26</sup> Matthías Þórðarson 1945:244-247



**Númer: 2880-030****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397119.5 N: 419025.2**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:**

**Hnit ISN93:** Í búðabyrpingu vestan Öxarár, um 115m sunnan Hamraskarðs *Mynd 31. Búð (2880-030) merkt inn á kort*

**Minjalýsing:** Réttthyrnd búð, 11.5x5m að ummáli, sem snýr VSV-ASA og með inngang á suðurhlið. Líklega tilheyrir hún seinna búðaskeiði.<sup>27</sup>


**Númer: 2880-031****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397120.6 N: 419012.7**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Í búðabyrpingu vestan Öxarár, um 125m sunnan Hamraskarðs. *Mynd 32. Búð (2880-031) merkt inn á kort*

**Minjalýsing:** Búðin er í hnapp með þremur hugsanlega fjórum búðum og eru þrjár þeirra nokkuð greinilegar. Þessi er þeirra stærst og snýr NA-SV, er 12.5x5m að utanmáli og 8x2m að innanmáli. Inngangur er ógreinilegur en virðist vera á austurhlið í átt að ánni. Búðin er líklegast frá seinna búðaskeiði.<sup>28</sup>


<sup>27</sup> Matthías Þórðarson 1945:241

<sup>28</sup> Matthías Þórðarson 1945:241-242

**Númer: 2880-032****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397130.8 N: 419027.3**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Í búðabyrpingu vestan Öxarár, um 115m sunnan Hamraskarðs. *Mynd 33. Búð (2880-032) merkt inn á kort*


**Minjalýsing:** Búðarleifar sem líklegast eru frá seinna búðaskeiði. Búðin er nokkuð minni en aðrar búðir nálægt henni og nokkuð ógreinilegri. Stærð er um 7.5x6m að utanmáli og inngangur hefur líklegast verið á suðurgafli.<sup>29</sup>

**Númer: 2880-033****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397123.8 N: 419033.2**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**


**Staðhættir:** Í búðabyrpingu vestan Öxarár, um 100m sunnan Hamraskarðs. *Mynd 34. Búð (2880-033) merkt inn á kort*

**Minjalýsing:** Illgreinanleg tóftarbrot sem líklega hafa verið af þingbúð. Stærð er um 10x6m. Væntanlega hefur þingbúðin snúið VNV-ASA en ekki er hægt að segja til um hver inngangur hefur verið.

<sup>29</sup> Matthías Þórðarson 1945:241

**Númer: 2880-034****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397113.7 N: 419012.7**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Í búðabyrpingu vestan Öxarár, um 125m sunnan Hamraskarðs.**Minjalýsing:** Hægt er að sjá móta fyrir leifum búðar, sem snúið hefur NA-SV og verið um 9.5 x 3.5m að utanmáli.

Mynd 35. Búð (2880-034) merkt inn á kort

**Númer: 2880-035****Sérheiti:** Landfógetabúð**Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397150.9 N: 419036.5**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rof**Staðhættir:** Við vesturbakka Öxarár, um 110m austan Hamraskarðs.**Minjalýsing:** Búðin er kennd við landfógeta á seinustu árum alþingis á Þingvöllum: Skúla Magnússon og Povel Michael Finne.

Mynd 36. Landfógetabúð (2880-035) merkt inn á kort

Búðin er nokkuð stór og greinileg en við NV-enda hennar eru leifar eldri og ógreinilegri minja. Búðin snýr NA-SV, um 14x5.5m að utanmáli og með inngang út að ánni á austurhlið.<sup>30</sup>

**Númer: 2880-036**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397147.0 N: 419042.8

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rof

**Staðhættir:** Nálægt vesturbakka Öxarár, upp við NV-enda Landfógetabúðar (2880-035).

**Minjalýsing:** Þingbúðaleifar sem snúa NA-SV og eru um 10x4m að utanmáli. Inngangur er óljós en hugsanlega á vesturhlið. Austurhlið liggur upp að Landfógetabúð (2880-035).<sup>31</sup>



Mynd 37. Búð (2880-036) merkt inn á kort

**Númer: 2880-037**

**Sérheiti:** Stiftamtmannsbúð

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397135.1 N: 419074.0


**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**



Mynd 38. Stiftamtmannsbúð (2880-037) merkt inn á kort

<sup>30</sup> Matthías Þórðarson 1945: 240-241

<sup>31</sup> Matthías Þórðarson 1945:241



**Staðhættir:** Vestan Öxarár, um 70m SA Hamraskarðs.

**Minjalýsing:** Ein af a.m.k. þremur búðum sem byggðar eru samsíða hver annarri, stefna NA-SV og eru kenndar við stiftamtmennt á 18. öld. Þessi tiltekna búð er um 14.5x5m að utanmáli og virðist stærst af þeim þremur. Staðfest var með borkjarnarannsókn sumarið 2019 að þetta eru nokkrar búðir og líklega mis gamlar.<sup>32</sup>

**Númer:** 2880-038

**Sérheiti:** Stiftamtmannbúð

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397138.9 N: 419070.6

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Vestan Öxarár, um 70m SA Hamraskarðs.

**Minjalýsing:** Ein af a.m.k. þremur búðum sem byggðar eru samsíða hver annarri, stefna NA-SV og eru kenndar við stiftamtmennt á 18. öld. Seinast kennd við stiftamtmenntina Lauritz Thodal og Hans v. Levetzow í lok 18. aldar. Áður er getið að búð Guðmundar ríka Eyjólfssonar (um 950-1025) hafi staðið hér.

Þessi tiltekna búð er um 10x5.5m að utanmáli.

Áður hefur lengdin verið um 13m en suðurgafhláðið hefur verið fært á einhverjum tímamarki. Staðfest var með borkjarnarannsókn sumarið 2019 að þetta eru nokkrar búðir og líklega mis gamlar.<sup>33</sup>



Mynd 39. Stiftamtmannbúð (2880-038) merkt inn á kort

<sup>32</sup> Matthías Þórðarson 1945:238-239

<sup>33</sup> Matthías Þórðarson 1945:239-240





**Númer: 2880-039****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397130.4 N: 419055.6**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Vestan Öxarár, nokkrum metrum sunnan Stiftamtmannsbúðar (2880-038).

**Minjalýsing:** Mjög ógreinileg búð sem sést betur á loftmyndum en á vettvangi. Hægt er að greina óljóst hvar gaflar búðarinnar hafa verið en langveggir sjást aðeins á nákvæmum loftmyndum. Búðin hefur snúið NA-SV og verið um 12x6m að utanmáli. Inngangur hefur verið á austurvegg.

**Númer: 2880-040****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397124.9 N: 419071.3**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Tveimur metrum vestan Stiftamtmannsbúðar (2880-038), um 70m SA Hamraskarðs.

**Minjalýsing:** Búðin er afar ógreinileg og sést betur á nákvæmum loftmyndum en á vettvangi. Búðin virðist hafa verið um 10.5x4m að utanmáli og snúið NNA-SSV. Inngangur hefur líklega verið syðst á austurhlið.


*Mynd 40. Búð (2880-039) merkt inn á kort**Mynd 41. Búð (2880-040) merkt inn á kort*

**Númer: 2880-041****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Niðurgröftur**Hnit ISN93:** A: 397122.1 N: 419082.1**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Örfáum metrum norðvestan Stifamtmannsbúða(r) (2880-038), tæpum 60m suðaustan Hamraskarðs.

**Minjalýsing:** Minjarnar eru á mjög þýfðu svæði þar sem mikið magn af minjum leynist eflaust undir sverði. Greina má niðurgröft sem væntanlega hefur verið búð.


Ekki sér móta glögglega fyrir veggjum umhverfis niðurgröftinn þar sem svæðið er allt kafþýft og erfitt að greina á milli raunverulegra veggja og þúfna. Reynt var að teikna upp það sem líklegast telst til veggja. Rústin er líklega 7m á lengd og 4m á breidd og opin til suðurs. En þarna er um mikið túlkunaratriða að ræða þó engum dyljist að þarna er rústasvæði.



Mynd 42. Búð (2880-041) merkt inn á kort

**Númer: 2880-042****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397107.0 N: 419034.6**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Vegagerð

**Staðhættir:** Við gjárhallinn vestan Öxarár, skammt vestan Stifamtmannsbúðar (2880-038).



Mynd 43. Búð (2880-042) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Ógreinilegt rústasvæði upp við gjárhallinn. Teljast verður mjög líklegt að þarna hafi staðið byggingar. Útlit minjanna er teiknað út frá myndmælingargögnum flygildis. Heildarstærð er um 19.5x9.5m. Gönguleið liggur þvert yfir minjarnar.

**Númer:** 2880-043

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 397099.0 N: 419019.7

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rask

**Staðhættir:** Upp við gjárhallinn vestan Öxarár, upp við gönguleið. Fast SV við þúst (2880-042).



Mynd 44. Búð (2880-043) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Útlínur þingbúðar sem sást fyrst á myndmælingargögnum flygildis. Búðin hefur snúið NA-SV, verið allt að 15x7.5m að utanmáli og líklega opin til austurs líkt og aðrar búðir nálægt henni. Hún er illgreinanleg nema á nákvæmum loftmyndum og veggir líklega aðeins 10cm á hæð. Líklega er hún frá fyrra búðaskeiði, nema grjót hafi að mestu verið fjarlægð úr henni við byggingar nýrra búða og útlínur myndist aðeins af neðstu röð hleðslna.

**Númer:** 2880-044

**Sérheiti:** Búð Benedikts Þorsteinssonar

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397150.2 N: 419145.5


**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rof



Mynd 45. Búð Benedikts Þorsteinssonar (2880-044) merkt inn á kort

**Staðhættir:** Nálægt göngupalli um 35m austan Snorrabúðar (2880-063) og Hamraskarðs.

**Minjalýsing:** Búð sem kennd er við Benedikt Þorsteinsson, sýslumann og lögmann norðan og vestan 1708-1733. Búðin er nokkuð greinileg og er opin til austurs í átt að ánni. Hún er frekar smá, um 8.5x4.5m að utanmáli og 5.5x1.5m að innanmáli.

Búðin hefur líklega verið reist ofan á eldri búðum enda má greina nokkur tóftabrot í kringum hana.

**Númer: 2880-045**

**Sérheiti:** Búð Þorleifs Nikulásarsonar landskrifara

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397147.3 N: 419136.6

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já


**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Um 35m austan Snorrabúðar (2880-063) og Hamraskarðs.

**Minjalýsing:** Lítil búð sem stendur upp við suðurgafli búðar Benedikts Þorsteinssonar (2880-044). Kennd við Þorleif Nikulásarson, landþingsskrifara 1780. Búð Eyjólfss Bólverkssonar (ca. 985-1011) er sögð hafa verið á þessu svæði.

Búð þessi snýr VNV-ASA, er um 7x5m að utanmáli og með greinilegan inngang á austurgafli. Innanmál er um 3.6x2m. Búðin er talin með þeim yngstu á þingstaðnum og telur Matthías Þórðarson þjóðminjavörður að Þorleifur Nikulásarson hafi verið sá seinasti sem tjaldaði hana. Líklega hefur búðin þó verið reist ofan á eldri búðum þar sem greina má óljós tóftabrot umhverfis búðina.<sup>34</sup>



Mynd 46. Búð Þorleifs Nikulásarsonar landskrifara (2880-045) merkt inn á kort

<sup>34</sup> Matthías Þórðarson 1945:237-238




**Númer: 2880-046****Sérheiti:** Lögberg**Hlutverk:** Lögsögustaður**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397125.3 N: 419180.1**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rof**Staðhættir:** Efst á eystri barmi Almannagjár, um

20m norðan Snorrabúðar (2880-063). og Hamraskarðs.

**Minjalýsing:** Stórt og fornt hringmyndað mannvirki, líklegast áhleðsla, á eystri gjábarmi Almannagjár. Stærð er um 21x20m þar sem það er mest um sig. Hrunið hefur úr mannvirkinu og því raskað í gegnum árin, jafnt vegna almennar umferðar en einnig voru stórir steinar á mannvirkinu, sem mynduðu hálfhring, fjarlægðir og notaðir sem stillur yfir Öxarár um 1724. Víðirunni vex austarlega á minjunum og gæti raskað þeim.

Hér er Lögberg merkt opinberlega og telur Matthías Þórðarson þjóðminjavörður áhleðsluna leifar þess. Segir hann það „[...] hið langstærsta mannvirki, sem sýnilegar leifar eru af frá fornöld á hinum forna Alþingis-stað. Auk þess er það gert með tiltölulega mestri fyrirhöfn, fyrir þá sök, að það er hlaðið þarna uppi á beru berginu, svo að bera varð að hvern hnaus og hvern stein, og það um ekki alls kostar greiðan veg til slíks starfs.“ Matthías telur áhleðsluna hafa verið gerða til að minnka hallann á gjábakkanum og e.t.v. hafi timburbekkir staðið þar áður. Matthías færir ýmis rök fyrir þessari staðsetningu Lögbergs: auk þessa stóra mannvirkis tekur staðsetningin mið af norrænni þinghefð að halda lögsögu á hólum eða haugum; textalýsingar fornrita, sérstaklega Njálssaga og Sturlungasaga benda til þess að Lögberg hafi verið vestan ár og á hæð; frásögn Jóns Ólafssonar frá Grunnavík um stóra ferkantaða steina á Mannvirkinu (sem hann notaði sem stillur yfir Öxará) og texta séra Jóns Steingrímssonar um að hér hafi verið „Kristna-Lögberg“ (sbr. „Heiðna-Lögberg“ á Spönginni).

Sigurður Vigfússon fornfræðingur gróf tvo skurði í kross í mannvirkið sumarið 1880 og kom hann niður á mikla grjóthleðslu neðst í A-V skurðinum, um 2m breiða og 1m háa. Mikla grjóthleðslu var einnig að finna í suðurenda N-S skurðarins auk þykks öskulags við



Mynd 47. Möguleg staðsetning Lögbergs (2880-046) merktur inn á kort



bergið. Við miðju A-V skurðarins kom Sigurður auga á lítinn grjótbálk en annars virtist mannvirkið hafa verið fyllt upp af jarðvegi. Við rannsóknir Fornleifastofnunar Íslands á Þingvöllum 2005 var grafið ofan í hluta A-V skurðar Sigurðar Vigfússonar, vestan miðju. Engir gripir eða mannvistarlög fundust í skurðinum en nær miðju var dálítið hrafl af steinum, sem gætu hafa verið leifar litla grjótbálksins sem Sigurður Vigfússon hafði áður lýst.

Ekki er eining meðal fræðimanna um hvort Lögberg hafi staðið hér, á Spönginni eða annars staðar. Líklegast hefur mannvirkið þó gengt veigamiklu hlutverki á þingstaðnum sökum stærðar og fyrirhafnar mannvirkisins.

**Númer: 2880-047**

**Sérheiti:** Búð Magnúsar Stephensens

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397162.6 N: 419215.3

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já


**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rof

**Staðhættir:** Búðin er beint undir Hallinum, um 20m norðan Lögréttuhússins (2880-096).



**Minjalýsing:** Búðin er kennd við Magnús Stephensen og Magnús Ólafsson. Búðin var í notkun á síðustu áratugum þingsins og sést glögg. Hún snýr hér um bil N-S og inngangur er á austurhlið.

Búðin hefur verið um 11.5x4.5m að utanmáli þegar hún var seinast notuð en greina má tóftarbrot við norðurgaflinn. Mögulega hefur norðurgaflinn náð lengra á einhverjum tímavörð og verið um 14.5m að lengd. Líklega hefur búðin þó verið reist ofan á eldri búðum og má einnig greina óræð tóftabrot við austurhlið hennar.<sup>35</sup>



Mynd 48. Búð Magnúsar Stephensens (2880-047) merkt inn á kort

<sup>35</sup> Matthías Þórðarson 1945:234-236

**Númer: 2880-048****Sérheiti:** Búð Björns Markússonar**Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397170.4 N: 419236.6**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Beint undir Hallinum, um 15m norðan búðar Magnúsar Stephensen (2880-047).**Minjalýsing:** Búð sem kennd er við Björn Markússon lögmann í búðaskrá Jóns Steingrímssonar frá 1783. Búðin snýr NNA-SSV, er um 12.5x5m að utanmáli og hefur inngang á miðri austurhlið. Veggir eru breiðir og ná allt að 70cm hæð. Greina má óræð tóftabrot við norðurgabl búðarinnar.<sup>36</sup>*Mynd 49. Búð Björns Markússonar (2880-048) merkt inn á kort***Númer: 2880-049****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397192.5 N: 419280.3**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Rof**Staðhættir:** Við Hallinn, um 50m suðaustan Drekkingarhyls.**Minjalýsing:** Mjög ógreinilegar búðaleifar upp við Hallinn, tæpum 40m norður af búð Björns Markússonar (2880-048). Búðin er mjög sokkin en er þó greinileg á nákvæmum*Mynd 50. Búð (2880-049) merkt inn á kort*<sup>36</sup> Matthías Þórðarson 1945:234

loftmyndum. Hún er um 12x8m að utanmáli en veggir eru mjög útflattir sem bætir í stærð hennar. Vestari langhlið er greinilegust en þó má sjá móta fyrir ógreinilegum veggjum auk hans. Búðin er líklega mjög gömul. Tvær dældir eru greinanlegar innan búðaveggjanna og ná þær allt að 40cm niður.

Svæðið umhverfis þessar búðaleifar hefur raskast allverulega af Öxará á seinustu öldum og gæti reynst erfitt að túlka nákvæma lögun búðarinnar. Þó má geta að Sigurður Guðmundsson merkir tvær ógreinilegar búðir á þessum slóðum á uppdrætti sínum 1861.<sup>37</sup>

**Númer: 2880-050**

**Sérheiti:** Búð Lýðs Guðmundssonar

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397140.5 N: 419277.5

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu

**Staðhættir:** Upp við eystri gjábarminn innan í Almannagjá, upp við gönguveg, hér um bil mitt á milli Krossaskarðs og Drekkingarhyls.

**Minjalýsing:** Búð þessi er kennd við Lýð Guðmundsson sem var sýslumaður í Vestur-Skaftafellssýslu 1755-1800. Búðin snýr NNA-SSV, er um 9.5x5m að utanmáli og hefur inngang á miðjum vesturvegg. Búðin er með þeim yngstu í þinghelginni og er mjög greinileg.<sup>38</sup>



Mynd 51. Búð Lýðs Guðmundssonar (2880-050) merkt inn á kort

<sup>37</sup> Sigurður Guðmundsson 1878


<sup>38</sup> Matthías Þórðarson 1945:225

**Númer: 2880-051****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A:397136.4 N: 419265.3**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Upp við eystri gjábarminn innan í Almannagjá, upp við gönguveg, um 3m sunnan búðar Lýðs Guðmundssonar (2880-050).

**Minjalýsing:** Milli búða Lýðs Guðmundssonar (2880-050) og Magnúsar Ketilssonar (2880-057) í Almannagjá má sjá móta óljóst fyrir hleðslum, sem líklega eru af búð. Veggirnir eru afar lágir og eru aðallega markaðir af yfiorðsgróðri en það finnst fyrir hleðslum undir sverði þegar gengið er á þeim.


Búðin hefur að öllum líkindum verið um 10m á lengd og 6m á breidd og hafa dyr verið á vesturhlið.



Mynd 52. Búð (2880-051) merkt inn á kort

**Númer: 2880-052****Sérheiti:** Búð Jóns Helgasonar**Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397125.6 N: 419272.6**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Vestarlega í Almannagjá, andspænis búð Lýðs Guðmundssonar (2880-050) og um 35m norðan Krossskarðs.



Mynd 53. Búð Jóns Helgasonar (2880-052) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Búð þessi er seinast kennd við Jón Helgason, sýslumann í Vestur-Skaftafellssýslu 1759-1798. Þar áður var hún kennd við sýslumenn úr Ísafjarðarsýslu, Búðin er mjög greinanleg, snýr NA-SV og hefur inngang á austurhlið. Hún er um 7.5x4m að utanmáli og búðaveggirnir allt að 60cm háir.<sup>39</sup>

**Númer: 2880-053**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hnit ISN93:** A: 397128.7 N: 419280.8

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Fast norðan við búð Jóns Helgasonar (2880-052) er niðurgröftur og óljósar leifar veggja.



Mynd 54. Búð (2880-053) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Illgreinanlegar leifar búðar (eða annars mannvirkis) norðan búðar Jóns Helgasonar (2880-052). Þessar meintu búðaleifar eru illgreinanlegar en þarna er niðurgröftur sem gefur vísbendingar um að hér hafi mannvirki staðið áður.

**Númer: 2880-054**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 397132.0 N: 419288.3


**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**



Mynd 55. Búð (2880-054) merkt inn á kort

<sup>39</sup> Matthías Þórðarson 1945:225-226



**Staðhættir:** Fast norðan við búð (2880-053).

**Minjalýsing:** Leifar af lítilli búð skammt sunnan Drekkingarhyls. Veggir eru mjög lágir eða um 20cm. Greinilegt er að þarna hefur staðið búð mjög áþekkt þeim sem eru allt í kring, þó ekki með eins greinilega veggum en búðin sést vel á nákvæmum loftmyndum. Þótt veggir séu ekki háir eru þeir greinanlegir og gólf búðarinnar er greinilegt sem niðurgröftur, sem er mun grænni en veggirnir. Búðin er um 7.5m á lengd og 5m á breidd. Hrúnið hefur fyrir dyr en líklegt er að þær hafi vísað til austurs.

**Númer:** 2880-055

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397150.0 N: 419293.5

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu


**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Upp við eystri gjábarm Almannagjár, um 30m sunnan Drekkingarhyls.


**Minjalýsing:** Leifar lítillar búðatóftar skammt sunnan Drekkingarhyls. Veggirnir eru ógreinilegir og aðeins 20cm á hæð. Rústin mælist 4.5m á lengd og 4.3m á breidd og er opin til vesturs.



Mynd 56. Búð (2880-055) merkt inn á kort

**Númer: 2880-056****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397146.2 N: 419288.3**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Við eystri barm Almagnagjár, um 35m sunnan Drekkingarhyls.**Minjalýsing:** Leifar lítils mannvirkis í Almagnagjá, líklega þingbúðar. Veggirnir eru ógreinilegir og aðeins 20cm á hæð. Rústin mælist 5.5m á lengd og 3.5m á breidd. Inngangur hefur verið til vesturs.

Mynd 57. Búð (2880-056) merkt inn á kort

**Númer: 2880-057****Sérheiti:** Búð Magnúsar Ketilssonar**Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397135.9 N: 419251.0**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Við eystri barm Almagnagjár við Krossskarð, norðan göngupalls.**Minjalýsing:** Nokkuð heilleg búð frá yngra búðaskeiði sem kennd er við Magnús Ketilsson, sýslumann í Dalasýslu 1754-1803. Búðin snýr A-V, er um 8x5m að utanmáli og


Mynd 58. Búð Magnúsar Ketilssonar (2880-057) merkt inn á kort

hefur inngang á suðurhlið. Veggir eru um 40-60cm háir. Við hlið hennar er eins og lítið hlaðið gerði.<sup>40</sup>


**Númer: 2880-058****Sérheiti:** Búð Guðmundar Ketilssonar**Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397130.8 N: 419232.9**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Í Krossskarði í Almannagjá, sunnan göngupallsins sem liggur að Lögbergi.

**Minjalýsing:** Búð frá yngra búðaskeiði sem kennd er við Guðmund Ketilsson, sýslumann í Mýrarsýslu 1778-1806. Búðin snýr NA-SV og hefur inngang á austurhlið. Hún er 9.5x5m að utanmáli en heildarlengd er tæpir 11m ef talin eru með tóftarbrot við suðurgafli búðarinnar. Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður telur að suðurveggur búðarinnar hafi verið færður inn einu sinni eða tvisvar. Út frá norðvesturhorni búðarinnar gengur bogadregin hleðsla.



Mynd 59. Búð Guðmundar Ketilssonar (2880-058) merkt inn á kort

**Númer: 2880-059****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397098.6 N: 419162.1**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu

Mynd 60. Búð (2880-059) merkt inn á kort

<sup>40</sup> Matthías Þórðarson 1945:226

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Innan í Almannagjá, um 7m NV Snorrabúðar (2880-063), við göngupall að Lögbergi.

**Minjalýsing:** Lítil þingbúð, líklega frá seinna búðaskeiði sem snýr hér um bil A-V, er um 5x4m að utanmáli og með inngang á suðurhlið.

Sigurður Guðmundsson teiknar tvær stærri búðir á þessum stað. Önnur hefði staðið undir þessari tilteknu búð og hin þar sem gamli akvegurinn í Almannagjá er nú. Þær búðir sjást ekki.<sup>41</sup>

**Númer: 2880-060**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397100.8 N: 419169.3

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Innan í Almannagjá, upp við eystri gjábarminn þar sem Lögberg er merkt opinberlega, um 12m norðan Snorrabúðar (2880-063).


**Minjalýsing:** Óræð hleðslubrot á a.m.k. 5.5x4m svæði, líklega leifar þingbúðar eða einhverrar fyrirhleðslu. Erfitt er að greina upprunalega lögun en geta má að Sigurður Guðmundsson teiknaði búð af stærri kantinum á þessum slóðum.<sup>42</sup>




Mynd 61. Búð (2880-060) merkt inn á kort

<sup>41</sup> Matthías Þórðarson 1945:227-228

<sup>42</sup> Sigurður Guðmundsson 1878

**Númer: 2880-061****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397083.2 N: 419123.6**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Innan í Almannagjá, við eystri gjábarminn rúmum 15m sunnan Hamraskarðs.**Minjalýsing:** Búð sem kennd er við ónefndan sýslumann úr Þingeyjarsýslu í búðaskrá Jóns Steingrímssonar 1783, líklega Vigfús Jónsson (í embætti 1764-1775). Búðin er allgreinileg, snýr NA-SV, er um 8.5x4.5m að utanmáli og með inngang á vesturhlið. Við suðurgafli búðarinnar eru ógreinilegri búðaleifar.<sup>43</sup>

Mynd 62. Búð (2880-061) merkt inn á kort

**Númer: 2880-062****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397078.4 N: 419114.5**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Innan í Almannagjá, við eystri gjábarminn rúmum 25m sunnan Hamraskarðs.**Minjalýsing:** Óljósar leifar þingbúðar, sem snúið hefur NA-SV og verið um 9.5x4.5m að utanmáli. Leiða má að líkum að inngangur hafi verið á vesturhlið. Við norðurgafli búðarinnar er allgreinileg búð frá seinna búðaskeiði (2880-061).

Mynd 63. Búð (2880-062) merkt inn á kort

<sup>43</sup> Matthías Þórðarson 1945:228




**Númer: 2880-063****Sérheiti:** Snorrabúð**Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397109.5 N: 419150.2**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Við Hamraskarð, sunnan við göngupall að Lögbergi.

**Minjalýsing:** Búð sem almennt er kennd við Snorra Þorgrímsson en var endurhlaðin á 18. öld af Sigurði Björnssyni sýslumanni í Árnesþingi og eftirmönnum hans. Magnús Ólafsson lögmaður er sagður hafa tjaldað búðina síðast í lok 18. aldar. Búðin virðist reist á þykkum mannvistarlögum, eflaust ofan á fleiri en einni þingbúð.

Búðin er ekki stök heldur eru þær tvær og upp við hvor aðra. Þær snúa A-V og eru samtals um 16x6.5m að utanmáli. Inngangar í sitthvora búðina eru á suðurhlið og er ekki innangengt á milli þeirra. Veggir eru þykkir, víða um 2m að breidd en nokkuð fallnir, sérstaklega á suður- og austurhlið.

Eystri búðin er hin eiginlega Snorrabúð og mælist hún um 11x6.5m að utanmáli en um 6.5x2.3 að innanmáli. Sú vestari er um 4.7x4.3m að utanmáli og 2.7x1.5m að innanmáli og telur Matthías Þórðarson þjóðminjavörður að hún sé eldri af þeim tveimur.<sup>44</sup>




Mynd 64. Snorrabúð (2880-063) merkt inn á kort

<sup>44</sup> Matthías Þórðarson 1945:229-232

**Númer: 2880-064****Sérheiti:** Þingvallakirkja**Hlutverk:** Kirkja**Tegund:** Hús**Hnit ISN93:** A: 397187.3 N: 418938.0**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Austan Öxarár, á klapparhól norðan

Þingvallabæjar.

**Minjalýsing:** Talið er að kirkja hafi staðið á Þingvöllum allt frá því að krisni var tekin upp árið 999 eða 1000. Sú kirkja sem nú stendur var reist 1859 af séra Símoni Bech og er kirkjuturninn frá konungsheimsókninni 1907. Kirkja hefur líklegast staðið á þessum stað síðan á 16. öld skv. ritheimildum og einnig fornleifarannsóknum við kirkjuna árin 1999 og 2009, þar sem leifar fundust af eldri kirkju. Talið er að kirkjan hafi áður verið á öðrum stað, hugsanlega innan núverandi kirkjugarðs.




Mynd 65. Þingvallakirkja (2880-064) merkt inn á kort

**Númer: 2880-065****Hlutverk:** Traðir**Tegund:** Garðlag**Hnit ISN93:** A: 397177.1 N: 418956.5**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask

**Staðhættir:** Vestan og norðvestan Þingvallakirkju, báðum megin vegarins að Þingvallabæ.


**Minjalýsing:** Traðirnar eru um 40-50m að lengd og liggja í sveig frá kirkjugarði og framhjá kirkjunni og enda á móts við Biskupsbúð (2880-146). Traðirnar eru mikið hrundar, sérstaklega austan megin.



Mynd 66. Traðir (2880-065) merktar inn á kort

**Númer: 2880-066****Sérheiti:** Klukkuhóll**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hóll**Hnit ISN93:** A: 397194.1 N: 418958.9**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Lágur hóll rúmum 10m norðan Þingvallakirkju.


**Minjalýsing:** Lágur klapparhóll norðan Þingvallakirkju sem ber nafnið Klukkuhóll. Talið er að þar hafi staðið sú klukka sem hringt var þegar þingmenn voru boðaðir til þings. Greinilegar rústabungur eru á hólnum sem bendir sterklega til að þarna hafi verið forn mannvirki.



Mynd 67. Klukkuhóll (2880-066) merktur inn á kort

**Númer: 2880-067****Sérheiti:** Þingvallakirkjugarður**Hlutverk:** Kirkjugarður**Tegund:** Garðlag**Hnit ISN93:** A: 397156.1 N: 418905.7**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Vestan Þingvallabæjar.

**Minjalýsing:** Kirkjugarður hefur líklega verið á Þingvöllum frá því að fyrsta kirkjan var reist þar skömmu eftir kristnitöku. Kirkjugarðurinn var endurhlaðinn og stækkaður um 1930 og er enn í notkun í dag.




Mynd 68. Þingvallakirkjugarður (2880-067) merktur inn á kort

**Númer: 2880-068****Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397278.9 N: 418785.5**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Í lítilli dæld austan Fjóshóls, skammt vestan Fjósagjár og rúmum 15m norðan Valhallavegar.

**Minjalýsing:** Leifar af ílangri byggingur við austurrætur Fjóshóls, líklegast fjósið sem hóllinn dregur nafn sitt af. Merkt á kort danska herforingjaráðsins af Þingvöllum 1908 en er ekki á túakorti 1920. Byggingin snýr NV-SA, er um 11.7x4m að utanmáli og með inngang á suðurgafli í átt að vatninu.




Mynd 69. Útihús (2880-068) merkt inn á kort

**Númer: 2880-069****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397271.6 N: 418772.0**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Skógrækt

**Staðhættir:** Suðaustan undir Fjóshól, rétt norðan Valhallarvegar, nokkrum metrum sunnan fjóss.

**Minjalýsing:** Lítil ferhyrnd rúst, um 4.1x3.7m að stærð, hugsanlega rambakró. Trjárunni vex í miðri rústinni og er hún því ekki greinileg.




Mynd 70. Tóft (2880-069) merkt inn á kort



**Númer: 2880-070****Hlutverk:** Fyrirhleðsla**Tegund:** Hleðsla**Hnit ISN93:** A: 397285.8 N: 418736.6**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rof

**Staðhættir:** Ofan í Þingvallavatni, örfáum metrum sunnan Valhallarvegar og Fjóshóls og rétt vestan Fjósjár.

**Minjalýsing:** Tvær grjóthlaðnar fyrirhleðslur ofan í Þingvallavatni, reistar ofan á lítilli gjásprungu. Sú syðri er stærri, um 5.5m á lengd, bogadregin og vel greinanleg en sú nyrðri er minni, tæpir 4m á lengd og illa farin. Ekki er ljóst hvort þessar hleðslur hafi eitt sinn verið á landi en sokkið í jarðskjálftahrinum eða hvort þær hafi verið lagðar ofan í vatnið, t.d. sem klakhús Þingvallaprests.




Mynd 71. Fyrirhleðslur (2880-070) merktar inn á kort

**Númer: 2880-072****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hóll**Hnit ISN93:** A: 397244.1 N: 418986.6**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**


**Staðhættir:** Nyrst á Þingvallatúni, um 25m NNA Þjóðargrafreitsins, upp við akveginn sem liggur að Þingvallabæ.

**Minjalýsing:** Óræðar upphækkanir sem minna á mannvistarlög, ekki ósvipaðar þeim rústabungum sem taldar eru til búðaleifa. Líklegt er að þarna hafi staðið búð eða mjög lítið hús.




Mynd 72. Hóll (2880-072) merktur inn á kort



**Númer: 2880-073****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397460.8 N: 419230.7**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Skógrækt**Staðhættir:** Rúmum 20m norðan Lögsögumannshóls á Spönginni.**Minjalýsing:** Leifar af lítilli byggingu, e.t.v. þingbúðar, sem snýr hér um bil N-S og hefur inngang á vesturvegg. Hún er um 7x4m að utanmáli og 3x2m að innanmáli. Veggir ná allt að 20cm hæð. Utan veggjanna má greina óljósar mannvistarleifar á um 15x10m svæði.

Mynd 73. Búð (2880-073) merkt inn á kort


**Númer: 2880-074****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397464.1 N: 419244.3**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Skógrækt**Staðhættir:** Norðarlega á Spönginni, um 35m norðan Lögsögumannshóls. Stendur upp við lágar klapparbungur við vesturbarm Spangarinnar.**Minjalýsing:** Möguleg búðartóft sem er um 4x5m að utanmáli og um 2x2m að innanmáli. Hún snýr N-S og hefur inngang á norðurgafli.

Mynd 74. Búð (2880-074) merkt inn á kort

**Númer: 2880-075****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397467.9 N: 419249.7**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Skógrækt

**Staðhættir:** Norðarlega á Spönginni, um 40m norðan Lögsögumannshóls, reist ofan á klapparbungu. Fast norðan við búð (2880-074).

**Minjalýsing:** Hugsanlegar búðaleifar á um 5x5m svæði. Upprunaleg lögun er óljós en greina má þústir sem virðast manngerðar.




Mynd 75. Þúst (2880-075) merkt inn á kort


**Númer: 2880-076****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397478.6 N: 419261.6**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Skógrækt

**Staðhættir:** Mjög norðarlega á Spönginni, um 55m norðan Lögsögumannshóls, innan um trjágróður upp við grjótklökk.

**Minjalýsing:** Hugsanlega búð norðarlega á Spönginni, reist upp við lága klapparbungu og hefur líklegast nýtt sér klöppina sem náttúrulega veggja að hluta til. Sýnilegur hluti búðarinnar er um 6.5x3.5m. Inngangur hefur líklega verið á austurhlið.




Mynd 76. Búð (2880-076) merkt inn á kort.

**Númer: 2880-077****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397484.3 N: 419273.3**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Landbrot**Staðhættir:** Nyrst á Spönginni við Flosahlaup, um 65m norðan Lögsögumannshóls.**Minjalýsing:** Virðist vera ógreinileg rúst, hugsanlega búð, um 10x5m að utanmáli og opin í suðurenda. Stefna er NNV-SSA. Stöku steinar sjást upp úr grasi.


Mynd 77. Búð (2880-077) merkt inn á kort

**Númer: 2880-086****Hlutverk:** Túngarður**Tegund:** Garðlag**Hnit ISN93:** A: 397283.9 N: 418770.8**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Austur undir Fjóshól, um 2m sunnan fjósarústa.**Minjalýsing:** Um 12m langt garðlag austan

Fjóshóls sem stefnir NV-SA. Líklega er um að ræða hluta af gömlum túngarði frá Þingvallabæ, sem lá vestan við Svelghól tæpum 50m norðan þessa garðbúts. Mögulegt framhald á garðinum gæti verið að finna ofan á Fjóshóli með stefnu NA í átt að Danskadal.




Mynd 78. Túngarður (2880-086) merktur inn á kort

**Númer: 2880-090****Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397269.2 N: 418870.0**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Við Hjallhól, um 80m ASA Þingvallabæjar.

Mynd 79. Útihús (2880-090) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Við örnefnið Hjallhól, sem gæti e.t.v. dregið nafn sitt af þessu mannvirki, sem er um 7.5x5m að utanmáli og snýr NA-SV. Óljóst er hvar inngangur hefur verið. Mannvirkið einkennist af ógreinilegri, rétthyrndri dæld og nokkrum stórum hleðslusteinum. Líklegast er þetta gamalt útihús sem sést á korti frá 1922.

**Númer: 2880-091****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397113.2 N: 418998.9**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Í búðabyrpingu vestan Öxarár, um 120m sunnan Hamraskarðs.

Mynd 80. Búð (2880-091) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Lítil búð eða annað mannvirki tengt þinghaldi, minni en þær sem eru í kring eða um 3.5x3.5m. Inngangur gæti hafi verið til norðurs. Þessi meinta búð er reist á þykku mannvistarlagi og má greina nokkur óræð tóftarbrot umhverfis hana, líklegast veggi af eldri búðum.



**Númer: 2880-093****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397117.6 N: 419144.6**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Fast upp við Snorrabúð (2880-063).


Hleðsla eða hluti byggingar.

**Minjalýsing:** Þykkur jarðvegur, líklega að þó nokkru leyti uppruninn úr fornum mannvirkjum í kringum núverandi Snorrabúð (2880-063), sem hefur hrunið niður eftir Hallinum.

Sigurður Vigfússon gróf meðfram austur- og vesturgöflum Snorrabúðar og virtist sjá „þrjár grjóthleðslur hver innan í og upp af annarri“ auk djúps ræsis hjá báðum göflum. Mældi hann 70 fet (~21.5m) milli hleðslanna og taldi þar vera komnar leifar hinnar fornu Snorrabúðar. Sigurður lýsir búðargöflunum þessum sem hálfhringmynduðum. Lét Sigurður svo opna um 25m feta (~7.6m) langan skurð utan eystra gaffhlaðsins þar sem hann telur sig hafa séð leifar aflagðrar hleðslu, sem var enn verr á sig komin en hleðslan á Hallinum, þar sem Lögberg er merkt opinberlega í dag. Telur Sigurður að þar séu leifar Virkisbúðar úr Njálssögu.

Matthías Þórðarson þjóðminjavörður tók niðurstöður Sigurðar Vigfússonar varlega og sagði ummerki á yfirborði við Snorrabúð, sem líkjast garðbútum ekki til marks um fornar hleðslur, heldur hafi þau myndast í kjölfar rannsóknar Sigurðar.



Hvað sem því líður eru allar líkur á að finna athafnir frá fyrri tímum umhverfis Snorrabúð og telst þetta því til fornleifa. Einnig eru skurðir Sigurðar Vigfússonar orðnir eldri en 100 ára og teljast því sjálfir til fornleifa nú.<sup>45</sup>



Mynd 81. Tóft (2880-093) merkt inn á kort

<sup>45</sup> Sigurður Vigfússon 1881:17-18; Matthías Þórðarson 1945:229



**Númer: 2880-094****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Niðurgröftur**Hnit ISN93:** A: 397098.8 N: 419147.1**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Við Hamraskarð, upp við SV-enda Snorrabúðar (2880-063).**Minjalýsing:** Lítil dæld við SV-enda Snorrabúðar, sem gæti verið til marks um fornminjar. Snýr NA-SV og með inngang á SV enda. Stærð er um 7x5m að utanmáli.*Mynd 82. Niðurgröftur (2880-094) merktur inn á kort***Númer: 2880-095****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Dæld**Hnit ISN93:** A: 397157.5 N: 419170.7**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Við Hallinn, beint austan Lögbergs og um 5m Sunnan Lögréttuhússins.**Minjalýsing:** Lítil dæld upp við Hallinn, um 9x5m að stærð og allt að 1m djúp. Matthías Þórðarson taldi dæld þessa vera leifar efnistöku í nærliggjandi búðir.<sup>46</sup>*Mynd 83. Dæld (2880-095) merkt inn á kort*<sup>46</sup> Matthías Þórðarson 1945:236


**Númer:** 2880-096**Sérheiti:** Lögrétta**Hlutverk:** Lögrétta**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397159.7 N: 419188.2**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Upp við Hallinn, rúmum 20m austan

Lögbergs.

**Minjalýsing:** Leifar lögréttuhússins. Tóftin er um 17x9m að stærð, veggjahæðin er frá 0-0.2m og veggjaþykktin er að jafnaði um 1m.

Árið 1594 var lögréttan flutt vestan ár, mögulega reist ofan í gamalli búð. Ein heimild getur um búð Þorgeirs Ljósveitningagoða.

Árið 1691 var getið þess að búðaveggirnir hafi verið hlaðnir og tjaldað yfir 2 álnir eða um 1m. Virðist sem þingað hafi verið undir berum himni þangað til eða lítillega tjaldað yfir. Þingrími tók að lengjast á þessum tíma og þingmenn byrjuðu að kvarta undan rigningu. Virðist sem lögréttutóftin sé endurhlaðin nokkrum sinnum í takt við stjórnskipunarbreytingar og færri og færri þingmenn eru í lögréttu á þingtíma.

Um 1750-1755 var timburhús reist, mögulega reisti einn lögmaðurinn það á eigin kostnað. Það er til lýsing af því. Hefur snúið N-S, ekki verið ýkja stórt, getið um dyr á norðurgafli, glugga á suðurgafli og eitt skrifborð í miðju húsi sem snéri þversum. Það var strax orðið hrörlegt um 1775 og ekkert viðhald virtist vera á húsinu. Á endanum ákváðu þingmenn að láta gott heita 1798 og færðu þingið heim til þingmanns á Leirá 1799, svo til Reykjavíkur árið 1800 þar sem það var lagt niður.<sup>47</sup>


Mynd 84. Lögrétta (2880-096) merkt inn á kort

<sup>47</sup> Matthías Þórðarson 1945:190-204

**Númer: 2880-097****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Niðurgröftur**Hnit ISN93:** A: 397422.5 N: 419148.5**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Sunnarlega á Spönginni, upp við barm Nikulásargjár um 25m sunnan hringlaga mannvirkis.

**Minjalýsing:** Niðurgröftur við náttúrulega kletta með stefnu N-S. Líklega hefur verið hlaðið umhverfis niðurgröftinn að einhverju leiti og gæti því hér verið þingbúð.




Mynd 85. Búð (2880-097) merkt inn á kort

**Númer: 2880-098****Hlutverk:** Þingpallur**Tegund:** Dæld**Hnit ISN93:** A: 397085.4 N: 419202.8**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Ofarlega í brekku upp við vestari barm Alammagjár, um 35m VNV þar sem Lögberg er opinberlega merkt.

**Minjalýsing:** Um 20cm djúp rétthyrnd dæld, sem sný NA-SV og er um 12.5x6m að stærð. Hér eru ummerki söngpalls sem reistur var úr timbri í Almannagjá fyrir alþingishátíðina 1930. Pallurinn er merktur nr. 17 á uppdrætti í Handbók alþingishátíðarinnar. Kór og hljómsveit voru á sviðinu og léku lög.



Mynd 86. Þingpallur (2880-098) merktur inn á kort

Dældin eftir pallinn verður tæknilega ekki að fornleifum fyrr en árið 2030.<sup>48</sup>

**Númer: 2880-099**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 397444.8 N: 419203.1

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Á Spönginni, suðvestur- undir Lögsögumannahóli og um 15m norðan Byrgisbúðar og hringlaga mannvirkisins.

**Minjalýsing:** Hugsanlegar minjar undir sverði á um 9x4m svæði. Upprunaleg lögun er óljós.



Mynd 87. Þúst (2880-099) merkt inn á kort

**Númer: 2880-100**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 397189.4 N: 418953.0

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já


**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Sunnan á Klukkuhóli, um 5m norðan Þingvallakirkju.

**Minjalýsing:** Þrjár hugsanlegar búðir við S-enda Klukkuhóls.

Ógreinilegar þústir túlkaðar út frá loftmynd af Þingvöllum frá 1937. Þar mátti greina ummerki þriggja aflangra mannvirkja með stefnu N-S og 4-8m á lengd. Þústirnar eru ekki



Mynd 88. Þústir (2880-100) merkt inn á kort

<sup>48</sup> Handbók Alþingishátíðar 1930; Lpr/2002-48-5; Lpr/2003-567-7; Lpr/2015-318-10; VZ-73



eins greinilegar í dag. Þó er ljóst að á þessu svæði eru greinileg merki töluverðrar byggingar og kom endi á rúst fram í könnunarskurði sem Orri Vésteinsson gerði við kirkjuna árið 1999.

Miðað við örnefnið Klukkuhól, þar sem lengi stóð klukka sú er kallaði menn til þings og Biskupsbúð vestan hólsins er ekki óhugsandi að einmitt þarna hafi kirkja sú staðið er Ólafur Haraldsson Noregskonungur gaf kirkjuviðinn lét eftir kristnitöku og kölluð hefur verið Þingmannakirkja. Í fornsögum er til lýsing á því að menn stóðu á stétt sunnan við þá kirkju og ræddust við. Orðið stétt átti við harðan sléttan flöt en núverandi kirkja, sem er sunnan við þennan hól er einmitt byggð á sléttri klöpp sem gæti verið umrædd stétt. Auðvitað eru þetta tilgátur einar en með rannsókn á þessum rústahól væri hægt að komast að því hvort kirkja hafi staðið þarna en ljóst er að þarna hafi einhver mannvirki verið.

**Númer: 2880-101**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 397065.1 N: 418964.6

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rask

**Staðhættir:** Vestan Öxarár, við og undir gönguleiðina milli búðar Jens Madtsonar Spendrups (2880-009) og Amtmannsbúðar eldri (2880-016).

**Minjalýsing:** Óræð tóftabrot við gönguleið vestan Öxarár. Mögulegar leifar búðar sjást báðum megin leiðarinnar en þær eru greinilegri austan megin. Mögulega hefur hér verið lítil búð með stefnu A-V og um 9x4.5m að utanmáli. Tóftabrotin gætu einnig verið leifar smærra mannvirkis tengt þinghaldi. Austan leiðarinnar eru tóftabrotin um 4.5x3m að flatarmáli en um 3x2m vestan leiðarinnar.




Mynd 89. Þúst (2880-101) merkt inn á kort



**Númer: 2880-103****Hlutverk:** Pallur**Tegund:** Hleðsla**Hnit ISN93:** A: 397101.7 N: 419077.0**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Upp við Hallinn, um 50m sunnan Hamraskarðs og tæpum 30m vestan Stifamt-mannsbúða.

**Minjalýsing:** Grjóthlaðinn pallur frá alþingishátíðinni 1930 þar sem söguleg leiksýning fór fram. Pallurinn er merktur nr. 19 á upprætti í Handbók alþingishátíðarinnar.<sup>49</sup>




Mynd 90. Pallur (2880-103) merktur inn á kort

**Númer: 2880-106****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397018.4 N: 418851.3**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Mikil hættu**Hættuorsök:** Rof

**Staðhættir:** Í mýrinni vestan Öxarár, rúmum 30m norðan Valhallarreitsins og 65m SV Njálsbúðar.


**Minjalýsing:** Vísbendingar um fornminjar séð á hitamyndum frá 2018 en sjást ekki með berum augum eða á hefðbundnum loftmyndum. Á hitamyndunum má greina útlínur um 20m langar byggingar, sem snýr NA-SV og er um 19.7x7m á stærð. Hugsanlega eru hér leifar fornrar þingbúðar og gætu frekari rannsóknir skorið úr um það.<sup>50</sup>



Mynd 91. Þúst (2880-106) merkt inn á kort

<sup>49</sup> Handbók alþingishátíðarinnar 1930

<sup>50</sup> Gunnar Grímsson 2020:18-19

**Númer: 2880-107****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397045.6 N: 418872.8**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Rof**Staðhættir:** Í mýrinni vestan Öxarár, um 25m SV Njálsbúðar.

Mynd 92. Þúst (2880-107) merkt inn á kort


**Minjalýsing:** Þetta landsvæði hefur í gegnum aldirnar orðið að mýrlendi í kjölfar landsigs og hækkun vatnsborðs Þingvallavatns. Hér hefur fjarkönnun og uppgröftur árið 2002 leitt í ljós vegghleðslu og útlínur þingbúðar eða þingbúða. Sigurður Guðmundsson teiknaði þrjár búðir á þessum slóðum á búðauppdrætti sínum 1861 (nr. 6-8) og Matthías Þórðarson þjóðminjavörður merkti X á þessum stað á uppdrætti sínum 1929 til marks um ógreinilegar minjaleifar.

Á hitamyndum frá 2018 má greina reglulega hitaójöfnu, sem passar við útlínur fjarsjármælinga 2002 og er um 45m að lengd. Ef hér eru fornleifar væri hitaójafnan frekar vottur um búðaþyrpingu heldur eina geysistöra búð, þá líklega búðirnar sem Sigurður Guðmundsson teiknaði upp. Stefna ójöfnunnar er hér um bil NA-SV, líkt og á búðaþyrpingum norðan mýrarinnar.<sup>51</sup>


<sup>51</sup> Sigurður Guðmundsson 1871; Adolf Friðriksson, Garðar Guðmundsson & Roberts, 2002, bls 37-38; Gunnar Grímsson 2020:18-19

**Númer: 2880-108****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397157.4 N: 418898.2**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Í suðausturhorni Þingvallakirkju-  
garðs.

**Minjalýsing:** Niðurstöður viðnámsmælinga í Þingvallakirkjugarði árið 1999 gáfu til kynna reglulega ójöfnu á um 7x3m svæði í suðausturhorni kirkjugarðsins og voru metnar sem hugsanlegar fornleifar tengdum búskap eða e.t.v. fyrri Þingvallakirkju. Á hitamyndum frá 2018 mátti greina samskonar rétthyrnd ummerki í kirkjugarðshorninu, um 8.5x4m að stærð.<sup>52</sup>



Mynd 93. Þúst (2880-108) merkt inn á kort

**Númer: 2880-109****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397015.9 N: 418868.4**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Rof**Staðhættir:** Í mýrinni vestan Öxarár, um 50m  
norðan Valhallarreitsins, upp við gönguleið.

Mynd 94. Þúst (2880-109) merkt inn á kort

<sup>52</sup> Horsley 1999; Gunnar Grímsson 2020:19

**Minjalýsing:** Vísbendingar um fornminjar séð á hitamyndum frá maí 2018 sem sjást ekki með berum augum. Greina má hugsanlega veggj mannvirkis, sem eru 8x8m að stærð. Hugsanlega eru hé leifar fornar þingbúðar og gætu frekari rannsóknir skorið úr um það.<sup>53</sup>

**Númer: 2880-120**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397035.0 N: 418967.0

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Við Hallinn vestan Öxarár, um 15m vestan búðar Jens Madtsonar Spendrups (2880-009).



Mynd 95. Tóft (2880-120) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Mjög lítil, gjróthlaðin tóft sem reist er upp við hraunklöpp á Hallinum. Tóftin er um 3.5x3m að utanmáli og með inngang á SV-horni. Norðurhliðin er náttúruleg hraunklöpp og er þar örlítill skúti. Líklega hefur tóftin tengst þinghaldi en hvorki Matthías Þórðarson né Sigurður Guðmundsson geta hennar.

Minjarnar voru mældar inn eftir uppdráttum Guðmundar Ólafssonar.<sup>54</sup>

**Númer: 2880-121**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst


**Hnit ISN93:** A: 397091.5 N: 418933.0

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Mikil hætta



Mynd 96. Þúst (2880-121) merkt inn á kort

<sup>53</sup> Gunnar Grímsson 2020:18-19

<sup>54</sup> Guðmundur Ólafsson 1988-1990

**Hættuorsök:** Rof

**Staðhættir:** Á botni Öxarár, nálægt vestari árbakkanum, um 10-20m norðan Njálsbúðar (2880-001).

**Minjalýsing:** Grjótþyrpingar og lágar upphækkanir sem sjást á myndmælingargögnum flygildis. Stærsta þyrpingin er um 3.5m í þvermál og minnir á manngerða hleðslu. Túlka má þessar grjótþyrpingar sem vísbendingar um minjar ofan í Öxará, sem horfið hafa ofan í ána vegna landsigs og vatnavaxta gegnum aldirnar. Fordæmi er fyrir þessu 10-20m sunnar, þar sem norðausturhorn Njálsbúðar sést neðan vatnsborðs, og í anni skammt norðan Biskupsbúðar.

**Númer:** 2880-122

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Hnit ISN93:** A: 397180.0 N: 418991.4

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Mikil hætta

**Hættuorsök:** Rof

**Staðhættir:** Á botni Öxarár, u.þ.b. 50m norðan við Þingvallakirkju (2880-064).

**Minjalýsing:** Grjótþyrpingar og lágar upphækkanir sem sjást á myndmælingargögnum flygildis. Samtals er þyrpingin um 5.5x3m.




Mynd 97. Hleðsla (2880-122) merkt inn á kort




**Númer: 2880-123****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397044.2 N: 418843.5**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Rof**Staðhættir:** Um 70m norðan við bílastæði vestan

Öxarár.

**Minjalýsing:** Sést á loftmyndum frá 1937. Þústin er um 4.5x4m og virðist vera nokkuð ferhyrnd. Mögulegur inngangur er í NV og veggjaþykktin virðist vera að jafnaði um 0.8m.


Mynd 98. Þúst (2880-123) merkt inn á kort

**Númer: 2880-124****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397078.7 N: 418972.6**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Innan búðabyrpingar vestan Öxarár.**Minjalýsing:** Illgreinanleg tóftabrot, frekar leifar tveggja eða fleiri búða en einnar stórar.

Mynd 99. Búð (2880-124) merkt inn á kort

**Númer: 2880-125****Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Dæld**Hnit ISN93:** A: 397251.5 N: 418962.0**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Já (vegna niðurrifs)**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 10m NA við Þjóðargrafreitinn á Þingvöllum.


**Minjalýsing:** Grunnur af útihúsi sem sést á túnakorti frá 1920. Hægt er að greina afar smáa dæld (<5cm) á vettvangi og litamismun á gróðri. Ummerki annarra fornleifa í kring, líklegast er rústabunga eða þykkt mannvistarlag undir sverði.



Mynd 100. Útihús (2880-125) merkt inn á kort

**Númer: 2880-126****Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397256.3 N: 418969.9**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Fast NA við dæld (2880-125)

**Minjalýsing:** Ógreinilegar þústir og dældir sem tengjast líklegast útihúsum í byrjun 20. aldar. Á uppdrætti Sigurðar Guðmundssonar eru rústir teiknaðar hér um kring og þótt Sigurður telur þær búðaleifar er líklegra að rústirnar hafi tengst búskap.




Mynd 101. Þúst (2880-126) merkt inn á kort

Ummerki annarra fornleifa í kring, líklegast er rústabunga eða þykkt mannvistarlag undir sverði.

**Númer: 2880-127****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397237.7 N: 418967.3**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Um 7m norðan við Þjóðargrafreitinn á Þingvöllum, fast austan við göngustíg sem gengur inn í grafreitinn.


**Minjalýsing:** Ógreinilegar þústir sem virðast mynda rétthyrnda útlínu mannvirkis en gætu þó einnig verið af völdum rasks á 20. öld.



Mynd 102. Þúst (2880-127) merkt inn á kort

**Númer: 2880-128****Hlutverk:** Túngarður**Tegund:** Garðlag**Hnit ISN93:** A: 397295.0 N: 418995.0**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Já (vegna sléttunar)**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Um 40m NA við útihusaþúst (2880-126).



Mynd 103. Túngarður (2880-128) merkt inn á kort


**Minjalýsing:** Slitróttar leifar túngarðs, sem sést á loftmyndum frá 1937 en hefur verið sléttaður að mestu. Garðurinn hefur náð u.þ.b. frá Skötugjá að bæjartröðunum og verið um 120m langur. Nú sjást aðeins óljósar leifar af garðinum norðan Skötugjár.<sup>55</sup>

<sup>55</sup> Loftmynd 1937

**Númer: 2880-129****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hleðsla**Hnit ISN93:** A: 397091.5 N: 419168.1**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask

**Staðhættir:** Hleðslan hefur þverað veginn í Almannagjá og er skammt norðan við göngustíginn upp að Lögbergi (2880-046).


**Minjalýsing:** Hleðsla sem liggur þvert yfir almannagjá. Miðhluti hennar er horfinn vegna veglagningar. Vestan vegarins sést í bert grjót en austan vegar er hleðslan vallgróin. Matthías Þórðarson taldi hana geta verið til að króa inni hesta.<sup>56</sup>



Mynd 104. Hleðsla (2880-129) merkt inn á kort

**Númer: 2880-130****Hlutverk:** Óþekkt/skáli**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397148.6 N: 418818.4**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Skógrækt

**Staðhættir:** Inn á milli trjáanna NA við brúnna yfir Öxará, um 60m sunnan við kirkjugarðinn við Þingvallakirkju (2880-067) á túni sem kallast Miðmundartún.



Mynd 105. Tóft (2880-130) merkt inn á kort

<sup>56</sup> Matthías Þórðarson 1945:227



**Minjalýsing:** Óþekkt tóft, virðist vera um 32x8m. Grafið var í rústina að hluta um 2000 og komu fram þykkir veggir og svart gólfag.<sup>57</sup> Borkjarnarannsókn sem gerð var 2019 leiddi í ljós að byggingin er allavega um 30 m löng og um 8 m breið.

**Númer:** 2880-131

**Sérheiti:** Sönghellir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397054.9 N: 419071.7

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Í austanverðri Almannagjá um 40m SV við þúst (2880-062).




Mynd 106. Sönghellir (2880-131) merktur inn á kort

**Minjalýsing:** Hleðsla við skúta. Matthías Þórðarson lýsti henni: „Um 50m sunnar í gjánni er grjóthleðsla á tvo vegu við bergskúta [...] sem kallaður er (eða var) Sönghellir og getið var hér að framan [...]. Hleðslan er að sumu leyti vestur-hliðveggur, 3.80m að lengd, að sumu leyti suður-gaflhlað, 2m. [...] Rétt við, að sunnanverðu, er önnur óregluleg hleðsla á tvo vegu undir berginu, og virðast þar vera leifar af öðru smábyrgi, 3.50x1.50m að innanmáli.“<sup>58</sup>


<sup>57</sup> Adolf Friðriksson et.al. 2005:9

<sup>58</sup> Matthías Þórðarson 1945:228-229



**Númer: 2880-132****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397109.6 N: 419157.2**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Um 2.5m norðan við Snorrabúð (2880-063). Við göngustíg upp að útsýnispalli.**Minjalýsing:** Ferhyrnd tóft sem virðist vera um 3.5x2.5m að stærð. Vegg hæðin er frá 0-0.2m og veggjabreiddin um 1m. Inngangur virðist vera í SA horni.

Mynd 107. Þúst (2880-132) merkt inn á kort

**Númer: 2880-133****Sérheiti:** Fógetabúð**Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397177.0 N: 419246.1**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Fast norðan við búð Björns Markússonar (2880-048).**Minjalýsing:** Tóftin er um 9x3.5m á stærð og frekar slitrótt, Matthías Þórðarson taldi líklegt að torf hafi verið tekin úr henni og nýtt í búð Björns Markússonar (2880-048). Matthías lýsti tóftinni: „[...] Hún er nú orðin óglögg; virðist efni hafa verið tekið úr henni í næstu búð. Snýr langsum og var austurhliðveggur yzt á bakka þeirrar smákvíslar, er rann hjer, en nú hefir verið af tekin; er sá veggur einna gleggstur, og norðurgafhlæðið, en fyrir vestur-hliðvegg sjer að eins nyrzt og suður-gafhlæði er vafasamt. Fyrir dyrum sjer ekki með vissu; þær sýnast nú hafa verið austast í suðurenda, við hornið, en þó öllu heldur

Mynd 108. Fógetabúð (2880-133) merkt inn á kort

og að líkindum verið á miðjum austurhliðvegg. [...] Hún er mörkuð á uppdrátt B.G., en ekki herforingjaráðsuppdráttinn. S.G. hefir og markað hana á sinn uppdrátt, en of nærri fossinum, eins og allar þessar nyrstu búðir undir hallinum, sbr. útgáfuna í Alþst2. [...] Búðartótt þessi er mjög fornleg, hefir sennilega ekki verið notuð síðustu aldirnar. Sjálfsagt hafa allar tóttirnar undir hallinum eyðs nokkuð af vatnsrennsli ofan úr honum, og er því eðlilegt að þær sjeu nú mjög lágar og lítilmótlegar.“<sup>59</sup>

**Númer:** 2880-134

**Sérheiti:** Stiftamtmannsbúð

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397130.9 N: 419074.9

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**


**Staðhættir:** Fast vestan við Stiftamtmannsbúð (2880-037).

**Minjalýsing:** Hluti af sömu þyrpingu og Stiftamtmannsbúð (2880-037). Búðin er ein af a.m.k. þremur búðum sem byggðar eru samsíða hver annarri, stenfa NA-SV og eru kenndar við stiftamtmennt á 18. öld. Tóftin er um 3.5x8m og virðist vera með inngang í norður enda.




Mynd 109. Stiftamtmannsbúð (2880-134) merkt inn á kort

<sup>59</sup> Matthías Þórðarson 1945: 233-234

**Númer: 2880-135****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397152.5 N: 419048.7**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Fast norðan við Landfógetabúð (2880-036).**Minjalýsing:** Illgreinanleg þúst sem er um 4x8m að stærð. Veggjahæðin er ógreinanleg. Líklega er hérna um að ræða eldri búð.

Mynd 110. Búð (2880-135) merkt inn á kort

**Númer: 2880-136****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397117.8 N: 419133.3**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 30m sunnan við Lögberg (2880-046).**Minjalýsing:** Illgreinanleg þúst, möguleg búð. Það eru greinanleg fjögur veggjabrot, mögulega hefur inngangur verið á suðurenda. Þústin er u.þ.b. 5x6.5m að stærð.

Mynd 111. Búð (2880-136) merkt inn á kort

**Númer: 2880-137**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 397130.9 N: 419025.1

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Þústin er undir og í kringum búð (2880-032).

**Minjalýsing:** Illgreinanleg þústabrot innan um búðabyrpingu vestan Öxarár. Líklega eru hérna leifar einnar eða fleiri búða frá eldra búðaskeiði. Samtals er þústin um 6x16m að stærð.



Mynd 112. Þúst (2880-137) merkt inn á kort

**Númer: 2880-138**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 397110.5 N: 419005.5

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Á milli búða (2880-028) og (2880-031).

**Minjalýsing:** Illgreinanleg þústabrot á milli tveggja búða, mögulega eru hérna leifar af búð frá eldra búðaskeiði. Þústin er um 6.8x5.8m.



Mynd 113. Búð (2880-138) merkt inn á kort

**Númer: 2880-139**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397137.3 N: 419039.5

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Fast SV við búð (2880-036). Innan um búðabyrpingu vestan Öxarár.

**Minjalýsing:** Illgreinanleg tóftarbrot innan um búðatóftir vestan Öxarár. Tóftin virðist vera um 6.5x11m. Ekki er hægt að greina hvar inngangur hefur verið. Líklega er hér um að ræða búð af eldra búðaskeiði.




Mynd 114. Búð (2880-139) merkt inn á kort



**Númer: 2880-140****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397131.7 N: 419061.3**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Fast sunnan við Stiftamtmannsbúðir (2880-037), (2880-038) og (2880-134). Innan um búðabyrpingu vestan Öxarár.

**Minjalýsing:** Illgreinanleg þústabrot, líklega er hér um að ræða búð frá eldra búðaskeiði. Þústin er um 5.2x6.5m að stærð.




Mynd 115. Búð (2880-140) merkt inn á kort

**Númer: 2880-141****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397079.6 N: 418988.5**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Fast vestan við búð (2880-027) og austan við göngustíg. Innan búðabyrpingar vestan við Öxará.

**Minjalýsing:** Illgreinanleg búðabrot innan um búðabyrpinguna vestan Öxarár. Þústin er um 2x6m að stærð.



Mynd 116. Búð (2880-141) merkt inn á kort

**Númer: 2880-142**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397086.6 N: 418974.1

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Fast norðan við búð (2880-143). Innan búðabyrpingar vestan Öxarár.

**Minjalýsing:** Búðatóft, um 2.5x4m. Inngangur virðist vera á austurhlið. Veggjahæð er óræð.



Mynd 117. Búð (2880-142) merkt inn á kort

**Númer: 2880-143**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397085.6 N: 418969.6

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já


**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Fast sunnan við búð (2880-142).

Innan búðabyrpingar vestan Öxarár.


**Minjalýsing:** Búðatóft, um 3x7m. Líklega hefur inngangurinn verið á austurhlið eins og á búð (2880-142), austur veggur virðist horfinn ofan í jörðu.




Mynd 118. Búð (2880-143) merkt inn á kort

**Númer: 2880-144****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397017.5 N: 418919.6**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Fast sunnan við búð Nikulásar Magnússonar (2880-003), í suðurenda


búðabyrpingar vestan Öxarár og um 145m norðan við bílastæði.

**Minjalýsing:** Illgreinanleg tóftarbrot, um 5x12m að stærð. Líklega er hér um að ræða leifar af búð af eldra búðaskeiði sem fer undir búð Nikulásar Magnússonar (2880-003).

Mynd 119. Búð (2880-144) merkt inn á kort

**Númer: 2880-145****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397150.6 N: 418953.9**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 30m vestan við Þingvallakirkju (2880-064).**Minjalýsing:** Tóft, um 3.5x10m. Ekki eru greinanlegir veggir á tóftinni.

Mynd 120. Tóft (2880-145) merkt inn á kort

**Númer: 2880-146****Sérheiti:** Biskupsbúð**Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397161.3 N: 418965.1**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 30m NV við Þingvallakirkju (2880-064).

Mynd 121. Biskupsbúð (2880-146) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Tóft Biskupsbúða, um 5.5x15m. Virðist vera opin í NA enda. Búðin var grafin að hluta í kring um aldamótin 2000 en engin skýrsla er til um síðasta hluta rannsóknarinnar þegar stórt svæði var opnað á Biskupshólum . Í síðustu skýrslu sem finnst segir „Áður óþekktar búðir komu í ljós á öllum þessum stöðum. Ljóst er nú að á Biskupshólum og

þar í kring hefur ekki aðeins staðið ein búð, heldur mikil búðaþyrping, sem ekki sér lengur móta mikið fyrir á yfirborði nema að mjög litlu leyti. Svo virðist sem þar séu mannvirki allt frá 10.-11. öld. Elstu mannvirkin eru gerð úr voldugum veggjum með torfhleðslum og stóru grjóti. Ekki er hægt að segja frekar til um aldur eða hlutverk þessara mannvirkja, en þessi staður er vænlegur til rannsókna með uppgrefti“<sup>60</sup>


<sup>60</sup> Adolf Friðriksson 2005:51



**Númer: 2880-147****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397165.2 N: 418950.3**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Fast vestan við veginn að Þingvallakirkju (2880-064). Um 17m NV við kirkjuna.

**Minjalýsing:** Illgreinanleg tóftarbrot, um 5.5x11m að stærð. Mögulega hefur inngangur verið í SA horni.




Mynd 122. Tóft (2880-147) merkt inn á kort

**Númer: 2880-148****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397146.8 N: 418946.5**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Skógrækt

**Staðhættir:** Um 30m vestan við Þingvallakirkju (2880-064) og um 5m sunnan við tóft (2880-145).

**Minjalýsing:** Illgreinanleg tóft um 1.2x5.5m að stærð í mikilli hættu vegna skógræktar. Veggir eru ekki greinanlegir.



Mynd 123. Þúst (2880-148) merkt inn á kort



**Númer: 2880-149**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hnit ISN93:** A: 397160.9 N: 418939.3

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Mikil hættu


**Hættuorsök:** Skógræktar

**Staðhættir:** Um 18m vestan Þingvallakirkju (2880-064).


**Minjalýsing:** Illgreinanleg þústabrot vestan Þingvallakirkju (2880-064), þústin er í mikilli hættu vegna skógræktar.



Mynd 124. Þúst (2880-149) merkt inn á kort


**Númer: 2880-150****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Mannvistarleifar**Hnit ISN93:** A: 397174.6 N: 418976.0**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 30m norðan við Þingvallakirkju (2880-064).**Minjalýsing:** Uppgröftur Fornleifastofnunar Íslands ses. við svokallaða Biskupsbúð. Leifar margra mannvirkja fundust<sup>61</sup>.

Mynd 125. Mannvistarleifar (2880-150) merktar inn á kort


**Númer: 2880-151****Hlutverk:** Tröð**Tegund:** hleðsla**Hnit ISN93:** A: 397181.6 N: 418969.5**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Vestan við veginn að Þingvallakirkju (2880-064), um 30m norðan við kirkjuna.**Minjalýsing:** Óþekkt tóft um 1x8.5m að stærð, líklega hluti af tröðum sem lágu að Þingvallabæ.

Mynd 126. Tóft (2880-151) merkt inn á kort


<sup>61</sup> Adolf Friðriksson 2005:51

**Númer: 2880-152****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397175.8 N: 418967.2**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Vestan við veginn að Þingvallakirkju (2880-064), um 30m norðan við kirkjuna.**Minjalýsing:** Illgreinanlegt tóftarbrot um 1x6m að stærð, líklega er hér um veggja- eða garðbrot að ræða.


Mynd 127. Tóft (2880-152) merkt inn á kort

**Númer: 2880-153****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397162.6 N: 418958.1**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Innan um tóftir um 30m norðan við Þingvallakirkju (2880-064)**Minjalýsing:** Lítið illgreinanlegt tóftarbrot, um 1x5m að stærð.

Mynd 128. Tóft (2880-153) merkt inn á kort

**Númer: 2880-154****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397195.1 N: 418933.1**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 2m frá SA horni Þingvallakirkju (2880-064).**Minjalýsing:** Illgreinanleg þúst, um 2x4m að stærð. Mögulega er þústin opin í norður.


Mynd 129. Þúst (2880-154) merkt inn á kort

**Númer: 2880-155****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397229.0 N: 418980.3**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 4.5m vestan við hól (2880-072).**Minjalýsing:** Illgreinanleg þúst skammt frá Þingvallakirkju (2880-064). Þústin er mögulega opin í norður.

Mynd 130. Þúst (2880-155) merkt inn á kort

**Númer: 2880-156****Sérheiti:** Þorleifshaugur**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hóll**Hnit ISN93:** A: 397345.5 N: 419198.4**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Skammt vestan við Efrivallaveg, um 20m vestan við suðurenda Brennugjár.

**Minjalýsing:** Meintur Þorleifshaugur, hóll um 9x9.5m að stærð. Í nokkrum heimildum er nefndur Þorleifshólmi og sagður vera haugur Þorleifs jarlaskálds. Ekki er ljóst hvort um greftrunarstað hafi verið að ræða en haugur þessi mun hafa horfið í jarðskjálfta 1789. Matthías Þórðarson gróf í hólinn árið 1920 og fann hann minniháttar öskudrefjar og birkikol, þar voru líka illa farnar beinaleifar, leifar af silfurpeningi, járnnaclar og járnbrof. FSÍ gróf í hólinn árið 2005 og komu í ljós óreglulegar hleðslur úr torfi og grjóti og töldu þau að ólíklega væri hér um gröf að ræða en landnámsgjóskan var í í torfinu. FSÍ taldi líklegt að hér væri um búð að ræða, í henni fannst silfurþynna með hömruðu mynstri örðu megin, líklega hefur hún verið bútuð úr armbaugi úr silfri og hefur verið gangsilfur.<sup>62</sup> Hluti af hólnum var notaður í vegagerð 1907.<sup>63</sup>



Mynd 131. Þorleifshaugur (2880-156) merktur inn á kort


<sup>62</sup> Adolf Friðriksson, Howell M. Roberts, Garðar Guðmundsson, Guðrún Alda Gísladóttir, Magnús Á Sigurgeirsson & Brian Damiata, 2005, bls. 13-14

<sup>63</sup> Matthías Þórðarson, 1945, bls. 113



**Númer: 2880-157****Sérheiti:** Byrgisbúð**Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397434.6 N: 419180.9**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Efst á Spönginni.

**Minjalýsing:** Meint tóft Byrgisbúðar. Könnunarskurður var tekinn í tóftina árið 2005 og þar mátti sjá Landnámsgjóskuna í bökkum skurðarins.<sup>64</sup> Búðin er um 8x10.5m að stærð.




Mynd 132. Byrgisbúð (2880-157) merkt inn á kort

**Númer: 2880-158****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397435.7 N: 419180.4**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask


**Staðhættir:** Efst á Spönginni, undir Byrgisbúð (2880-157).

**Minjalýsing:** Tóftarbrot undir Byrgisbúð (2880-157). Brotin eru um 17x18m.



Mynd 133. Tóft (2880-158) merkt inn á kort


<sup>64</sup> Adolf Friðriksson, Howell M. Roberts, Garðar Guðmundsson, Guðrún Alda Gísladóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson & Brian Damiata, 2005, bls. 20-25

**Númer: 2880-159****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397027.0 N: 418948.3**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Fast sunnan við búð Bjarna Halldórssonar (2880-008).**Minjalýsing:** Ógreinileg dæld upp við gjárhallinn sem virðist vera leifar þingbúðar. Mögulega eru inngangar á suður og austur hlið. Þústin er um 5.5x6.5m að stærð.


Mynd 134. Búð (2880-159) merkt inn á kort

**Númer: 2880-160****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397097.2 N: 418994.0**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Efst á búðaþyrpingu vestan Öxarár.**Minjalýsing:** Þingbúð þessi er sambyggð annarri

búð, sem snúa báðar NA-SV og eru samtals um 15.5x6.5m að utanmáli. Veggir eru 40-60cm háir og veggþykkt um 2m. Inngangar eru hvor um sig á suðausturhlið og ekki er innangengt milli búðanna. Þessi búð er sú syðri og virðist hafa verið reist á undan þeirri nyrðri. Hún er um 7x5m að utanmáli og um 4x2m að innanmáli. Sigurður Guðmundsson og Björn Gunnlaugsson kalla hana Vatnsfirðingabúð – og það gerir Sigurður Vigfússon einnig – en slíkt er eingöngu ágiskun. Búðin stendur ofan á þykkur mannvistarlagi.



Mynd 135. Búð (2880-160) merkt inn á kort

**Númer: 2880-182****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397239.5 N: 419398.7**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Um 75m NA við Drekkingarhyl (2880-198).


Mynd 136. Tóft (2880-182) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Hér lýsti Matthías Þórðarson þjóðminjavörður mannvirkjaleifum 10-13m frá árbakka Öxarár „[...] og fast uppi við Hallinn. Er þar fornleg tóft eða girðing, tungumynduð og þó nær hringmynduð. Hún er að utanmáli 10m að breidd, frá norðri til suðurs, eða í sömu stefnu og Hallurinn, en 8.5m á hinn veginn, ef mælt er frá innri hleðslu við Hallinn, þar sem ytri hleðsla sést nú engin. Veggir eru um 1m að þykkt.“


Matthías gat einnig að nýlegri tóftarbrot sáust „[...] í þeim hlutanum, sem næstur er Hallinum, en suður-gaflhlað er 3m innar eða norðar en suðurveggur hinnar fornu girðingar. Dyr eru á þeirri tóft, að sjá, í norðurgafli hennar, og þar virðast dyrnar einnig hafa verið áður, á hinni hringmynduðu girðingu. Lengdin á þessari ferhyrndu tóft er því að utanmáli um 7m og breiddin er 2.70m frá innri hleðslu á vestur-hliðarvegg, hinum forna, og á ytri hleðslu á hinum, en hann er um 0.8m þykkur, svo að breiddin verður að innan 1.90m, en lengdin að innan er um 4.40m; kann hafa verið meiri, því að suðurgafli virðist hafa flatzt út og gengið inn. Þeir tveir veggir, er hlaðnir hafa verið innan-í hina fornu tóft, til þess að gera þessa ferhyrndu tóft, eru sýnilega miklu yngri.“

Minjar þessar eru teiknaðar út frá hæðamisfellum á hæðalíkani eftir lýsingum Matthíasar Þórðarsonar og lofmyndum frá 1937. Svæðið hefur þó verið sléttað, vegir og gönguleiðir lagðar og legið undir ágangi manna og náttúru.<sup>65</sup>

<sup>65</sup> Matthías Þórðarson 1945:117-118

**Númer: 2880-187****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397132.4 N: 419243.4**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Við Krossaskarð, nú er þústin undir göngupalli.**Minjalýsing:** Guðmundur Ólafsson mældi upp óljósa búð við Krossaskarð, þar sem göngupallur liggur nú yfir. Hún er merkt C á uppdrætti hans.<sup>66</sup> Þústin er um 3x6.2m að stærð.


Mynd 137. Búð (2880-187) merkt inn á kort

**Númer: 2880-188****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397130.5 N: 419240.7**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Fast sunnan við þúst (2880-187)**Minjalýsing:** Guðmundur Ólafsson mældi hér upp tóftabrot og merkti bókstafinn B við.<sup>67</sup> Þústin er illgreinanleg og stærðin gæti verið um 1x5.2m.


Mynd 138. Búð (2880-188) merkt inn á kort

<sup>66</sup> Guðmundur Ólafsson<sup>67</sup> Guðmundur Ólafsson



**Númer: 2880-189****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Dæld**Hnit ISN93:** A: 397106.9 N: 419142.6**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 3m sunnan við Snorrabúð (2880-063).**Minjalýsing:** Guðmundur Ólafsson mældi hér upp tóft, sem snýr NV-SA og með inngang á suðurgafli.<sup>68</sup> Tóftin er um 4x9.2m og er opin í suðurenda.


Mynd 139. Dæld (2880-189) merkt inn á kort

**Númer: 2880-191****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397121.6 N: 419160.9**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Mikil hættu**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Undir trépalli sunnan við meinta staðsetningu Lögbergs (2880-046).**Minjalýsing:** Mælt upp af Guðmundi Ólafssyni. Er nú að mestu undir trépalli sem byggður var um 1990. Tóftin virðist á mælingu Guðmundar vera um 3x10.5m.<sup>69</sup>

Mynd 140. Þúst (2880-191) merkt inn á kort

<sup>68</sup> Guðmundur Ólafsson<sup>69</sup> Guðmundur Ólafsson




**Númer: 2880-192****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397120.9 N: 419153.8**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Undir göngustíg að meintri staðsetningu Lögbergs (2880-046).**Minjalýsing:** Mælt upp af Guðmundi Ólafssyni. Tóftin virðist vera tvö hólfið og að syðra hólfið hafi verið opið í SV. Tóftin er um 3x4.3m að stærð.<sup>70</sup>

Mynd 141. Tóft (2880-192) merkt inn á kort


**Númer: 2880-193****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397106.9 N: 419111.1**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 23m austan við búð (2880-061).**Minjalýsing:** Mælt upp af Guðmundi Ólafssyni. Illgreinanleg þústarbrot sem virðast vera um 4x5m að stærð.

Mynd 142. Þúst (2880-193) merkt inn á kort

<sup>70</sup> Guðmundur Ólafsson

**Númer: 2880-194****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hleðsla**Hnit ISN93:** A: 397128.7 N: 419240.0**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Í Krossskarði, við NV-enda búðar Guðmundar Ketilssonar (2880-058).**Minjalýsing:** Um 7m löng hleðsla sem hefst við NV enda búðar Guðmundar Ketilssonar í Krossskarði og tekur sveig í átt að Almannagjá. Ef til vill tengist hleðslan grjóttgarðinum við Hamraskarð 80m sunnar og hafi nýst sem kró fyrir hesta.


Mynd 143. Hleðsla (2880-194) merkt inná kort

**Númer: 2880-331****Hlutverk:** Leið**Tegund:** Gata**Hnit ISN93:** A: 397230.9 N: 418831.7**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Aftan við Þingvallabæ framhjá Fjóshól er greinilegur vegur.**Minjalýsing:** Vegurinn er merktur inn á kort frá árinu 1922 og er um 135m langur.

Mynd 144. Gata (2880-331) merkt inn á kort

**Númer: 2880-344****Hlutverk:** Leið**Tegund:** Gata**Hnit ISN93:** A: 397126.3 N: 419108.8**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Beint undir Hamraskarði.**Minjalýsing:** Lítið niðurtroðinn vegur. Matthías


Þórðarson lýsti veginum: „Beint niður-undan [Hamraskarði er] gamall vegur, niðurgrafinn, litlu sunnar en hinn yngri, lagði vegur, er áður var getið.“<sup>71</sup>



Mynd 145. Gata (2880-344) merkt inn á kort

**Númer: 2880-345****Hlutverk:** Fornleifarannsókn**Tegund:** Niðurgröftur**Hnit ISN93:** A: 397435.9 N: 419182.6**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Skurðirnir voru gerðir í Byrgisbúð (2880-157).

**Minjalýsing:** Skurðir eftir uppgröft Sigurðar Vigfússonar sumarið 1880. A-V skurðirnir eru greinilegri en þeir N-S í dag.




Mynd 146. Fornleifarannsókn Sigurðar Vigfússonar (2880-345) merkt inn á kort


<sup>71</sup> Matthías Þórðarson 1945:238

**Númer: 2880-346****Hlutverk:** Fornleifarannsókn**Tegund:** Niðurgröftur**Hnit ISN93:** A: 397126.2 N: 419177.8**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Skurðirnir voru gerðir í meinta staðsetningu Lögbergs (2880-046).**Minjalýsing:** Skurðir eftir uppgröft Sigurðar

Vigfússonar fornfræðings sumarið 1880. A-V skurðurinn er mjög greinilegur en N-S skurðurinn ekki – líklegast vegna troðnings og mannaumferðar – og gæti teikning þeirra verið skökk.




Mynd 147. Fornleifarannsókn Sigurðar Vigfússonar (2880-346) merkt inn á kort

**Númer: 2880-349****Hlutverk:** Leið**Tegund:** Gata**Hnit ISN93:** A: 396950.6 N: 418945.9**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Í Almannagjá.**Minjalýsing:** Hluti af gömlu leiðinni í Almannagjá.

Mynd 148. Leið (2880-349) merkt inn á kort



**Númer: 2880-195****Sérheiti:** Almannagjá**Hlutverk:** Samkomustaður**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397031.7 N: 419064.2**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Almannagjá er ein af megingjám

Mynd 149. Almannagjá (2880-195) merkt inn á kort

Þingvalla þar sem Kárastaðastígur liggur eftir henni. Þar markast hún af Hakinu til suðurs og Drekkingarhyls til norðurs. Í lægri barmi Almannagjár eru tvö skörð sem nefnast Hamraskarð, þar sem alfaraleið lá að vestan á Þingvelli og Krossskarð sem þyrping búðatófta er að finna. Milli þessara skarða hefur Lögberg verið staðsett efst á brúninni.<sup>72</sup> Í bókinni Þingvellir. Alþingisstaðurinn forni segir Matthías Þórðarson: „Loks er Almannagjá, „gjáin er kennd við almenning.“ Í búðaskrá Sigurðar lögmanns Björnssonar frá 1700 og enn í búðaskránni frá 1735 er ekki minnzt á, að neinar búðir hafi verið í Almannagjá. Engar fornar búðarústir sjást þar heldur með vissu. Þær, sem eru þar nú, eru frá því um miðja 18.öld og frá síðari helmingi þeirrar aldar. Á gamla uppdrættinum, „Kort Afrisning“, sjást alls 11 búðir og tjöld í Almannagjá. Í ritgerð Jóns prófasts Steingrímssonar „Um búðastæði nú á Alþingi, 1783 (fskj. IV) segir m.a. „1730 voru allfáar búðir á Alþingi, en síðan hafa þær árlega fjölgað, og það í þeim stað, er þær voru ei til forna, sem er í svo-kallaðri Almannagjá, fyrir vestan og ofan Hallinn, sem fornar sögur ei um geta“, - nefnilega, að þar hafi þá verið neinar búðir. Síðan nefnir séra Jón búðir og tjöld 7 sýslumanna í gjánni. – Sömuleiðis segir Sveinn Pálsson í dagbók sinni frá 1793, 16. Júlí, að fyrir vestan Drekkingarhyl sé gjáin breiðust og fegurst, og um það leyti full af tjöldum og búðum þeirra manna, sem þá hafi komið til Alþingis.“<sup>73</sup>

<sup>72</sup> Björn Th. Björnsson. 1984. 62-64

<sup>73</sup> Matthías Þórðarson. Bls 137-138



**Minjalýsing:** Kárastaðastígur um Almannaskarð er fjölfarinn ferðamannavegur frá Haki niður að Drekkingarhyl. Þær búðir sem eru þar eru grasi og mosa grónar og liggja undir ágangi ferðamannsins.

**Númer:** 2880-196

**Sérheiti:** Prestakrókur

**Hlutverk:** Sögustaður

**Tegund:** Heimild

**Hnit ISN93:** A: 397254.3 N: 419406.5

**Ástand:** Heillegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei


**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Í bókinni Þingvöllum. Alþingisstaður-

inn Forni lýsir Matthías Þórðarson að „Austan-við gróðrarstöðina gengur vík austur í hraunið, þar sem vegurinn kemur austan-úr því. Er það svæði nú nefnt Krókur í daglegu tali. Sigurður Vigfússon nefnir það Prestakrók. Er það þó fyrir missögn eina, að það nafn hefur verið haft um þennan krók. Réttara væri að nefna hann Vallarkrók, enda kann hann að hafa heitið svo fyrrum. Prestakrókur var fyrir neðan Kastalana, þ.e. vellirnir neðri, kallaður svo af því, að prestar tjölduðu þar venjulega á 18. Öldinni og líklega fyrr. Krókurinn var sléttaður, og allt graslendið austan við gróðrastöðina árið 1927, til þess að hafa þar tjaldstæði á afmælishátíð Alþingis 1030.“<sup>74</sup>

Björn Th. Björnsson segir í Þingvellir, staðir og leiðir að: „Á flötinni milli Kastalanna og árinna höfðu Hólabiskupar tjöld sín á þingi, sem og norðanprestar, en vikið næst fossinum og brekkunni heitir Prestakrókur. Á síðari öldum tjölduðu þar einni fálkafangarar og bókseljarar frá Hólum, enda var staðurinn í alfaraleið norðan- og vestanmanna bæði á þingið og af.“ Hann segir einnig að „Í ritgerð sinnu um alþingisstaðinn forna á Þingvöllum í Árbók hins ízlenska fornleifafélags 1880-1881 kom Sigurður Vigfússon fornmenjavörður þeim misskilningu á kreik, að Prestakrókur væri



Mynd 150. Prestakrókur (2880-195) merktur inn á kort

<sup>74</sup> Matthías Þórðarson, 1945, bls. 103

vallgróna hraunvikið beint austur frá Furulundinum og næst taglinu á Flosagjá. Vik þetta hefur lengst af verið nefnt Vallakrökur. Þó má vera að hann eigi við grasvik undir hraunhól nokkru sunnar og vestar, sem hefur á síðari tímum verið nefnt Árnesingakrökur. Var það enda eðlilegur áningastaður Árnesinga sem fóru um Lyngdalsheiði og Gjábakkaveg um Skógarkot á Reykjavíkurlíð, eða austur þá leið. Óvíða er þar annarstaðar sæmilegt tjaldstæði eða beit hestum á nálægum slóðum. Það gefur hinsvegar auga leið, að á þessum stað hefðu norðanprestar verið óþarflega og óþægilega langt frá þingstaðnum og úr þinghelgi.“<sup>75</sup>

**Minjalýsing:** Búð Hólabiskups er merkt á þessum slóðum í uppdrætti af Alþingisstaðnum frá um 1789.

Þetta svæði varð fyrir töluverðu raski á 20. öld, helst vegna vegagerðar 1907 og túnasléttunar fyrir Alþingishátíðina 1930.<sup>76</sup>

**Númer: 2880-197**

**Sérheiti:** Fangabrekka

**Hlutverk:** Samkomustaður

**Tegund:** Náttúruminjar

**Hnit ISN93:** A: 397271.5 N: 419500.1

**Ástand:** Heillegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já


**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Fangabrekka er staðsett í hallanum á

neðri gjábarmi Almannagjár. Þar sátu menn og fylgdust með glímu og öðrum leikjum (Örnefnaskrá, bls 7). Matthías Þórðarson lýsir frásögum Sigurðar Guðmundssonar um Fangabrekku í Árbók hins íslenska fornleifafelags frá 1921-1922, þar segir hann:

„S. G. [Sigurður Guðmundsson] setur nafnið »Fangabrekka« austast á vellina, við hraunið nær miðju, ætlar að hún hafi verið þar. Þar er þó ekkert það við landslagið, sem virðist geta gefið tilefni til slíkrar ágizkanar; sbr. Alþst. bls. 21. Vellirnir eru hjer fremur rakir



Mynd 151. Fangabrekka (2880-197) merkt inn á kort

<sup>75</sup> Björn Th. Björnsson, 1984, bls. 11

<sup>76</sup> Kort afrísing over Laughingets Situation 1789

oftast og ósljettir, allmikið um rotur og flög í þeim, móakendir nokkuð og grýttir. Alls engra raannvirkja er hjer vart, en akvegurinn, sem gerður var 1907, er hjer yfir vellina litlu sunnar. — Harla ólíklegur virðist þessi staður til þess að hjer hafi verið Fangabrekka. — S. G. segir að hún muni varla hafa getað verið að vestanverðu á völlum. — Þar sem kvíslast vegirnir að vestanverðu er bungumynduð grund austur frá hallinum. Hún er nú skorin sundur í geira af vegunum og skemd af jarðföllum, en áður hefir hún verið sljett og fögur. Hjer þykir mjer líklegast að Fangabrekka hafi verið. Hallinn er víða mjög líttill á þessari grund og hefir ekki komið að sök við fangbrögðin, en verið þó svo mikill i heild sinni að þetta hefir þótt mega heita brekka. Á þennan stað, er jeg ætla að verið hafi Fangabrekka, hefir S. G. ritað nöfn allra fjórðungsdómanna, ætlar að þeir hafi setið þar hver fyrir sig þau skifti, er hann ákveður nánar, sbr. skrána með uppdrættinum í Alþst. — Að vísu er ekkert því til fyrirstöðu í sjálfu sjer, að fjórðungedómarnir hafi verið látnir sitja í Fangabrekku, en hvergi er þess getið samt, að þeir hafi nokkuru sinni verið settir þar. — Mönnum kemur saman um að þeir hafi ekki setið vestan ár, heldur uppi á völlum norður frá ánni, enda er það ekki ólíklegt Tvent virðist mjer þó komi til athugunar í þessu sambandi, hvort samrímt verði setu tveggja dóma á þesaum völlum, síns í hvort sinnið og með hundrað ára millibili. Annað eru orð Marðar Valgarðssonar að Austfirðingadómi á brennumálapinginu, þar sem hann býður búum »til setu vestr á árbakka\* og talar um kvið þann er hann hefir >saman settan vestr á árbakka«.77 Björn Th. Björnsson segir í Þingvellir, staðir og leiðir að „Gjárdhallurinn vestur frá Kastölunum, sem vegurinn upp í Almannagjá sker nú, heitir Fangabrekka (einnig kölluð Fangabrekka), og er hún nefnd í fornsögum, Víga-Glúms og Möðruvellinga. Tekur nafnið til þess, að þar í brekkunni hafi menn setið og horft á glímur – eða föng – sem háð voru á sléttum vellinum fyrir neðan. Hefur hér verið ákjósanlegur staður til slíkra leika, yzt á mörkum þinghelgarinnar og með góðri yfirsýn fyrir áhorfendur, en undir Almannagjárdhalli hefur vísast hvergi gefizt rúm til slíks, bæði vegna búðanna og nauðsýnlegra mannaferða um þingstaðinn.“78

---

77 Matthías Þórðarson, 1921-22, bls. 63-64


78 Björn Th. Björnsson, 1984, bls. 11

**Númer: 2880-198****Sérheiti:** Drekkingarhylur**Hlutverk:** Aftökustaður**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397159.9 N: 419345.8**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Drekkingarhylur er staðsettur rétt

norðan við búðabyrpinguna. Þar var áður allhár foss en ekki flúð eins og er nú. Þar hafi fosshafið verið sprengt burt og steinsteypubrú komið fyrir árið 1911. Þar sem áður var djúpur hylur er nú grunnur pollur.<sup>79</sup>

Drekkingahylur er einn af fjórum aftökustöðum þingstaðarins og dregur hann nafn sitt af hegningu kvenna sem dæmdar höfðu verið til lífláts af lögréttu.<sup>80</sup>

Matthías Þórðarson segir frá Drekkingahyl í Þingvellir, Alþingisstaðurinn forni að „Loks er 4.staðurinn, þar sem sakamenn voru líflátnir á Alþingis-staðnum, sakakonum drekkt; er ekki neinn vafi á, hvar hann er fremur en því, hvar hinir þrír eru, nefnilega Drekkingarhylur í Öxará, hylurinn ofan-við neðri fossinn, uppi í Almannagjá; sbr. meðf. uppdrátt frá 1929 og eldri uppdrætti. Sveinn Pálsson getur um þennan hyl í ánni, án þess þí að nafngreina hann: „Strax her vesten for styrter Öxeraaen ned i gjauen, og efter at flyde et Stykke vei langs samme, skiærer [den] sig giennem dens søndre væg, her ovenfor dannes som et Svælg, som delinquentider forhen bleve drugnede udi.“ Og i „Kort Underretning om Althinget“ segir: „Lige overfor dette Vandfald er paa den søndre Side et dybt Svælg oppe i Kløvten, under en fremragende Klippespids; der blev de Fruentimmere, som skulde druknes, kastede fra bemeldte Klippe i en Sæk og druknede i Svælget, og derefter jordede i Kløvten.“ Kemur þetta heim við það, sem Sigurður Guðmundsson segir í ritinu „Alþingisstaður hinn forni“, bls 56: „Á seinni öldum var sakakvenfólki drekkt í þessum sama hyl, þeim [kvenmönnum], er höfðu átt börn í meinum eður borið út börn



Mynd 152. Drekkingarhylur merkt inn á (2880-198)

<sup>79</sup> Björn Th. Björnsson, 1984, bls. 72-73

<sup>80</sup> Matthías Þórðarson, 1945, bls. 122

sín eður á annan hátt fyrirgert lífi sínu. Þær voru setta í poka og síðan stjalkað út í hylinn; það sagði mér gömul kona fyrir norðan, Guðrún Þorkelsdóttir á Hofstöðum í Skagafirði, en hún hafði eftir föður sínum, ef eg man rétt.“ Ekki er bent á neinn legstað nálægt Drekkingarhyl. Hefur verið jafnað yfir þá að líkindum.“ Í bókinni Þingvellir, staðir og leiðir eftir Björn Th. Björnsson segir að: „Áður var þetta djúpur hylur, eða svelgur betur sagt, með þröngu klettahafti og þó nokkrum fossi niður af. Upp af þessum djúpa hylu voru þær ógæfusömu konur áður leiddar sem miskunnað höfðu sig yfir holdsins óþreyju eða verið bornar ofurliði í vetrardimmri baðstofu. Þær voru leiddar fram á klettabríkina austanvert við hylinn, sem slútti þá fram yfir hann, troðið þar með valdi í poka, bundið fyrir og síðan hrint fram af. Ekki er vitað hvað þær voru látnar velkjast þar lengi áður en þær voru krakaðar upp og engum sögum fer af því að höfðingjum hafi neitt klígað við drykkjarvatninu hið neðra.“<sup>81</sup>

**Númer: 2880-199**

**Sérheiti:** Lögrétta

**Hlutverk:** Lögrétta

**Tegund:** Heimild

**Hnit ISN93:** A: 397302.3 N: 419206.2

**Ástand:** Ekki sést til fornleifa

**Horfin:** Já (vegna vatnsrofs)


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rof

**Staðhættir:** Sagt er að lögrétta hafi verið á þremur

stöðum á Þingvöllum, þ.e. á Spönginni, á Öxarárhólma og í Hallinum. Fyrir 13.öld hefur lögréttan verið á Spönginni og verið flutt þaðan yfir á Öxarárhólma á 15.öld og árið 1594 var lögréttan flutt með konungsleyfi vestur fyrir Öxará og sett í hraunið undir Hallinum.<sup>82</sup> Kristian Kålund nefnir í Íslenskir sögustaðir að: „Þess er getið í samtíma svæði hvernig Ari smánaði danska hirðstjórnann, en hann þorði ekki að hefna sín, því að hálf fjórða hundrað vopnaðra manna „stóð á eyrinni fyrir ofan“. Nokkrum árum eftir þennan atuburð



Mynd 153. Lögrétta (2880-199) merkt inn á kort

<sup>81</sup> Matthías Þórðarson, 1945, bls. 55

<sup>82</sup> Sigrún Helgadóttir, 2011, bls. 54



(1563) var veitt leyfi til að flytja lögrétta á hentugri stað, því að sá staður sem hann hafði áður staðið á í Öxarárhólma, var nú að mestu eyðilagður af vatnságangi frá Öxará. Þessi flutningur átti sér stað árið 1600 samkvæmt búðalýsingunni frá 1700, og var lögrétta þá flutt vestur yfir ána, þar sem síðar var reist lögréttuhús á landræmuni mjóu milli hallsins austur af Almannagjá og árinna – Lögrétta var undir berum himni til loka 17.aldar, síðan var gerð þar tóft til funda lögréttu, svipuð og venjuleg búðartóft, og að lokum kom í staðinn fyrir hana timburhús.<sup>83</sup>

Matthías Þórðarson lýsir í Þingvellir, Alþingisstaðurinn forni frásögn um lögréttuna á Hallinum þar sem var kallað Kristna-Lögberg: „Orð hans [þá Jón Ólafssonar frá Grunnavík] í Lex. Isl.-Lat. eru þannig: „Eg meina lögberg hið forna hafi verið skammt fyrir norðan Snorrabúð, þar á því hallandi bergi við eystri gjávarminn, því þar fann eg circa 1724 ferkantaðan hraunsteina, setta í hálfhring. Þeir voru allir mátulega stórir til að sitja á. Af þeim gerðum við, sem þá vorum með Páli lögmanni Vídalín, stillur yfir ána, af lögréttueyrinni yfir á hólmann. Á þeim get eg þeir hafi setið, lögréttumennirnir.“ – Í Contactimus segir hann líkt frá: „Hún (þ.e. lögrétta) meina eg til forna verið hafi á eystri gjábarminum, skammt fyrir utan Snorrabúð, fáa faðma norðar; því ao. 1724, circiter, þá vér komum með Páli lögmanni Vídalín til laga-conferenzen, scil. viku fyrir Alþing, eður þann 8.Julii, sem þá tíðkaðist, fann eg þar ferkantaða hraunsteina á berginu, mátulega til að stíja á, og voru flestir grasi vaxnir; þá tókum við uoo, veltum niður af Hallinum og gerðum stillur af við eyrarendann sunnanverðan, fyrir neðan lögréttuna, so ganga mátti þurruum fótum, fyrst yfir á Fógetahólmann, og síðan settum við eins stigsteina þaðan yfir kvíslina, so ganga mátti heim að Þingvöllum þurruum fótum, og þurfti ei hest; en þó álpuðu(st) sumir af ógætni, vanstillingu eður drykkskap stundum út af þeim. Þar hygg eg heitið hafi Lögberg til forna.“ – Enn fremur segir hann: „Þessir ferskeyttu hraunsteinar stóðu so sem í hálfhring á gjábarminum, eins og hrúnið hefði af vetari hluta hringsins inn í gjána. Þeir voru allir ferkantaðir hraunsteinar, eins og tilhöggðir, og mátulegir að sitja á, sem aðrir stólar.“ Þótt ánægjulegt sé að hafa nú þessa lýsingu Jóns frá Grunnavík af því, hversu umhorfs var þarna á Lögbergi fyrir rúmum tveim öldum, hlýtur mönnum að sárna við hann og félag hans – og ekki síður við húsbónda hans - , að þeir skyldu verða til þess,

---

<sup>83</sup> Kristian Kålund, 1984, bls. 90-91

að spilla þessum helgustu fornleifum landsins. – Steinarnir eru nú auðvitað allir horfnir, sokknir í sand og möl í ánni og á eyrum, og verða vandfundnir aftur með vissu.“<sup>84</sup>

Björn Th. Björnsson segir í bókinni Þingvellir, staðir og leiðir segir:

„Hin meginstofnun Alþingis var lögréttan. Svo sem nafnið ber með sér, var hún löggjafarstofnun; þar voru lög sett og rétt. Um leið var hún æðsti dómstóllinn, ofar fjórðungsdómum og fimmtardómi, og skar úr ágreiningi um rétta lagatúlkun. Ólíkt Lögbergi var lögréttan lokuð stofnun í þeim skilningi, að þar áttu aðeins ákveðnir menn setu með fullum réttindum, og hún hafði eigin sjóð, svonefnt lögréttufé, sem gazt af ýmiskonar leyfisgjöldum. Hinsvegar voru öll störf hennar opin til áheyrnar þingheimi.“<sup>85</sup>

„Lögréttu var þannig komið fyrir, að hún var stór hringur með þremur bekkjaröðum með pöllum, hverjum innan við annan. Á miðpallinum, þ.e. í miðhringnum, sátu lögréttumennirnir sjálfir, svonefndir miðpallsmenn, og biskupar báðir, en meðráðsmenn hvers á pallinum fyrir aftan og framan. Umfang Lögréttu má marka af því, að í innsta hringnum sátu 48 menn, en innan hans var einn hringur eða pallur, svonefndur dómhringur eða Lögréttan sjálf. Í þjóðveldissögum kemur þessi skipan glöggt fram af orðalaginu, þar sem segir: „þar skulu pallar 3 vera umhverfis lögréttu, svo víðir, að rúmlega megi sitja á hverjum þeirra fernar tylftir manna“, og enn um þá sem eiga aðild að dómnum, að „þeir eiga að rísa úr dómnum og sitja í dómhring innan meðan um sök þeirra er dæmt“.<sup>86</sup> Í gegnum tíðina hafa fræðimenn mikið deilt um staðsetningu hinnar fornu Lögréttu. Þ.e. hvort hún hafi verið staðsett á Spönginni eða í Hallinum fyrir vestan árinna.

Í Þingvöllum, Alþingisstaðurinn forni segir Matthías Þórðarson frá Lögréttuspöng að;

„Í ritum frá fornöld og síðari öldum, allt fram til loka 17. aldar, er alls ekki neitt, sem bendir til þess, að Lögberg eða lögrétta hafi nokkru sinni verið á Spönginni. Hins vegar benda orð séra Arngríms Jónssonar lærða á bls 5-6 í riti hans „Specimen Islandiæ“ o.s. frv., [...] að Lögberg hafi ekki verið austan ár, heldur vestan: „Fyrrum var þessi sami samkomustaður einnig nefndur Lögberg, svo sem laganna berg, þ.e. helgað uppsögn laganna. Því að enn í dag, eing og forðum, eru hin árlegu þing landsmanna haldin við berg nokkurt eða bergsbrekku,“ o.s. frv., og lýsir hann síðan eystri bakka Almannagjár og henni. Það er fyrst í búðarskipun Sigurðar Lögmanns Björnssonar frá 1700, að sú skoðun

<sup>84</sup> Matthías Þórðarson, 1945, bls. 157-158

<sup>85</sup> Björn Th. Björnsson, 1984, bls. 26

<sup>86</sup> Björn Th. Björnsson, 1984, bls. 26

stingur upp höfðinu, að lögberg hafi verið á Spönginni. Segir þar, að búið Guðmundar ríka hafi áður verið austan ár, „austur undan Þorleifshólma, skammt frá því gamla Lögbergi, sem millum gjánna var og einstigið að“. Það er nú ekki fyllilega ljóst, á hverju höfundurinn hefur byggt þessar fullyrðingar sínar eða órökstuddu skoðun. Nokkur bending kemur þó óbeinlínis fram í ummælum Jóns Ólafssonar frá Grunnavík í riti, sem hann nefndi „Contractismus“ (hrs. Árna Magnússonar nr. 979 a, 4to, bls. 246), þar sem hann heldur fram þeirri skoðun að lögrétta hafi verið á eystri barmi Almannagjár og að þar hafi heitið Lögberg til forna, en að þeirra meining sé „án efa órétt, er þykjast vilja skilja af Njálssögu, að lögréttan hafi verið fyrir austan ána.“ Búðarskipun Sigurðar lögmanns er aðallega um þær búðir, sem getið er í Njálssögu eða boru á Þingvelli í byrjun 11. Aldar. Lögrétta álitu bæði hann og aðrir, og sömuleiðis Jón Ólafsson, hafa verið á lögbergi. Nú hefur Sigurður lögmaður og fleiri, sem hafa verið kunnugir Njálssögu, skilið það rétt, að lögrétta var þá, þegar sagan gerðist, austan Öxarár, og ályktað þá af því, að lögberg hljóti þá jafnframt að hafa verið austan ár. Milli árinna og Flosagjár var enginn staður, sem gaf neina ákveðna bendingu um að lögrétta eða lögberg hafði verið þar, en austur á Spönginni var hin fornahringmyndaða girðing eða rúst og hún stóð á bergi, á einkennilegum stað, sem var einnig þannig af náttúrunnar hendi, að einstigi var að, og auðvelt gat því verið að verja hann fyrir ólöglegum átroðningi. Hér hefur Sigurður lögmanni þótt sýnt, að það gamla lögberg hafi verið, millum gjánna. Þeir Jón höfðu báðir að miklu leyti rétt fyrir sér, Sigurður í því, að lögréttan hefði í fornöld verið austan ár, en Jón í því, að lögberg hefði verið einmitt þar sem hann sagði á eystri barmi Almannagjár.<sup>87</sup>

Árið 1880 gerði Sigurður Vigfússon rannsóknir á Lögréttuspöng á Þingvöllum verður þetta að teljast meðal fyrstu fornleifarannsóknnum á Þingvöllum. Hann lýsir uppgrefti sínum á hinni fornu lögrétta eftirfarandi:

„Eg lét grafa þar skurð (í stefnu langsetis eftir Lögbergi), þvert í gegnum hringinn og tóttina alt niðr að berginu sjálfu, og annan skurð í gagnstæða stefnu á sama hátt alveg niðr að berginu; einungis skildi eg eftir tvö litil höft ógráfin í miðri tóttinni, sem öldungis var ástæðulaust að grafa sundr, þar áður hafði verið með hinum skurðinum grafið þvert í gegnum sjálfa miðju tóttarinnar. Þar sem skurðurinn er sýpstr, er hann 3 álnir á dýpt, þar sem tóttarveggrinn er hæstr; síðan grynnast skurðirnir allir út að rönd hringsins, þvíáð

---

<sup>87</sup> Björn Th. Björnsson, 1984, bls. 109-110

hæst er þetta mannvirki í miðjunni, eins og áður er sagt. Hin fyrsta vissa, er fæst við gröftinn á Lögbergi, er sú, að þar hefir aldrei staðið nokkur fornmannaþúð eða nein vveruleg stór bygging, því að ekki sjást þar nema nokkrir steinar saman, og það á stangli, sem hefði getað verið hleðslusteinar undir nokkrum beinum vegg. Aðaleinkenni á þessu mannvirki er það, að þar sem flestir finnast steinarnir, er í fyrstu pálstungu, og svo mold fyrir neðan, og sýnist grjótinu dreift út með moldinni til uppfyllingar mest á yfirborðinu; sum staðar sjást engir steinar, og er mold alveg niðr í gegn, enn einungis vóru steinar á stangli í moldinni annaðhvort ofarlega eða neðarlega. Um annað verulegt grjót, er lagt gæti verið í nokkra vissa röð, nema sums staðar hryggr af smágrjóti undir hringröndinni yztu; þessi grjóthryggr kom í ljós í teimr af hinum nefndu skurðum, enda líka, enn óljósara, í hinum þriðja, þar sem þeir skera umrönd (periferíu) hringsins, og fyrir líkum grjóthrygg vottar bili innar á tveimur skurðanna, og gæti sá hryggr hugsagt að liggja undir öðrum hring innan í hinum, er hefði styttra spöl (radius); jafnvel innar kynni að sýnast votta sums staðar fyrir grjóthrygg (hring?). Önnur aðalástæða fyrir því, að engin stórkostleg fornþúð eða bygging hafi getað verið á Lögbergi í fornöld, er sú, að þvermál hringsins er, eins og áður er sagt, 60 fet, enn fyrir utan hringinn, bæði fyrir ofan og neðan, er eggslétt flöt á sléttu bergi, og jarðvegur að eins 3-5 þumlungar að meðaltali. Þannig er mannvirkið glögglega takmarkað að stærð, og lögunin er eins og áður er sagt og nákvæmlega mæld nokkurn veginn glögg hringmynduð upphækkun með lítilli tótt innan í og með 3-1 álnar þykkum jarðvegi; hlýtr það því að vera ljóst, hve ólíkt þettaa hringlagaða mannvirki er þúðum þei, er ég gróf upp á Þingvölli. Enn hins vegar getr engum dulizt, að þessi þykkva upphækkun á jarðvegslitlu bergi er bersýnilegt mannvirki, enda fanst þar hlutr úr járnri I ½ alin í jörðu niðri. Járn þetta er að lengd nær tveim þumlungum, flatt, með víðu gati í öðrum enda, enn á hinum endanum er tigulmyndaðr spaði. Þess skal getið, að moldin í tóttinni að innan var svo föst, að eflidr maðr gat trauðlega stungið beittum stálstaf lengra enn ½ alin niðr, enn moldin í hringnum var miklu lausari fyrir. Tóttin hefir öll þau einkenni, að hún sé síðar byggð og standi ekki í sambandi við hringinn, þar sem hún ekki er byggð í miðju (centrum) hans, og hefir yfir höfuð öll önnur einkenni enn hann. Botninn á Lögbergi undir mannvirkinu sýnist vera lægstr í miðjunni; kemr það mest af því, að barmrinn að vestan hefr sig upp og hallar inn að. Neðan til í miðri þessari upphækkun hér um bil eina alin 18-12 þumlunga frá berginu, eftir því sem bergið er slétt eða óslétt, sést móta fyrir þunnu svöru plöntulagi. Ofan á því er ljós vottr um ösku og líka viðarkol, einkanlega á einum stað, enda víðar; plöntulagið

svarta má rekja víðast hvar. Af þessu er það ljóst, að þessi upphækkun á Lögbergi eða mannvirki skiftist í tvö tímabil, hið yngra og hið eldra, því eldra lagið, sem undir er, hefir verið orðið plöntu- og grasi- vaxið, þegar tóttin og meiri upphækkun var gjörð; gæti mannvirkið líka hafa tekið fleiri breytingum síðar. Tóttin er líklega lítil búðartótt frá einni tímum(?), og Lögréttan síðan verið höfð þar, eins og munnmælin benda á að Lögberg hefir stundum verið kallað Lögréttuspöng á seinni tímum. Stærðin á tóttinni er lík því, sem Lögréttan var á síðustu tímum fyrir vestan ána niðr undan hleðslunni á gjábarminum, því að hún sést þar glögt innan í gamalli búð miðri, sem í munnmælum er eignuð Þorgeiri Ljósvetningagoða, þar var Lögréttan síðast um 1800, er alþingi lagðist niðr. Í þremur örmum á skurðunum sést hleðsla yzt eða grjót, eins og áður segir, enda er innar sem tveir eða þrír hringir úr grjóti, hver innan í öðrum, niðr við bergið og í miðjunni sem væri lítið afgirt rúm með steinum á berginu (?), enn ekkert verður sagt um þetta með frekari vissu. Upphækkunin öll er á einum stað í tóttarveggnum, þar sem hann er hæstr. nær þrjár álnir, víða tvær álnir, 1 ½ alin; 1 alin, ¾ alin, og á einum stað ½ alin, þar sem lægst er út við hringröndna. Engum getr dulizt, að mannvirki þetta eða hringr eða upphækkun hefir upphaflega verið gerð í einhverjum vissum tilgangi, þar sem bilið er látið vera alt þeim megin, sem öruggara er að ganga, rétt eins og það hefði augnamiðið, enn að austan nær hringurinn út á blábrún, enda sýnist hafa hrunið úr honum út í gjána? Þetta eru aðaleinkenni þessa mannvirkis.“<sup>88</sup>

**Númer:** 2880-200

**Sérheiti:** Öxarárhólmi

**Hlutverk:** Sögustaður

**Tegund:** Náttúruminjar


**Hnit ISN93:** A: 397236.6 N: 419151.9

**Ástand:** Heillegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Hætta



<sup>88</sup> Sigurður Vigfússon, 1880-1881, bls. 11-13




**Hættuorsök: Rof****Staðhættir:** Þingvellir, Staðir og leiðir segir Bjarni*Mynd 154. Öxarárhólmi (2880-200) merktur inn á kort*

Th. Björnsson um Öxarárhólma að: „Þar sem Öxará

hefur svo mjög brotið landið þar sem Lögrétta hin forna stóð og sífelld skipt um farvegi hafa nöfnin á hinum ýmsu hólum farið mjög á flot, en smáhólmar ýmist horfið eða myndast. Um þrjá hina stærstu virðist þó engum vafa dreifa: þeir hafa öldum saman staðizt ána, þótt hún hafi sjálfsagt sleikt þá á ýmsan veg. Stærstur þeirra er Öxarárhólmi, sem er framundan og meðfram Hallinum. Á honum voru fyrrum búðir, svo sem stifamtmannsbúðin stóra, enda er þar hvergi djúpt á hleðslur þegar til er stungið. Annar hólminn er austan meginárinnar, norður við krikann hjá Völlunum neðri, eða betur sagt var, því nú er hann oftast landfastur, nema þeim meira sé í ánni. Heitir sá Þorleifshólmi og sagður kenndur við haug Þorleifs jarlsskálds, sem drepinn var á þinginu fyrir gerningar Noregskonungs.“ (bls 47) Kristian Kålund nefnir í Íslenskir sögustaðir að: „Sé litið svo á, að haugur Þorleifs hafi verið í Öxarárhólma, hlýtur einnig lögréttan að hafa verið í hólmaun þegar þáttur Þorleifs jarlsskálds var skráður, þ.e. á 14. öld. Þetta er ekki heldur á neinn hátt ósennilegt; lögrétta var í Öxarárhólma á 16.öld og hafði þá sýnilega verið þar lengi. Væri jagnvel sennilegast að ætla að lögrétta hafi verið flutt á annan stað, ef sú staðreynd mælti ekki á móti, að engar sögur, skráðar á síðari helmingi 13.aldar bendi til, að lögrétta hafi á Þjóðveldisöld verið á öðrum stað en þá. Espólín (Ísl. árb. III 2, 53) getur um hina miklu baráttu Jóns biskups Arasonar gegn tilkomu siðskipta á Íslandi. Hann skýrir svo frá, að lögrétta hafi verið í Öxarárhólma árið 1549, þegar biskup ásamt tveimur sonum sínum með 3-400 manna liðsstyrk réðu einir öllu á Alþingi. Þess er getið í samtíma svæði hvernig Ari smánaði danska hirðstjórnann, en hann þorði ekki að hefna sín, því að hálf fjórða hundrað vopnaðra manna „stóð á eyrinni fyrir ofan“.<sup>89</sup>

---

<sup>89</sup> Björn Th. Björnsson, 1984, bls. 90-91

**Númer: 2880-201****Sérheiti:** Þorleifshólmi**Hlutverk:** Sögustaður**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397307.4 N: 419266.6**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rof**Staðhættir:** Í Þingvellir, Staðir og leiðir segir

Mynd 155. Þorleifshólmi (2880-201) merktur inn á kort

Bjarni Th. Björnsson um Öxarárhólma að: „Þar sem Öxará hefur svo mjög brotið landið þar sem Lögrétta hin forna stóð og sífellt skipt um farvegi hafa nöfnin á hinum ýmsu hólum farið mjög á flot, en smáhólmur ýmist horfið eða myndast. Um þrjá hina stærstu virðist þó engum vafa dreifa: þeir hafa öldum saman staðizt ána, þótt hún hafi sjálfsgat sleikt þá á ýmsan veg. Stærstur þeirra er Öxarárhólmi, sem er framundan og meðfram Hallinum. Á honum voru fyrrum búðir, svo sem stifamtmannsbúðin stóra, enda er þar hvergi djúpt á hleðslur þegar til er stungið. Annar hólminn er austan meginárinnar, norður við krikann hjá Völlunum neðri, eða betur sagt var, því nú er hann oftast landfastur, nema þeim meira sé í ánni. Heitir sá Þorleifshólmi og sagður kenndur við haug Þorleifs jarlsskálds, sem drepinn var á þinginu fyrir gerningar Noregskonungs. [...] Þorleifshólmi er rétt norðan við stæði lögréttunnar fornu, svo sem fram kemur í Þorleifspætti jarlaskálds sem skráður er á 14. Öld, en þar segir að „haugur hans stendur norðan Lögréttu, og sést hann enn.“ Yngri heimildir staðfesta svo það, að þar hafi höggstokkurinn staðið, og líklega syðst á eyrinni. Í Ferðabók sinni segja þeir Eggert og Bjarni að „Thorlevsholm i Öxeraaen er det Sted hvor Misdædere rettes“, sá staður þar sem sakamenn eru teknir af lífi. Haft var eftir heimamanni í Þingvallastein (Kristjáni Magnússyni hreppstjóra í Skógarkoti) að höggstokkurinn hafi fram undir aldamótin 1800 staðið á Þorleifshólma, en þá horfið í einhverjum vatnavexti árinna. Hér fer því fátt milli mála um að Höggstokkseyri sé á Þorleifshólma, og sennilega á honum syðst, nokkru fyrir

neðan núverandi gönguslóða sem liggur af bílveginum við Brennugjá og yfir í Prestakrók.“<sup>90</sup>

Kristian Kålund nefnir í Íslenskir sögustaðir að: „Þorleifshólmi er sem sé nefndur í Ferðabók Eggerts Ólafssonar á 1031 bls. og sé hann sá staður á Alþingi, þar sem sakamenn voru teknir af lífi, og á 1032. bls. segir, að á þessum hólma sé haugur Þorleifs jarlsskálds og hafi merki hans sézt til skamms tíma, áin hafi þó smám saman skolað burt meiru og meiru, þó hafi fundizt þar bútar úr járn og messing. Sjá má af dagbókum Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá Íslandsferðum þeirra, sem að nokkru eru geymdar í skjalasafni Hins íslenska bókmenntafélags, að frumdrög að þessum athugasendum eru rituð 1756 og reist á athugunum þeirra í heimsón á þingstaðinn 1750. Eftir að syðri hluta Árnassýslu hefur verið lýst (í ferð sumarið 1756), er þess sem sé getið, að einnig á nyrðri hlutanum eru „ýmsir allsérkennilegir merkishlutir, sem við höfum áður og af eigin forvitni og af ásettu ráði skoðað árið 1750, þegar við einkum þess vegna fórum til Íslands frá Kaupmannahöfn; og ef svo færi, að við kæmumst ekki aftur til að skoða þetta landsvæði, viðjum við skrá og skýra frá hinu merkilegasta sem þar er að finna og við höfum séð með eigin augum. [...] Um Þingvallasveit er tekið fram, að hún sé merkileg vegna Alþingis þar rennur Öxará þvert í gegn, og þar fæst silungur og er auk þess merkileg vegna Þorleifshólma fast við Alþingið í miðri ánni, þar sem afbrotamenn voru teknir af lífi; þar sjást enn í dag leifar af haugi Þorleifs jarlsskálds, sem var drepinn hér af trémanni (að því er sagan segir), sem fjandinn hafi hlaupið í og Hákon jarl ríki hafi magnað . . . Nú hefur Öxará rifið burt mestan hluta hólmanns, og við það fundust fyrrum nokkrar (fyrst skrifað: ýmsar) fornaldaminjar. [...] Þar að auki styðst umsögn Eggerts af síðari frásögn um haug Þorleifs frá Páli Þorlákssyni presti á Þingvöllum hann tók við kallinu 1780 og skrifar í fonminjaskýrslu sinni 1817: „fyrir jarðskjálftann sem varð árið 1789 sást haugur Þorleifs jarlsskálds á hólma þeim í Öxará á Þingvöllum þar sem hann var drepinn og enn í far er við hann kenndur og kallaður Þorleifshólmi; en í áðurnefndum jarðskjálfta opnaðist gjá gegnum hólmann, sem nam burt hauginn, svo að nú sést ekkert eftir honum,“<sup>91</sup>

---

<sup>90</sup> Björn Th. Björnsson, 1984, bls. 47-48

<sup>91</sup> Kristian Kålund, 1984, bls. 89-90


**Númer: 2880-202****Sérheiti:** Hirðstjórabúð**Hlutverk:** Búð**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397229.6 N: 419140.7**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já (Vegna rasks)**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Matthías Þórðarson segir í Árbók hins

Íslenska fornleifafélags frá 1921-1922 að;

„Svo segir Jón prófastur Halldórsson í Hirðstjóra-anndH: »Anno 1691 aflagðist að tjalda um alþing hirðstjórabúðina í Öxarár-hólma, en amtmaður og landfógeti Heedemann ljetu hlaða veggj að búðum sínum fyrir vestan á og yfirtjalda þar (rjettara: þær?) með vaðmálum, sem enn nu2 við helzt.\* — Jón var heyrari við Skálholts-skóla þetta ár, 1691, og hefir líklega komið á alþing þetta sumar; víst er frásögn hans óyggjandi.“<sup>92</sup>

Einnig segir hann frá í Árbókinni frá 1941-1942 að

„Sigurður Björnsson lögmaður segir í lok hinnar alkunnu ritgerðar sinnar, »Alþings catastasis eftir sögn fyrri manna«, sem hann skrifaði árið 17001 ): «Wm tid Þordar Oudmundssonar og Jons Jonssonar Lögmanna 1577: var Lógrjettan færð í Þorgeirs Liösvetninga Goda budartopt, austan af Hölmanum sem Hirdstjóra bud ádur stöd og kalladur er KagaHölme«. En í byrjun ritgerðarinnar stendur: »Þar sem nu lógrjettan stendur Ao 1700 var bud Þorgeirs Ljösvetninga Goda«. Lögrjettan var eftir þessum orðum Sigurðar lögmans á sama stað árið 1700, sem hún var færð á árið 1577 af hólma í ánni, er kallaðist Kagahólmi; og á þessum stað var hún upp frá því, unz alþingishald á Þingvelli var lagt niður. Nú er gætandi að því, hvar sá hólmi var, sem hirðstjórabúð hafði staðið í áður fyrri og kallaður var Kagahólmi árið 1700, og í annan stað er athugandi, hvort það sje alveg víst, að lögrjetta hafi verið færð árið 1577 af þeim hólma, sem Sigurður lögmaður segir hana færða af þá. Sigurður Oudmundsson hefir álitid, að hirðstjórabúð hafi staðið á



Mynd 156. Hirðstjórabúð (2880-202) merkt inn á kort

<sup>92</sup> Matthías Þórðarson, 1921-22, bls. 11

syðri hluta aðalhólman; var sá hluti hans sjerstakur hólmi á síðustu öld og fram á þessa, sbr. uppdrátt hans. Er það sennilega rjett, að hún hafi verið reist í aðalhólmanum. Það mun einnig óefandi, að þessi hólmi hafi verið kallaður Kagahólmi árið 1700. En hitt til jæg ekki víst, að kaginn hafi ekki staðið í öðrum hólma áður, eða að ekki hafi annar hólmi kallast Kagahólmi áður. Það mun hvergi að finna upplýsingar um það, hvar kaginn hafi staðið, nje heldur hve nær eða hve lengi. Fað er því einnig efamál, að lögrjetta hafi verið færð af aðalhólmanum árið 1577, og að sumu leyti ótrúlegt. Staður hennar þar hefur ekki getað verið eyddur af vatnagangi 1560; getur ekki verið átt við aðalhólmann í konungsbrjefinu frá 1563, og hefði hún verið færð þangað á næstu árum, hefði konungsbrjefið frá 1574 ekki verið orðað svo sem það er, jafnvel alls ekki verið gefið út. En hefði hún verið færð eftir útgáfu þess í aðalhólmann, hefði hún sennilega ekki verið færð úr honum þegar árið 1577. Mjer þykir nú líkast til, að hún hafi alls ekki verið færð neitt af sínum forna stað á næstu árum eftir útgáfu konungsbrjefsins frá 1574, úr því að hún ekki var færð samkvæmt því, — suður i Kópavog.“<sup>93</sup>

Í Þingvellir, staðir og leiðir segir Björn Th. Björnsson um Hirðstjórabúð;

„En svo gerist það, sem rakið er í kaflanum um lögréttuna, að kvísl árinna ryður sér braut austur fyrir Lögréttu, þannig að hún, hirðstjórabúð og kagi eru á hólma, unz hann tekur svo að brjóta á síðari hluta 16. aldar, að lögréttan er færð „austan af hólmanum sem hirðstjórabúð áður stóð og kallaður er Kagahólmi“, svo sem sigurður lögmaður segir.“<sup>94</sup>

**Númer:** 2880-203

**Sérheiti:** Höggstokkseyri

**Hlutverk:** Aftökustaður

**Tegund:** Heimild

**Hnit ISN93:** A: 397343.7 N: 419253.9


**Ástand:** Heillegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**



Mynd 157. Höggstokkseyri (2880-203) merkt inn á kort

<sup>93</sup> Matthías Þórðarson, 1941-1942, bls. 62-63

<sup>94</sup> Björn Th. Björnsson, 1984, bls. 51



**Staðhættir:** Aftökur á Þjóðveldisöld voru fátíðar en dauðadómur færist í aukana eftir að Stóridómur var tekinn í lög 1565. Á Þingvöllum eru örnefni Höggstokkseyri, Kagahólmi, Drekkingarhylur og Brennugjá þeir staðir sem sakamenn mættu örlögum sínum. Á Höggstokkseyri voru menn og konur hálshöggin með öxi, þar sem fair hefðu efni á því að höggvast með sverði. Höggstokkseyri hefur sennilega verið staðsettur syðst á Þorleifshólma þar sem höggstokkurinn hafi farið fram undir aldamótin 1800.<sup>95</sup> Í Þingvöllum, Alþingisstaðurinn forni segir Matthías Þórðarson um Höggstokkseyri; „að í ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar stendur berum orðum, að Þorleifshólmi sé sá staður, þar sem glæpamenn voru hálshöggðir. Kemur mjög vel heim við þetta upplýsing, sem Einar prófastur Einarsen í Stafholtigaf Sigurði Guðmundssyni 1863. Sigurður hafi spurt hann: „hvar er Höggstokkseyri, eða hvar voru menn hálshöggðir?“ Og séra Einar svaraði: „Sagt var mér af Kristjáni sál. Magnússyni, hreppstjóra, í Skógarkoti, að höggstokkurinn hafi framundir seinustu aldamót, 1800, staðið í Þorleifs-eða Öxarárhólma, sagnvart eða neðan-til móts-við Brennugjá en farið í einhverjum vatnavexti árinna. Séra Einar nefnir ekki Höggstokkseyri, en Sigurður hefur haft það nafn frá öðrum og sett það, eins og áður var bent á, á frumuppdrætti sína af Þingvelli á norðurendann á hólmanum fram-undan Brennugjá, eða eyri norður-af grashólma, sem þar er og hann hefur skrifað á nafnið Þorleifshólmi, eins og þegar hefur verið tekið fram. [...] Hefur hér áður verið rætt um þennan stað, hólmann og eyrina á honum, í sambandi við lögréttuna. Er sennilegt, að þessi aftökustaður á eyrinni hafi verið þar á síðari öldum frá því að lögrétta var á hólmanum, og verið það alla tíð síðan, meðan Alþingi var háð á Þingvöllum“<sup>96</sup>


---

<sup>95</sup> Björn Th. Björnsson, 1984, bls. 47-48

<sup>96</sup> Matthías Þórðarson, 1945, bls. 210-211

**Númer: 2880-204****Sérheiti:** Brennugjá**Hlutverk:** Aftökustaður**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397361.9 N: 419185.4**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já (Vegna vegagerðar)**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask

**Staðhættir:** Aftökur á þjóðveldisöld voru fátíðar en dauðadómur færast í aukana eftir að Stóridómur var tekinn í lög 1565. Á Þingvöllum eru örnefni Höggstokkseyri, Kagahólmi og Brennugjá eru staðir sem sakamenn mættu örlögum sínum. Brennugjá er sá staður þar sem galdramenn voru brenndir á báli en konum varyfirleitt drekkt í Drekkingarhyl. Brennugjá er staðsett í gjá á milli flosagjár og Öxarár rétt þar sem bílvegurinn liggur nú yfir.<sup>97</sup> Í Þingvöllum, Alþingisstaðurinn forni segir Matthías Þórðarson um Brennugjá; „Galdrabrennur hófust hér 1625, og fór hin síðasta fram 1685; voru brenndir „22 menn, 21 karlmaður og 1 kona; auk þess var 1 kona kæfð fyrir galdur og 2 menn teknir af meðfram fyrir galdur, annar hengdur, en hinn hálshöggvinn. Eftir því hafa alls verið líflátnir á Íslandi 25 menn fyrir galdur. Af þeim voru 16 líflátnir í héraði, en 9 á Alþingi.“ „Í kjaptinum á Brennugjá voru galdramenn brenndir, og hafa menn ekki alls fyrir löngu fundið þar mannabein og ösku, en ekki fann eg það, og gróf eg þar þó,“ segir Sigurður Guðmundsson í riti sínu, Alþingisstaður hinn forni, bls 56. Kemur þetta heim við það, sem stendur í „Kort Underretning om Althinget“: de saakalde Troldmænd bleve alla brænde paa den østre Side af Aaen i en Kløft, som deraf kaldes Brennugjá (Brænde-Kløft), og findes der endnu Asken af Benene i Jorden.“ Aftur á móti er það á misskilningi byggt, sem segir í Ferðabók Eggerts Ólafssonar, að fyrr á tímum hafi þeim, er brenndir skyldu fyrir galdra, verið hrunið á bálið ofan- af bröttum kletti, er stanfi uppi í Almannagjá. Lítur út fyrir, að hér hafi verið ruglað saman frásögnum um aftökustað þjófa og galdramanna. Séra einar Einarsen í Stafholti minnst einnig á Brennugjá í upplýsingum þeim, er hann gaf



Mynd 158. Brennugjá (2880-204) merkt inn á kort

<sup>97</sup> Björn Th. Björnsson, 1984, bls. 47-48, 54

Sigurði Guðmundssyni; hann sagði: „Beinasmælki, útlits sem brunnin bein í öskuhaugnum, sjást einnig oft í mynni Brennugjár, meira og minna eftir vatnavexti í Öxará, en lítið, sem ekkert, bar á því, þegar áin var lítil. Á hellunni við mynni gjárinnar, var og í orði, að galdramenn hefður verið brenndir.“<sup>98</sup>

**Minjalýsing:** Öll ummerki um fornleifar eru horfin vegna vegagerðar.

**Númer:** 2880-206

**Sérheiti:** Kagahólmi

**Hlutverk:** Aftökustaður

**Tegund:** Heimild

**Hnit ISN93:** A: 397256.3 N: 419219.9

**Ástand:** Heillegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu


**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Aftökur á þjóðveldisöld voru fátíðar

en dauðadómur færist í aukana eftir að Stóridómur var tekinn í lög 1565. Á Þingvöllum eru örnefni Höggstokkseyri, Kagahólmi og Brennugjá eru staðir sem sakamenn mættu örlögum sínum. Eftir að lögrétta var flutt vestan ár var líklegt að kagin hafi verið fluttur með og þá sennilega nyrzt á Öxarárhólma.<sup>99</sup> Matthías Þórðarson segir í Þingvöllum, Alþingisstaðurinn forni „Í búðaskránni frá 1700 og sömuleiðis í búðaskránni frá 1735 er nefndur Kagahólmi. Virðist aðalhólminn þá hafa verið nefndur svo, kenndur við kaga, sem þar hefur staðið, en ekkert bendir til, að höggstokkur hafi verið á þeim sama hólma.“

Matthías Þórðarson segir í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1941-1942 að:

„Sigurður Björnsson lögmaður segir í lok hinnar alkunnu ritgerðar sinnar, »Alþings catastasis eftir sögn fyrri manna«, sem hann skrifaði árið 17001 ): «Wm tid Þordar Oudmundssonar og Jons Jonssonar Lögmanna 1577: var Lógrettan færð í Þorgeirs Liösvetninga Goda budartopt, austan af Hölmanum sem Hirdstjóra bud ádur stöd og kalladur er KagaHölme«. En í byrjun ritgerðarinnar stendur: »Þar sem nu lógrettan



Mynd 159. Kagahólmi (2880-206) merktur inn á kort

<sup>98</sup> Matthías Þórðarson, 1945, bls. 212-213

<sup>99</sup> Björn Th. Björnsson, 1984, bls. 47-48 & 51-52

stendur Ao 1700 var bud Þorgeirs Ljósvetninga Goda«. Lögrjettan var eftir þessum orðum Sigurðar lögmans á sama stað árið 1700, sem hún var færð á árið 1577 af hólma í ánni, er kallaðist Kagahólmi; og á þessum stað var hún upp frá því, unz alþingishald á Þingvelli var lagt niður. Nú er gætandi að því, hvar sá hólmi var, sem hirðstjórabúð hafði staðið í áður fyrri og kallaður var Kagahólmi árið 1700, og í annan stað er athugandi, hvort það sje alveg víst, að lögrjetta hafi verið færð árið 1577 af þeim hólma, sem Sigurður lögmaður segir hana færða af þá. Sigurður Guðmundsson hefir álitid, að hirðstjórabúð hafi staðið á syðri hluta aðalhólman; var sá hluti hans sjerstakur hólmi á síðustu öld og fram á þessa, sbr. uppdrátt hans. Er það sennilega rjett, að hún hafi verið reist í aðalhólmanum. Það mun einnig óefandi, að þessi hólmi hafi verið kallaður Kagahólmi árið 1700. En hitt til jeg ekki víst, að kaginn hafi ekki staðið í öðrum hólma áður, eða að ekki hafi annar hólmi kallast Kagahólmi áður. Það mun hvergi að finna upplýsingar um það, hvar kaginn hafi staðið, nje heldur hve nær eða hve lengi. Fað er því einnig efamál, að lögrjetta hafi verið færð af aðalhólmanum árið 1577, og að sumu leyti ótrúlegt. Staður hennar þar hefur ekki getað verið eyddur af vatnagangi 1560; getur ekki verið átt við aðalhólmann í konungsbrjefinu frá 1563, og hefði hún verið færð þangað á næstu árum, hefði konungsbrjefið frá 1574 ekki verið orðað svo sem það er, jafnvel alls ekki verið gefið út. En hefði hún verið færð eftir útgáfu þess í aðalhólmann, hefði hún sennilega ekki verið færð úr honum þegar árið 1577. Mjer þykir nú líkast til, að hún hafi alls ekki verið færð neitt af sínum forna stað á næstu árum eftir útgáfu konungsbrjefsins frá 1574, úr því að hún ekki var færð samkvæmt því, — suður i Kópavog.“<sup>100</sup>

Í Þingvellir, staðir og leiðir segir Björn Th. Björnsson um Kagahólma; „Kagahólmi er annað örnefni tengt refsingum á þinginu. Kagi er niðurrekinn staur með háls- og handgjörðum í keðju, sem menn voru húðstrýktir við. Sagnorðið kaga merkir að hýða. Nokkur þrætubók hefur af því spunnizt, hvar Kagahólmi hafi verið í Öxará. Matthías Þórðason fornminjavörður taldi, samkvæmt búðaskrá þeirra Sigurðar lögmans Björnssonar og Brynjólfs sonarsonar hans, síðari sýslumanns í Hjálmholti, að Kagahólmi væri hinn sami og Öxarárhólmi. Í Katastasis Sigurðar – eða búðaskrá hans – segir: „ um tíð Þórðar Guðmundssonar og Jóns Jónssonar lögmanna 1577 [líklega 1594] var lögréttan færð í Þorgeirs Ljósvetninga goða búðatóft, austan af hólmanum sem hirðstjóra búð áður stóð

---

<sup>100</sup> Matthías Þórðarson, 1941-1942, bls. 62-63

og kallaður er Kagahólmi.“ Þetta eru hárréttar upplýsingar, enda átti Sigurður ekki langt til þeirra að sækja. Hvarvetna á erlendum þingum var gaginn í næstu nánd dómstaðarins, hér Lögréttu, og ekki er nema eðlilegt að búð hirðstjóra stæði sem næst þeim stað þar sem hann átti öllum málum að gegna. Hagræði var og í því að vera sömu meginr á – en síðar meginárkvíslarinnar – og kirkjan og biskupar báðir. En svo gerist það, [...] kvísl árinna ryður sér braut austur fyrir Lögréttu, þannig að hún, hirðstjórabúð og kagi eru á hólma, unz hann tekur svo að brjóta á síðari hluta 16. aldar, að lögréttan er færð „austan af hólmanu sem hirðstjórabúð áður stóð og kallaður er Kagahólmi“, svo sem Sigurður lögmaður segir. Hólmi þessi hefur því verið orðinn mjög brotinn um tíma Sigurðar lögmanns, en hefur þó haldið sínu gamla nafni. Enn er þess að gæta, að kagi og höggstokkur hafa hlotið að vera nálægt hvor öðrum þar sem hvortveggja refsingin gekk frá sama dómi og var lögð á af sama böðli. Meira að segja gerðist það oft að menn voru hýddur áður en þeir voru réttaðir. Hefur kaginn því líklega staðið nyrzt á hólmanum – Kagahólma-, en höggstokkurinn syðst á Höggstokkseyri, þannig að aðeins hafi verið væð kvísl eða læna á milli. Mjög eðlilegt að aftökur manna færi ekki fram á sama hólmanum og lögrétta sat og hirðstjóri hafði búð sína.“<sup>101</sup>

**Númer:** 2880-207

**Sérheiti:** Krossskarð

**Hlutverk:** Sögustaður

**Tegund:** Náttúruminjar

**Hnit ISN93:** A: 397140.0 N: 419234.9

**Ástand:** Heillegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Í Þingvellir, staðir og leiðir segir Björn

Th. Björnsson um Krossskarð; „Hitt skarðið er allmiklu norðar, innan við þyrpingu búðartófta sem þar eru, og heitir Krossskarð. Nokkrar heimildir telja nafnið af því dregið,



Mynd 160. Krossskarð (2880-207) merkt inn á kort

<sup>101</sup> Björn Th. Björnsson, 1984



að þar hafi vígður kross eða krossar staðið upp, og gæti þar sem bezt verið hið sama og „Skarðið ytra“, þ.e. nyrðra, þar sem Ólafs saga Tryggvasonar segir að þeir Hjalti Skeggjason og Gizur hvíti hafi reist vígða krossa kristnitökusumarið. Þar hefðu þeir staðið nálægt útmörkum þinghelgarinnar og borið vel yfir.<sup>102</sup> „En um miðja 18.öld þegar þinghaldið lengist og sýslumenn taka að byggja búðir, svo sem til forna, velja nokkrir þeim stæði nyrzt á grundunum, nálægt Krossarði. [...] Standa þær bæði nálægt vatnsbóli í Drekkingarhyl og rétt við Krosskarð, en um það var stutt leið ofan að Lögréttunni undir Hallinum. Sú af glöggu búðunum nyrzt í gjánni sem næst er Krossaskarði var búð Þorsteins Magnússonar á Móeiðarhvoli, sýslumanns Rangæinga, sem sótti fleiri þing en aðrir valdsmenn á 18.öld. Ekki er hún þó merkt nafni hans, heldur Guðmunfar Ketilssonar sýslumanns Mýramanna, sem mun hafa tjaldað hana eftir lát Þorsteins á síðustu árum þinghaldsins. Næsta búð fyrir norðan og einnig undir lægri gjárveggnum var lengst af tjölduð af Magnúsi Ketilssyni sýslumanni Dalamanna, hálfbróðir Guðmundar. Enn litlu norðar er búðartóft Lýðs Guðmundssonar sýslumanns Vestur Skaftgellinga og yfirvalds Jóns eldklerks Steingrímssonar þegar hann kom á þingið 1783. Svo til beint andspænis og nær hærri gjárbarminum er enn ein búðartóft, en hana tjaldaði lengst af sá margdæmdi hrakfallabáلكur, Erlendur Ólafsson yfirvald Ísfirðinga og bróðir Jóns Grunnvíkings. Tóftin er þí ekki honum merkt, heldur Jóni Helgasyni sýslumanni Austur-Skaftfellinga, sem mun hafa tjaldað hana síðar. Allar hafa búðir þessar verið smáar, og eru tóftirnar 7-9 metrar á lengd og 4-5 metrar á breidd að utanmáli. Þegar Matthías Þórðarson, sem mældi upp búðirnar, segir um tvær þeirra (búð Erlends og Þorsteins) að annað gafhláðið hafi greinilega verið fært um 1,5 m., þá er allt eins líklegt að þar sé um að ræða fangakró við búðarendann, en úr endingarminni hleðslu.“<sup>103</sup>

---


<sup>102</sup> Björn Th. Björnsson, 1984, bls. 62-64

<sup>103</sup> Björn Th. Björnsson, 1984, bls. 70

**Númer: 2880-208****Sérheiti:** Valhöll**Hlutverk:** Hús**Tegund:** Hús**Hnit ISN93:** A: 396978.0 N: 418794.7**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já (vegna niðurrifs)**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask

**Staðhættir:** Valhöll var byggð árið 1898 suðaustan við Kastalana. Hún var formlega tekin í notkun sem funda- og gistihús sem gæti þjónað gestum á Þingvöllum. Þetta var 136 fermetra bárujárnsklætt timburhús sem var svo stækkað árið 1907 og 1920 í 215 fermetra. Síðar var Valhöll flutt fyrir Alþingishátíðina 1930, undir Hallinn vestan megin við Öxará á móti Þingvallabænum, að þeim stað sem hún var síðast þar til hún brann 10.júní 2009 <sup>104</sup>


**Minjalýsing:** Ekki sést til fornleifa eftir að Valhöll brann árið 2009.



Mynd 161. Valhöll (2880-208) merkt inn á kort

**Númer: 2880-209****Sérheiti:** Miðmundatún**Hlutverk:** Eyktamark**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397158.7 N: 418823.9**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Fornleifastofnun Íslands

framkvæmdi rannsókn á Miðmundatúni árið 2002 þar sem skurður var endurgrafinn frá



Mynd 162. Miðmundatún (2880-209) merkt inn á kort

<sup>104</sup> Sigrún Helgadóttir. 2011:144-145

árinu 1957, þar sem tábagall frá 11. öld fannst þegar grafið var fyrir jarðstreng. Fimm könnunarskurðir voru grafnir sunnarlega á Miðmundatúni og tveir könnunarskurðir grafnir ofar í túninu nær Þingvallabænum. Í útjaðri trjáreitsins kom í ljós mannvistarlæg og mannvirki þar sem grafið var niður á vegg og gólf.<sup>105</sup> Árið 2003 héldu rannsóknir áfram á Miðmundatúni með borkjarnarannsókn. Þar var þversnið tekið samliggjandi prufuskurði sem tekinn var árinu áður þar sem veggurinn og gólflagið fannst í. Alls voru 15 borkjarnar teknir á 39 metra löngu þversniði og fannst kolalag frá metrum 23-33 og var það túlkað sem öskuhaugslag.<sup>106</sup> Síðar eða árið 2019 var gerð borkjararannsókn og kom í ljós gólflag og er byggingin sjálf líklega um 30 m á lengd og 8 m á breidd.<sup>107</sup>

---

<sup>105</sup> Adolf Friðriksson, 2002, bls. 39-42


<sup>106</sup> Jim Woollet, 2004, bls. 31

<sup>107</sup> Margrét Hallmundsdóttur 2020 óbirtar niðurstöður.

**Númer: 2880-210****Sérheiti:** Þingvallabær**Hlutverk:** Býli**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397182.9 N: 418887.4**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já (vegna niðurrifs)**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Talið er að bær hafi staðið á

Þingvöllum frá öndverðu. Eflaust hafa verið mörg bæjarhúsin og yfirleitt staðið á sama stað eða svipuðum suður af núverandi kirkju.

**Minjalýsing:** Engar minjar eru sjáanlegar á yfirborði vegna núverandi Þingvallabæjar.




Mynd 163. Þingvallabær (2880-210) merkt inn á kort

**Númer: 2880-211****Hlutverk:** Kirkja**Tegund:** Steinalögn**Hnit ISN93:** A: 397181.2 N: 418936.7**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Beint fyrir framan núverandi kirkju fannst stétt þegar gömlu kirkjustéttirnar voru fjarlægðar árið 2009.

**Minjalýsing:** Stétt sem fannst framan við núverandi kirkju við fornleifarannsókn og hefur verið hluti af eldri kirkju.




Mynd 164. Kirkja (2880-211) merkt inn á kort

**Númer: 2880-212****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Mannvistarleifar**Hnit ISN93:** A: 397182.5 N: 418935.5**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Fyrir framan núverandi kirkju fannst í fornleifarannsókn árið 2009 leifar af búð. Ekkert var eftir að búðinni nema gólflag og eldstæði.

**Minjalýsing:** Við fornleifarannsókn árið 2009 fundust leifar af búð á þessum stað.




Mynd 165. Búð (2880-212) merkt inn á kort

**Númer: 2880-213****Sérheiti:** Álnasteinn**Hlutverk:** Mælieining**Tegund:** Áletrun**Hnit ISN93:** A: 397178.2 N: 418941.1**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**


**Staðhættir:** Beint fyrir framan kirkju er steinn sem ber nafnið álnasteinn

**Minjalýsing:** Steinn sem stendur beint framan við Þingvallakirkju.




Mynd 166. Álnasteinn (2880-213) merkt inn á kort



**Númer: 2880-214****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Mannvistarleifar**Hnit ISN93:** A: 397187.7 N: 418932.3**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Við suðurhlíð Þingvallakirkju.**Minjalýsing:** Árið 2009 var gerður


Mynd 167. Mannvistarleifar (2880-214) merktar inn á kort

könnunarskurður við Þingvallakirkju vegna framkvæmda við kirkjuna. Skurðurinn var 7m að lengd og rétt yfir 1m á breidd og komu nokkur mannvistarlög í ljós.<sup>108</sup>


**Númer: 2880-215****Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397199.0 N: 418919.9**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já (sléttað yfir)**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Um 7m austan við Þingvallabæinn (2880-210)**Minjalýsing:** Heimild um matjurtagarð.

Mynd 168. Matjurtagarður (2880-215) merkt inn á kort


<sup>108</sup> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir & Sigrid Cecilie Juel Hansen, 2012, bls. 8

**Númer: 2880-216****Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397220.7 N: 418901.5**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já (vegna niðurrífs)**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Austan við Þingvallabæinn (2880-210).**Minjalýsing:** Heimild um útihús.

Mynd 169. Útihús (2880-216) merkt inn á kort

**Númer: 2880-217****Sérheiti:** Fjóshóll**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397254.7 N: 418783.2**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Suður af Þingvallabæ.**Minjalýsing:** Suður af Þingvallabæ er stór hóll sem ber nafnið Fjóshóll og vísar að öllum líkindum til útihúss.

Mynd 170. Fjóshóll (2880-217) merktur inn á kort


**Númer: 2880-274****Hlutverk:** Brú**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397100.9 N: 418972.4**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já (vegna niðurrifs)**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rof**Staðhættir:** Brúin hefur staðið yfir Öxará.**Minjalýsing:** Talið er að hér hafi verið brú yfir Öxará.

Mynd 171. Brú (2880-274) merkt inn á kort

**Númer: 2880-275****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hleðsla**Hnit ISN93:** A: 397188.9 N: 418947.1**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** 6m norðan við Þingvallakirkju.**Minjalýsing:** Við fornleifarannsókn Fornleifa-

stofnunar Íslands árið 2006 fundust leifar af þingbúð 6m norðan við Þingvallakirkju. Ekkert gólfslag var í búðinni en stoðarholur gáfu til kynna að um byggingu væri að ræða. Búðin hefur verið meira en 3m breið að innanmáli og allt upp í 10m löng. Búðin hefur verið í byggð eftir 1100 því hún er yngri en jarðlag þar sem peningur frá 1065-80 fannst.

109




Mynd 172. Hleðsla (2880-275) merkt inn á kort

109 Howell M. Roberts, 2006, bls. 11



**Númer: 2880-276****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hleðsla**Hnit ISN93:** A: 397179.9 N: 418934.9**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Vestan við Þingvallakirkju**Minjalýsing:** Árið 2009 var gerð fornleifa-


rannsókn við Þingvallakirkju vegna framkvæmda við kirkjuna. Vestan við kirkjuna komu í ljós mannvistarlög og eldstæði gamalt yfirborð í kringum það. Ekki er hægt að fullyrða að þar hafi verið um gólf að ræða þar sem ekki fundust veggir sem tengdust yfirborðinu en ekki er hægt að útiloka þann möguleika.<sup>110</sup>



Mynd 173. Hleðsla (2880-276) merkt inn á kort

**Númer: 2880-277****Sérheiti:** Lögsögumannahóll**Hlutverk:** Sögustaður**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397459.8 N: 419208.4**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Um 30m NA við Byrgisbúð (2880-157).


**Minjalýsing:** Meint staðsetning Lögsögumannahóls.

Mynd 174. Lögsögumannahóll (2880-277) merktur inn á kort

<sup>110</sup> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir & Sigrid Cecilie Juel Hansen, 2012, bls. 7

**Númer: 2880-278****Sérheiti:** Kastalar**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397384.1 N: 419547.3**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Vestan við upprunalegu staðsetningu


Valhallar (2880-185).

**Minjalýsing:** Tveir hraunhólar sem mörkuðu norðurenda Þinghelgarinnar og mörk Efri- og Neðri-Valla.

Mynd 175. Kastalar (2880-278) merktir inn á kort


**Númer: 2880-280****Sérheiti:** Hjallhóll**Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397249.6 N: 418865.6**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 70m austan við Þingvallabæinn

(2880-097).


**Minjalýsing:** Af örnefninu að dæma má ætla að hér hafi staðið hjallur.

Mynd 176. Hjallhóll (2880-280) merktur inn á kort



**Númer: 2880-281****Sérheiti:** Kúahólmi**Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397076.4 N: 418396.7**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Syðsti hólminn við norðanvert Þingvallavatn.**Minjalýsing:** Hólmi þessi var áður landfastur en varð að hólma í jarðskjálftunum 1789. Ekki er ómögulegt að minjar tengdar búskap hafi verið á þessum slóðum.

Mynd 177. Kúahólmi (2880-281) merktur inn á kort


**Númer: 2880-291****Sérheiti:** Skötutjörn**Hlutverk:** Þjóðtrú**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397297.4 N: 418959.5**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Tjörnin er um 112m ANA við Þingvallabæ (2880-097).**Minjalýsing:** Þjóðsaga: „Skötutjörn heitir á Þingvöllum í Árnessýslu tjörn ein lítil, landnorðanvert við túnið. Er þar pollur einn luktur klettum. Úr polli þessum liggja gjátéygingar heim undir kálgarðinn sem er fyrir austan tröðina heim að Þingvallabæ, og í enda gjárinnar er vatnsbólið frá Þingvöllum. Þegar maður lítur yfir tjörn þessa og gjátéygingarnar úr henni heim undir bæinn er það ekki ólíkt því sem þar lægi skata með

Mynd 178. Skötutjörn (2880-291) merkt inn á kort

mörgum hölum, og sést það bezt þegar maður hefir fyrir sér nákvæman uppdrátt af staðnum. En þó dregur tjörninn ekki nafn sitt af líkingunni, heldur er sú saga til þess að til forna var vilpa ein eða vatnsgjá í eldhúsinu á Þingvöllum og var þar nóg veiði í handa bæjarmönnum, en þó mátti ekki veiða þar meira en nægði til næsta máls og var það því varazt. Nú urðu ábúendaskipti á Þingvöllum og kom þangað ágjarn bóndi. Hann lét sér ekki lynda að veiða til næsta máls í eldhúsvilpunni, heldur settist hann við og dró þar ógrynni öll af silungi. Þegar þetta hafði lengi gengið dró hann loksins skötu með sjö hölum — eða nú sem sumir segja. Bónda leizt ekki á þenna drátt og hélt að hann hefði dregið sjálfan skrattann í skötulíki. Hann dröslar þó skötunni austur í tjörn þessa og dregur hún síðan nafn af því. En af eldhúsvilpunni veiðisælu er það að segja að þar hefir aldrei orðið silungs vart síðan.<sup>111</sup>

**Númer: 2880-292****Sérheiti:** Miðmundardrangur**Hlutverk:** Eyktarmark**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 396980.5 N: 419044.3**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Drangurinn er á vestanverðri

Almannagjá (2880-195), um 80m vestan við Sönghelli (2880-131).


**Minjalýsing:** Drangur við Almannagjá. Miðmund er ein af gömlu eyktunum, þegar það er miðmund þá er klukkan um 13:30.

Mynd 179. Miðmundardrangur (2880-292) merktur inn á kort


<sup>111</sup> Jón Árnason, 1954-1961, bls. 40

**Númer: 2880-293****Sérheiti:** Hamraskarð**Hlutverk:** Sögustaður**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397099.2 N: 419136.7**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Hamraskarð gengur í austur frá

Almannagjá (2880-195) sunnan við meinta staðsetningu Lögbergs (2880-046).

**Minjalýsing:** Hamraskarð gengur í austur frá Almannagjá.

Mynd 180. Hamraskarð (2880-293) merkt inn á kort

**Númer: 2880-294****Sérheiti:** Flosahlaup**Hlutverk:** Sögustaður**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397491.6 N: 419259.4**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 85m NA við Byrgisbúð (2880-157), í Flosagjá.**Minjalýsing:** „Flosahlaup er, þar sem það eða gjáin er mjóst, að eins 3,30m. (10½ fet) milli barma. – Til þess að hafa gott aðstöðu er betra að stökva litlu norðar, fám fetum, og verður stökkið þar 4m.“<sup>112</sup>

Mynd 181. Flosahlaup (2880-294) merkt inn á kort

<sup>112</sup> Matthías Þórðarsson, 1921. Fornleifar á Þingvelli. Bls. 70

**Númer: 2880-295****Sérheiti:** Neðri-Vellir**Hlutverk:** Sögustaður**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397320.9 N: 419413.3**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Neðri-Vellir eru ofan við þar sem


Öxará rennur út um Almannagjá. Kastalar (2880-278) afmarka norður enda Neðri-Valla.

**Minjalýsing:** Talið er að Þinghelgin hafi afmarkast af Köstulum (2880-278), tveimur hraunhólum nyrst á Neðri-Völlum til norðurs, Þingvallavatni til suðurs, hærri vegg Almannagjár (2880-195) til vesturs og Flosagjá til austurs. Vert er að benda á að Vellirnir norðan við Öxará voru sléttaðir fyrir alþingishátíðina 1930 en þar geta vel hafa verið búðaleifar.<sup>113</sup>


**Númer: 2880-300****Sérheiti:** Lambagjá**Hlutverk:** Heimild**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397167.3 N: 419455.2**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Um 100m norðan við Drekkingarhyl (2880-198).

**Minjalýsing:** Nafnið á gjánni bendir til þess að þar hafi lömb verið geymd.



Mynd 182. Neðri-Vellir (2880-295) merktir inn á kort



Mynd 183. Lambagjá (2880-300) merkt inn á kort

<sup>113</sup>Adolf Friðrisson & Orri Vésteinsson, 1998, bls. 26




**Númer: 2880-307****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 397511.1 N: 419405.3**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Efst á hraunbungu við vesturgjábarm


Vallagjár, um 65m N við þar sem hún kvíslast í Nikulásargjá og Flosagjá.

**Minjalýsing:** Allgreinilegt vörðubrot, hlaðið úr stærri steinum og er um 1m að ummáli.

Varðan nær um 30cm hæð en allnokkuð hefur hrunið úr henni.




Mynd 184. Varða (2880-307) merkt inn á kort

**Númer: 2880-308****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397330.8 N: 419323.1**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rof**Staðhættir:** Um 70m norðan við Höggstokkseyri (2880-203).**Minjalýsing:** Sigurður Guðmundsson merkti hér tvær búðir og eignaði þeim eftirfarandi sagnapersónum: Nr. 57: Guðmundur ríki c. 995-1002. Nr. 58 Einar Þveræingur. Þórir Helgason. Esphælingar. 900-1014Ekki sjást ummerki um þessar búðir á yfirborði.<sup>114</sup>

Mynd 185. Búð (2880-308) merkt inn á kort


<sup>114</sup> Sigurður Guðmundsson 1871



**Númer: 2880-309****Hlutverk:** Þvottastaður**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397234.4 N: 419389.1**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rof**Staðhættir:** Við árbakka Öxarár, tæpum 50m NA við Neðri foss.

Mynd 186. Þvottastaður (2880-309) merktur inn á kort

**Minjalýsing:** Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður getur um hlóðir á þessum stað við árbakkann. Voru þær notaðar af ábúendum Skógarkots til að þvo þvott og ull. Áður hafði Sigurður Guðmundsson kallað þær gamalt búðareldhús.<sup>115</sup>

**Númer: 2880-310****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397243.7 N: 419406.5**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já (vegna sléttunar)**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Í Prestakróki, syðst á Neðri-Völlum við norðurbakka Öxarár.

Mynd 187. Búð (2880-310) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Í búðskrá Jóns Steingrímssonar frá 1783 er getið um tjöld fálkafangara og bókseljara frá Hólum.

Á uppdrætti af Alþingisstaðnum frá um 1789 er búð Hólabiskups merkt á þessum slóðum ásamt annarribyggingu, e.t.v. búð eða tjald.

---

<sup>115</sup> Matthías Þórðarson 1945:118

Sigurður Guðmundsson merkir hér búðir undir þremur númerum, sem snúa allar NA-SV og liggja hver á eftir annarri í beinni línu. Segir hann mega "rekja stóra steina, er standa upp úr grundinni í þrem ferhyrningum." Búðirnar, taldar úr suðri, eru:

Nr. 54: Ljósveitningabúð. Þorkell hákur. 1008-1015.

Nr. 55: Reykdælábúð. 1012.

Nr. 56: Öxfirðingabúð. 1012.

Sigurður hefur að öllum líkindum giskað á eigendur búðanna, sem sjást ekki á yfirborði í dag. Matthías

Þórðarson efast um að hér hafi verið búðir; frekar hafi hér verið tjaldað að hans mati.<sup>116</sup>

**Númer: 2880-313**

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Heimild

**Hnit ISN93:** A: 397320.7 N: 418869.5

**Ástand:** Ekki sést til fornleifa


**Horfin:** Já (vegna sléttunar)

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**


**Staðhættir:** Um 135m austan við Þingvallabæinn (2880-210).



Mynd 188. Rétt (2880-313) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Útlínur einhverskonar aðhalds eða réttar sjást hér á uppdráttum Herforingjaráðst 1908 og uppdrætti Sigurðar Guðmundssonar 1871. Hér er náttúruleg hvílt milli gjár og hraunhóla og eflaust auðvelt að króa búfénað að. Engin ummerki um hleðslur sjást á vettvangi.


<sup>116</sup> Kort afrisingar over Laugthingets Situation 1789; Sigurður Guðmundsson 1878

**Númer: 2880-315****Sérheiti:** Konungsvegur**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Gata**Hnit ISN93:** A: 397374.6 N: 419057.6**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask, vegagerð**Staðhættir:** Vegurinn liggur austur um Þingvallahraun og upp að Þingvallabæ (2880-210).**Minjalýsing:** Konungsvegurinn var lagður austur um Þingvallahraun og upp að Þingvallabæ. Enn eru leifar af honum undir núverandi vegum.

Mynd 189. Konungsvegur (2880-315) merktur inn á kort

**Númer: 2880-316****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397354.8 N: 419391.5**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já (vegna vegagerðar)**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Um 136m norðan við Höggstokkseyri (2880-203).**Minjalýsing:** Sigurður Guðmundsson merkir hér tvær búðir og eina enn ómerкта. Engin ummerki sjást um þessar búðir, sem hefðu átt að vera nálægð hraunjaðrinum, austarlega á völlumunum.

Nr. 61: Jöklamannabúð. 1234. (Rauðmelinga. Hofgarðagoða búð).



Mynd 190. Búð (2880-316) merkt inn á kort

Nr. 62: Austfirðingabúð. 1234. Þorkell Geitisson. 1000-1012.<sup>117</sup>

**Númer: 2880-317**

**Sérheiti:** Skötugjá

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Náttúruminjar

**Hnit ISN93:** A: 397242.2 N: 418897.7

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Syðst í Skötugjá.

**Minjalýsing:** Vatnsból Þingvallabæjar var syðst í Skötugjá.



Mynd 191. Brunnur (2880-317) merktur inn á kort

**Númer: 2880-318**

**Hlutverk:** Búð

**Tegund:** Heimild

**Hnit ISN93:** A: 397269.3 N: 419011.8

**Ástand:** Ekki sést til fornleifa

**Horfin:** Já (vegna vegagerðar)


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rask

**Staðhættir:** Um 83m austan við Klukkuhól (2880-066).

**Minjalýsing:** „Enn fremur sprettur vatn upp undan hraunbrekkunni norðan-undir túninu, á móts við Skötutjörn, og rennur þar fram lækur út í ána. Nokkrar leifar eru þar beggja vegna við hann af fornum búðatóftum.“<sup>118</sup>



Mynd 192. Búð (2880-318) merkt inn á kort

<sup>117</sup> Sigurður Guðmundsson

<sup>118</sup> Matthías Þórðarson 1945:121




**Númer: 2880-319****Hlutverk:** Klakhús**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397293.2 N: 419011.3**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já (vegna niðurrifs)**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Um 20m austan við (2880-318).

**Minjalýsing:** "Kofatóft lítil austan-við [lækin NV Skötutjarnar] er eftir klakhús, sem séra Jens Pálsson gerði þar, er hann var prestur á Þingvöllum (1879-1886). Klakið mistókst, enda mun vatnið vera óhentugt." (Matthías Þórðarson 1945).


Sigurður Guðmundsson merkir búið nr. 49 á þessum slóðum á sínum uppdrætti og kallar búið Hrafnkels Freysgoða/Þóris Hrafnkelssonar (~1012). Ekki er víst að hér hafi verið forn búið en líklega hefur Sigurður komið auga á minjar eldri en klakhúsið (1879-1886).<sup>119</sup>

**Númer: 2880-320****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Mannvistarleifar**Hnit ISN93:** A: 397248.3 N: 419017.4**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Skógrækt**Staðhættir:** Um 20m vestan við (2880-318).

**Minjalýsing:** Mögulegar mannvirkjaleifar í profuskurði frá 2002. Sigurður Guðmundsson merkti hér búið 45 sem hann kallar Hofsverjabúið en setti spurningamerki við.<sup>120</sup>



Mynd 193. Klakhús (2880-319) merkt inn á kort



Mynd 194. Mannvistarleifar (2880-320) merktar inn á kort

<sup>119</sup> Matthías Þórðarson 1945:121


<sup>120</sup> 2002:47-48



**Númer: 2880-321****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Mannvistarleifar**Hnit ISN93:** A: 397234.1 N: 419017.3**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Skógrækt**Staðhættir:** Um 15m vestan við (2880-320).

**Minjalýsing:** Mögulegar mannvirkjaleifar í Mynd 195. Mannvistarleifar (2880-321) merktar inn á kort

prufuskurði frá 2002. Sigurður Guðmundson merkir hér búð 54 sem hann kallar Hofsverjabúð en setur spurningamerki við.<sup>121</sup>

**Númer: 2880-322****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397206.3 N: 418994.2**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já (vegna vatnsrofs)**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Rof


**Staðhættir:** Við bakka Öxarár, um 25m norðan við Klukkuhól (2880-066).

**Minjalýsing:** Sigurður Guðmundsson merkir hér eftirfarandi búðir:

Nr. 43: Hólmsteinn Spakbersason. 1012. [2-3 búðir, nær Biskupsbúð, að hálfu úti í ánni.]

Nr. 44: Fljótisdælabúðir. [1-2 búðir, rétt NA nr. 43, að hálfu úti í ánni.]

Nr. 46: Njarðvíkingabúð? [4 sambyggðar búðir nokkrum metrum SA búða 43-44.]



Mynd 196. Búð (2880-322) merkt inn á kort

<sup>121</sup> 2002:47-48

Búðir þessar sjást ekki á yfirborði en vísbendingar um hleðslusteina í Öxará, norðan Biskupsbúð, fundust við fornleifarannsóknir 2002. Ef hér hafa verið mannvirki er alls ólíklegt að nafngiftir Sigurðar séu réttar og einnig gætu mannvirkin hafa tengst búskap á Þingvallabæ <sup>122</sup>

**Númer: 2880-323**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Heimild

**Hnit ISN93:** A: 397270.0 N: 418969.5

**Ástand:** Ekki sést til fornleifa


**Horfin:** Já (vegna sléttunar)

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Við vesturbakka Skötutjarnar (2880-291).



Mynd 197. Heimild (2880-323) merkt inn á kort


**Minjalýsing:** Sigurður Guðmundsson merkir hér nokkrar meintar þingbúðir á uppdrætti sínum 1861, sem liggja hver á eftir annarri NA-SV og eignuð eftirfarandi: Nr. 48: Heydæla búð? [Nyrst, við vesturbrún Skötutjarnar] Nr. 50: Hallbjörn sterki. 1012. [SV við nr. 48 og við SV-endann eru kvíar] Líkur eru á að Sigurður hafi teiknað upp útihúsatóftir frá Þingvallabæ og talið þær vera af fornumþingbúðum. Ummerki um útihús sjást á þessu svæði.<sup>123</sup>

<sup>122</sup> Sigurður Guðmundsson


<sup>123</sup> Sigurður Guðmundsson

**Númer: 2880-324****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397136.2 N: 418872.0**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já (vegna rasks)**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Um 25m sunnan við Þingvallakirkjugarð (2880-067).

**Minjalýsing:** Sigurður Guðmundsson merkir tvær ógreinilegar búðir, sem snúa báðar A-V, vestan og suðvestan Þingvallakirkjugarðs árið 1861 og gefur þeim ekki númer. Ekki sést til þeirra á yfirborði. Ef hér hafa verið mannvirki er það vestra komið undir gönguleið við austurbakka Öxarár og hitt væri staðsett í mýrinni sunnan Þingvallakirkjugarðs.<sup>124</sup>



Mynd 198. Heimild (2880-324) merkt inn á kort


**Númer: 2880-325****Sérheiti:** Tæpistígur**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397273.3 N: 418927.9**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 30m austan við Þjóðargrafreitinn á Þingvöllum.**Minjalýsing:** Stígurinn liggur í gjánni SV við Skötutjörn (2880-291).

Mynd 199. Tæpistígur (2880-325) merktur inn á kort

<sup>124</sup> Sigurður Guðmundsson

**Númer: 2880-326****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397332.0 N: 419082.4**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Rof**Staðhættir:** Vestan Flosagjár, vestan-megin við akveginn.


**Minjalýsing:** "Nokkrar leifar eftir 2 búðir sjást enn vestur-af endanum á Flosagjá, vestan akvegarins þar. Þar gætu, ef til vill, verið leifar Austfirðingabúðar og Jöklamannabúðar." Markað sem X á uppdrætti Samúels Eggertssonar og Matthíasar Þórðarsonar 1929.



Mynd 200. Búð (2880-326) merkt inn á kort

**Númer: 2880-327****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397346.9 N: 419080.6**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já (vegna vegagerðar)**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Rof**Staðhættir:** Vestan við suðurenda Flosagjár.

**Minjalýsing:** „Sumum kann að virðast samanburðar moldir eða einhverjar mannvirkjaleifar vera [við suðurenda Flosagjár], austan vegarins, milli hans og Flosagjár.“ Markað með X á uppdrætti Samúels Eggertssonar og Matthíasar Þórðarsonar 1929.<sup>125</sup>




Mynd 201. Búð (2880-327) merkt inn á kort


---

<sup>125</sup> Matthías Þórðarson 1945:172



**Númer: 2880-328****Hlutverk:** Búð**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397236.7 N: 419014.8**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Skógrækt**Staðhættir:** Við bakka Öxarár norðan við Þjóðargrafreitinn á Þingvöllum.**Minjalýsing:** Markað sem X á uppdrætti Samúels Eggertssonar og Matthíasar Þórðarsonar 1929.<sup>126</sup>

Mynd 202. Búðir (2880-328) merkt inn á kort

**Númer: 2880-329****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397297.0 N: 419038.2**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já (vegna vegagerðar)**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rof**Staðhættir:** Við austurbakka Öxarár, rétt vestan vegar, um 95m VSV Flosagjár.**Minjalýsing:** Ógreinilegar minjar, hugsanlega leifar þingbúðar, merktar sem X á uppdrætti Samúels Eggertssonar og Matthíasar Þórðarsonar 1929. Líklegast eru minjarnar hornfar vegna vegagerðar og/eða vatnavaxta.

Mynd 203. Heimild (2880-329) merkt inn á kort

<sup>126</sup> Matthías Þórðarson 1945:172



**Númer:** 2880-330

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Heimild

**Hnit ISN93:** A: 397322.7 N: 419054.4

**Ástand:** Ekki sést til fornleifa

**Horfin:** Já


**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rof

**Staðhættir:** Við austurbakka Öxarár, rétt vestan vegar, um 65m vestan Flosagjár.



**Minjalýsing:** Ógreinilegar minjar, hugsanlega leifar þingbúðar, merktar sem X á uppdrætti Samúels Eggertssonar og Matthíasar Þórðarsonar 1929. Líklegast eru minjarnar horfnar vegna vegagerðar og/eða vatnavaxta.



Mynd 204. Heimild (2880-330) merkt inn á kort

## 6. HESTAGJÁ

Líkt og nafnið gefur til kynna var Hestagjá notuð til að króa og geyma hesta. Þó hafa fleiri búgripir verið geymdir hér þar sem syðri hlutar hennar kallast Lambagjá og Hrútagjá. Minjar á þessu svæði eru helst hleðslur og aðhöld.



## 6.1 FORNLEIFASKRÁNING HESTAGJÁ

**Númer:** 2880-085

**Hlutverk:** Fjós

**Tegund:** Hleðsla

**Hnit ISN93:** A: 396900.7 N: 418798.5

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei


**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Í Hestagjá.

**Minjalýsing:** Tvær greinilegar hleðslur sem loka

lítilli afgangi í Hestagjá. Veggjahæðin er um 1m og veggþykktin er um 1m að jafnaði. Var nýtt sem sumarfjós.



Mynd 205. Fjós (2880-085) merkt inn á kort

**Númer:** 2880-176

**Hlutverk:** Vörslugarður

**Tegund:** Hleðsla

**Hnit ISN93:** A: 396697.0 N: 418360.0

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei


**Hættumat:** Engin hætta

**Hættuorsök:**


**Staðhættir:** Í miðri Hestagjá, um 425m SSV af gestastofu á Hakinu.

**Minjalýsing:** Grjóthleðsla, nokkuð hrunin, sem


liggur þvert yfir Hestagjá. Veggahæð er frá 0.2-0.4m og veggþykkt er um 0.5m. Hleðslan er u.þ.b. 7.5m löng.



Mynd 206. Vörslugarður (2880-176) merktur inn á kort

**Númer: 2880-177****Hlutverk:** Vörslugarður**Tegund:** Hleðsla**Hnit ISN93:** A: 396784.8 N: 418597.3**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Í Hestagjá, um 150m sunnan gestastofu á Hakinu.**Minjalýsing:** Hlaðinn garður, sumstaðar hruninn, sem liggur þvert yfir Hestahjá. Eflaust notaður til að króa af hesta og/eða annan búfénað. Hleðslan er um 14m löng og 1m breið og hleðsluhæðin er frá 0-0.4m.

Mynd 207. Vörslugarður (2880-177) merktur inn á kort

**Númer: 2880-289****Sérheiti:** Stuttistígur**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 396919.7 N: 418858.7**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 150m austan við Þjónustumiðstöðina á Hakinu.**Minjalýsing:** Stígurinn liggur vestan við Þjónustumiðstöðina á Hakinu.

Mynd 208. Stuttistígur (2880-289) merktur inn á kort

**Númer:** 2880-290

**Sérheiti:** Hestagjá

**Hlutverk:** Heimild

**Tegund:** Náttúruminjar

**Hnit ISN93:** A: 396756.8 N: 418550.4

**Ástand:** Heillegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei


**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Um 500m sunnan við

þjónustumiðstöðina á Hakinu.

**Minjalýsing:** Nafn gjáarinnar bendir til þess að þar voru haldnir hestar.





Mynd 209. Hestagjá (2880-290) merkt inn á kort



## 7. EFRI-VELLIR

Vellirnir norðan Kastala kallast Efri-Vellir. Flestar skráðar minjar á þessu svæði eru horfnar; þær voru frá fyrri hluta 20. aldar en vellirnir hafa raskast vegna veglagninga og sléttunar.



## 7.1 FORNLEIFASKRÁNING EFRI-VALLA

**Númer: 2880-104**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinsteypa

**Hnit ISN93:** A: 397473.8 N:419549.9

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hættta


**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** 65m austan Kastala.

**Minjalýsing:** Steinsteypdur grunnur smáhýsis sem

tengdist rekstri Hótels Valhalla þegar það stóð við

Kastalana milli 1898-1930. Húsið sneri NA-SV, tæplega 12x7m að utanmáli og reist úr timbri. Tvö rými voru í húsinu. Það syðra var um 5.5x4m að innanmáli og með inngang á suðurgafli. Hið nyrðra var um 2.5x2.5m og gengið inn á vesturhlið. Ekki er ljóst hvort dyr hafi verið á milli herbergja. Austan hússins hefur verið lítill pallur og má þar greina litla dæld, um 1m í þvermál.



Mynd 210. Steynstepugrunnur (2880-104) merktur inn á kort

**Númer: 2880-180**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinalögn

**Hnit ISN93:** A: 397656.1 N: 420084.0

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hættta

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Um 40m frá vegi austur er hleðsla/garður. Birkitré í nágrenni en hleðslan er á mosagrónu svæði.



Mynd 211. Steinalögn (2880-180) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Hleðsla/garður gerður úr stórum mosavöxnum og veðurbörðum steinum. Aðeins hefur hrunið úr hleðslunni. Hleðslan/garðurinn er við endann á, að er virðist, gömlum árfarvegi. Er mjög skýr á um 8m löngu svæði.

**Númer: 2880-181**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinalögn

**Hnit ISN93:** A: 397689.8 N: 420090.9

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar


**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Um 5m frá göngustíg og um 30m frá vegi í austur, á mosabeði hjá lynggróðri er hleðsla/garður.



Mynd 212. Steinalögn (2880-181) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Frekar smáum mosagrónum steinum hefur verið raðað í röð. Sumir steinarnir eru komnir undir mosa, vel sýnileg á um 2m löngu svæði, en virðist þó ná alla leiðina upp að Stekkjagjá ef gengið er áfram, gjrótt er undir mosa.

**Númer: 2880-183**

**Sérheiti:** Mikliskáli

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Hús

**Hnit ISN93:** A: 397544.0 N: 419868.1

**Ástand:** Ekki sést til fornleifa


**Horfin:** Já (vegna niðurrifs)

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Á Efri-Völlum, á miðju túninu um 30m norðan við bílastæði.



Mynd 213. Mikliskáli (2880-183) merktur inn á kort

**Minjalýsing:** Veisluskáli sem reistur var fyrir komu Friðriks VIII Danakonungs árið 1907 og stóð aðeins fáein ár. Húsið er fyrir löngu rífið og voru vellirnir sléttaðir árin 1927-1928. Skálinn er teiknaður út frá uppdræti Herforingjaráðsins 1908.

**Númer: 2880-184**

**Sérheiti:** Konungshús

**Hlutverk:** Íveruhús

**Tegund:** Hús

**Hnit ISN93:** A: 397450.6 N: 419801.7

**Ástand:** Ekki sést til fornleifa

**Horfin:** Já (vegna niðurrifs)


**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Um 80m vestan við bílastæðið á Efri-Völlum

**Minjalýsing:** Grunnur Konungshússins, sem reist var á þessum stað 1907 fyrir komu Friðriks VIII Danakonungs. Húsið var ætlað konungi til gistingar og öðrum fyrirmönnum eftir á. Húsið var flutt suður að Þingvallavatni þar sem það var nýtt sem ráðherrabústaður þar til það brann til grunna 10. júlí 1970.



Mynd 214. Konungshús (2880-184) merkt inn á kort

**Númer: 2880-185**

**Sérheiti:** Valhöll

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Hús

**Hnit ISN93:** A: 397416.5 N: 419529.3


**Ástand:** Ekki sést til fornleifa

**Horfin:** Já (vegna niðurrifs)

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**



Mynd 215. Upprunaleg staðsetning Valhallar (2880-185) merkt inn á kort



**Staðhættir:** Valhöll stóð fast uppvið Kastala (2880-278).

**Minjalýsing:** Upprunaleg staðsetning Valhallar, áður en hún var flutt suður að Þingvallavatni.

**Númer:** 2880-190

**Sérheiti:** Reiðgötur við Kastala

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hnit ISN93:** A: 397436.4 N: 419653.6


**Ástand:** Ekki sést til fornleifa

**Horfin:** Já (sléttað yfir)

**Friðlýst:** Já

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rask



**Staðhættir:** Kastalar eru hraunhólar sem skilja að

*Mynd 216. Reiðgöturarnar við Kastala (2880-190) merktar inn á kort*

efri og neðri vellina. Á völlum voru margar reiðgötur og lágu þær eftir endilöngum Efrivöllum. Fyrir Alþingishátíðina 1930 voru allar götur jafnaðar og sléttaðar (Örnefnaskrá Þingvalla. Bls. 5). Í bókinni Þingvellir, staðir og leiðir eftir Björn Th. Björnsson segir: „Af Sturlungu og öðrum trúverðugum heimildum sýnast hér hafa verið Vellirnir efri, sem ofan var riðið áður komið var í þinghelgina sjálfa. Í Íslendingasögu Sturlu Þórðarsonar segir hann frá reið Snorra Sturlusonar, föðurbróður síns, á þingið sumarið 1229: „Þá er Flokkur Snorra reið ofan um hraun frá Sleðaási, riðu þeir Þórður og Böðvarr fyrir með flokk sinn. En er þeir komu á völlum efri, sneru þeir vestur með hrauninu. Var Sighvatur þá kominn, og sat flokkur hans fyrir sunnan völlum á hrauninu...Flokkur Kolbeins var niður á hrauninu fyrir sunnan götu.“ Hér verður afstaðan ljós þegar það er haft í huga, að þessi leið af völlum á Þingvöllum sjálfan var á vaðinu rétt fyrir neðan Neðri foss. „Fyrir sunnan völlum á hrauninu“ merkir þá hrauntunguna neðst í Hallinum við Fangbrekku, en „niðri á hrauninu fyrir sunnan götu“ hraunhóla þá sem þar eru og voru einmitt sunnan og austan við alfaraleiðina. Hraunólar þessir tveir eru nefndir Kastalar, og virðast þeir hafa markað þinghelgina á þann veg.“ (Bl. 11) Í Þingvöllum. Alþingisstaðurinn Forni lýsir Matthías Þórðarson „Vellirnir efri eru um 600 m. að lengd; að norð- og suðaustanverðu takmarkast þeir af hraunflákum, en hins vegar af Hallinum.



Vegurinn að austan kemur inn á þá mjög ofarlega, og vegurinn að norðan inn á norðurenda þeirra. Megin þorri allra þingmanna kom því inn á vellina efri og reið eftir þeim, er komið var til Alþingis eða farið þaðan. Þessara miklu mannreiða báru þeir einni ljós merki allt til skamms tíma, margar götur og djúpar, flestar vallgrónar. Einnig þessi merki hins forna Alþingis-halds eru nú horfin. Undirbúningsnefndalþingis-hátíðarinnar 1930 lét árin 1927-1928 slétta vellina efri, og voru þeir síðan teknir til ræktunar. Hina síðari áratugi hafði aðalumferð á staðnum veruð um þá; þar var þurrlandast og víðlendast.“ (Bl. 102)

**Minjalýsing:** Reiðgöturnar eru ekki sjáanlegar á yfirborði þar sem túnin hafa verið sléttuð og notuð til ræktunar á árunum 1927-1928. Hægt er að sjá móta fyrir leiðum á efri völlum en ekki á neðri völlum.

**Númer: 2880-232**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Hnit ISN93:** A: 397685.9 N: 420051.6

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Hætta


**Hættuorsök:** Skógrækt

**Staðhættir:** Við hliðina á göngustíg og um 15m frá vegi í austri er varða.


**Minjalýsing:** Varða, stórir steinar. Ca 30cm há. Lítið tré hefur vaxið yfir hana.




Mynd 217. Varða (2880-232) merkt inn á kort

**Númer: 2880-233****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Steinalögn**Hnit ISN93:** A: 397686.3 N: 420200.1**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Við göngustíg sem kemur upp úr Stekkjagjá. Ca 70m frá vegi í austur.**Minjalýsing:** Grjóti hefur verið staflað í gat á klettinum. Smátt mosavaxið og veðurbarið grjót. Lynggróður vex í kring og aðeins farinn að vaxa í grjóthrúgunni.


Mynd 218. Staðsetning steinalagnar (2880-233) merkt inn á kort

**Númer: 2880-296****Sérheiti:** Efri-Vellir**Hlutverk:** Sögustaður**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397471.8 N: 419726.1**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Norðan við Neðri-Velli.**Minjalýsing:** Ekki sést til fornleifa á Efri-Völlum, en Vellirnir voru sléttaðir fyrir alþingishátíðina 1930 en þar geta vel hafa verið búðaleifar.

Mynd 219. Staðsetning Efri-Valla (2880-296) merkt inn á kort

**Númer: 2880-297****Sérheiti:** Furulundur**Hlutverk:** Skógrækt**Tegund:** Jarðræktarsvæði**Hnit ISN93:** A: 397576.8 N: 420026.8**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Já**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Við norðanverða Efri-Velli (2880-296).**Minjalýsing:** Furulundur á Þingvöllum er fyrsta árangursríka skógræktartilraun á Íslandi, þar var fyrst gróðursett 1899.<sup>127</sup>

Mynd 220. Staðsetning Furulundar (2880-297) merkt inn á kort

**Númer: 2880-311****Hlutverk:** Geymsla**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397397.7 N: 419544.5**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já (vegna niðurrifs)**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Í sprungu á eystri Kastalanum (2880-278).**Minjalýsing:** Geymsluhús var reist innan í sprungu á eystri Kastalanum (hraunhólar) í engslum við Valhöll, en hún var reist á þessu svæði 1898. Geymslan var rifin 1929 í tengslum við Alþingishátíðina 1930.

Mynd 221. Staðsetning geymslu (2880-311) merkt inn á kort

<sup>127</sup> Skógræktin, 2022

Geymslan sést á myndskaiði frá 1924. Bárújárnsþak var yfir austurhelmingi sprungunnar og gaflveggir voru hlaðnir upp en N- og S- veggir voru náttúrulegir. Stærð hefur verið u.þ.b. 12x4m.<sup>128</sup>

**Númer: 2880-312**

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Heimild

**Hnit ISN93:** A: 397454.9 N: 419558.8

**Ástand:** Ekki sést til fornleifa

**Horfin:** Já (vegna niðurrifs)


**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Réttin hefur verið um 40m NA við Valhöll (2880-185).

**Minjalýsing:** Grjóthlaðin hestarétt sem var reist norðaustan Valhallar, er hún var reist á sinni upprunalegu staðsetningu 1898. Réttin var rifin 1929 í tengslum við Alþingishátíðina 1930.





Mynd 222. Staðsetning réttar (2880-312) merkt inn á kort

<sup>128</sup> Matthías Þórðarson 1945:102

## 8. STEKKJARGJÁ OG SNÓKAGJÁ

Minjar á þessu svæði tengjast helst stekk Þingvallabæjar, sem Stekkjargjá dregur nafn sitt af. Norðan Stekkjargjár er Snókagjá, sem einnig var notuð til að geyma fé.





## 8.1 FORNLEIFASKRÁNING STEKKJARGJÁR OG SNÓKAGJÁ

**Númer:** 2880-105

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 397423.6 N: 419918.5

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei


**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rask

**Staðhættir:** Um 70m NA Öxarárfoss, rétt vestan timburpalls sem liggur í átt að fossinum.

**Minjalýsing:** Ferhyrnd eða hringmynduð tóft, um 5m að þvermáli og opin til austurs. Tóftin er grjóthlaðin og það má glytta í nokkra hleðslusteina á yfirborði.

Tóftin gæti hafa tengst búskap á síðari öldum. Hún gæti einnig verið tilkomin vegna Alþingishátíðarinnar 1930 en þá var messað í Stekkjargjá skammt frá þessari tóft.



Mynd 223. Tóft (2880-105) merkt inn á kort

**Númer:** 2880-111

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Hleðsla

**Hnit ISN93:** A: 397515.4 N: 420076.2

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Upp við vesturbarm Stekkjargjár, um 80m SV stekkjjarins.

**Minjalýsing:** Um 60m löng grjóthleðsla upp við Stekkjargjá, sem notuð hefur verið sem kró. Minjarnar voru mældar inn eftir uppdráttum Guðmundar Ólafssonar.<sup>129</sup>




Mynd 224. Rétt (2880-111) merkt inn á kort


<sup>129</sup> Guðmundur Ólafsson 1988-1990

**Númer: 2880-112****Hlutverk:** Vörslugarður**Tegund:** Hleðsla**Hnit ISN93:** A: 397526.1 N: 420097.0**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Við litla afgang vestan-í Stekkjargjá, um 75m SV stekksins.**Minjalýsing:** Fyrirhleðslur við haft inn í litla afgang vestan-í Stekkjargjá. Lengd 2-4m.

Minjarnar voru mældar inn eftir uppdráttum Guðmundar Ólafssonar.




Mynd 225. Vörslugarður (2880-112) merktur inn á kort


**Númer: 2880-113****Hlutverk:** Rétt**Tegund:** Hleðsla**Hnit ISN93:** A: 397532.9 N: 420107.3**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Innan í afgang vestan í Stekkjargjá, um 65m SV stekksins.**Minjalýsing:** Ferhyrnd, grjóthlaðin rétt, um 5x5.8m á stærð. Vesturgafli er heillegastur en aðrar hliðar eru illgreinanlegri.Minjarnar voru mældar inn eftir uppdráttum Guðmundar Ólafssonar.<sup>130</sup>

Mynd 226. Rétt (2880-113) merkt inn á kort

<sup>130</sup> Guðmundur Ólafsson 1988-1990

**Númer: 2880-114****Hlutverk:** Rétt**Tegund:** Hleðsla**Hnit ISN93:** A: 397548.3 N: 420122.8**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Í lítilli afgangi vestan í Stekkjargjá, um 45m SV stekksins.**Minjalýsing:** Grjóthlaðin rétt, um 10x5m að stærð.Minjarnar voru mældar inn eftir uppdráttum Guðmundar Ólafssonar.<sup>131</sup>

Mynd 227. Hleðsla (2880-114) merkt inn á kort

**Númer: 2880-115****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397585.7 N: 420130.7**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Við eystri barm Stekkjargjár, um 15m sunnan stekksins.**Minjalýsing:** Lítil tóft, um 8x4m að utanmáli, sem snýr NV-SA og hefur inngang á norðurhliðvegg. Við suðurhliðvegg mótar fyrir öðrum vegg, 4.2m x1m að stærð, sem gæti hafa verið annað rými eða leifar af eldra mannvirki.Minjarnar voru mældar inn eftir uppdráttum Guðmundar Ólafssonar.<sup>132</sup>

Mynd 228. Tóft (2880-115) merkt inn á kort

<sup>131</sup> Guðmundur Ólafsson 1988-1990<sup>132</sup> Guðmundur Ólafsson 1988-1990


**Númer: 2880-116****Hlutverk:** Stekkur**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397590.0 N: 420148.2**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Í Stekkjargjá, tæpum 50m norðan Furulundar og 350m NA Öxarárfoss.

**Minjalýsing:** Stekkur Þingvallabæjar. Hann er um 9.5x3.5m að utanmáli, snýr VNV-ASA og hefur inngang á vesturgafli. Vestara rýmið er 5.5x1.5m að innanmáli og það eystra um 1.8x1m. Stekkurinn er nokkuð heillegur og er með allt að 60cm vegghæð. Hringmynduð rétt er reist upp við austurgafli stekkjjarins.


Minjarnar voru mældar inn eftir uppdráttum Guðmundar Ólafssonar.<sup>133</sup>

**Númer: 2880-117****Hlutverk:** Rétt**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397596.9 N: 420148.4**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Við austurgafli stekksins í Stekkjargjá (2880-116).

**Minjalýsing:** Hringmynduð hleðsla milli austurgafli stekkjjarins og eystri gjábarms Stekkjargjár. Hleðslan hefur verið notuð sem rétt eða kró fyrir búfénað. Inngangur hefur verið í NV-horni, upp við vegg stekkjjarins. Stærð er um 7.5x9.5m.<sup>134</sup>



Mynd 229. Stekkur (2880-116) merktur inn á kort




Mynd 230. Rétt (2880-117) merkt inn á kort

<sup>133</sup> Guðmundur Ólafsson 1988-1990

<sup>134</sup> Guðmundur Ólafsson 1988-1990

**Númer: 2880-118****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397594.3 N: 420140.5**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Við eystri barm Stekkjargjár, um 3m SA stekkjarsins (2880-116).


Mynd 231. Þúst (2880-118) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Lítil tóft við eystri barm Stekkjargjár. Stærð er um 5x4m og inngangur er á suðurhlið. Mögulega hefur þetta verið lítið aðhald eða kró.Minjarnar voru mældar upp eftir uppdráttum Guðmundar Ólafssonar.<sup>135</sup>**Númer: 2880-119****Hlutverk:** Vörslugarður**Tegund:** Garðlag**Hnit ISN93:** A: 397597.6 N: 420161.3**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Í Stekkjargjá, norðan- og austan við stekkin (2880-116) og um 60m norðan Furulundar.


Mynd 232. Vörslugarður (2880-119) merktur inn á kort

**Minjalýsing:** Garðhleðsla sem þverar Stekkjargjá (27m á lengd) og tvö höft á eystri barmi gjárinnar (3 og 3.5m á lengd). Hleðslan tengist notkun stekkjarsins í gjánni. Hleðslan er nokkuð heilleg á flestum stöðum nema hjá gönguleið sem liggur yfir gjánnu. Heildarlengd er um 34m.<sup>136</sup><sup>135</sup> Guðmundur Ólafsson 1988-1990<sup>136</sup> Guðmundur Ólafsson 1988-1990




**Númer: 2880-186****Hlutverk:** Vörslugarður**Tegund:** Hleðsla**Hnit ISN93:** A: 397516.3 N: 420049.9**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Framkvæmdir**Staðhættir:** Um 20m sunnan við hleðslu (2880-111).**Minjalýsing:** Hleðslan sést á uppdráttum danska herforingaráðsins árið 1908.


Mynd 233. Vörslugarður (2880-186) merktur inn á kort

**Númer: 2880-334****Hlutverk:** Leið**Tegund:** Gata**Hnit ISN93:** A: 397347.7 N: 419818.1**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 100m frá vegi í vestur ofan í gjá sunnan við Öxarárfoss eru tröppur og göngustígur.**Minjalýsing:** Tröppur og göngustígur liggja niður að Öxarárfossi sunnan megin við fossinn. Steinarnir eru stórir, tröppur og göngustígur eru um 3-4m breiðar. Hefur aðeins hrunið. Mosavaxið og veðurbarið gjrótt. Var gert fyrir Alþingishátíðina á Þingvöllum 1930.

Mynd 234. Leið (2880-334) merkt inn á kort

**Númer: 2880-301****Sérheiti:** Stekkjargjá**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397562.3 N: 420127.2**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Stekkjargjá er norðan Furulundar (2880-297).**Minjalýsing:** Stekkjargjá liggur norðan Furulundar (2880-297) og innan hennar er að finna ýmsar landbúnaðarminjar frá Þingvallabæ.

Mynd 235. Stekkjargjá (2880-301) merkt inn á kort

**Númer: 2880-302****Sérheiti:** Snóka**Hlutverk:** Heimild**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397910.1 N: 420476.6**Ástand:** Heillegar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Í Almannagjá (2880-195) um 100m austan við Langastíg (2880-285).**Minjalýsing:** Í örnefnaskrá segir: „[...] er dýpsti kafli Almannagjár, við Fögrubrekku, og heitir hún þar Snóka; þar verpir á vorin alls konar illþýði: hrafnar, smyrlar og jafnvel fálkar. Í botni hennar var stundum heyjað frá Þingvöllum.“

Mynd 236. Snóka (2880-302) merkt inn á kort

**Númer: 2880-314**

**Hlutverk:** Vörslugarður

**Tegund:** Heimild

**Hnit ISN93:** A: 397455.2 N: 419972.4

**Ástand:** Ekki sést til fornleifa

**Horfin:** Já


**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Hleðslan hefur verið í Stekkjargjá.



**Minjalýsing:** Hleðslan sést á uppdráttum danska herforingjaráðsins árið 1908.



Mynd 237. Staðsetning vörslugarðar (2880-314) merkt inn á kort

## 9. AUSTAN ÞINGHELGARINNAR

Svæði þetta er austan Valla-, Nikulásar-, Seiglu-, Tún- og Fjósagjár og nær norður að Þjónustumiðstöð þjóðgarðsins. Flestar minjar á þessu svæði eru tengdar búskap eða samgöngum í formi varðna og leiða.



## 9.1 FORNLEIFASKRÁNING AUSTAN ÞINGHELGARINNAR

**Númer:** 2880-071

**Hlutverk:** Klakhús

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hnit ISN93:** A: 397361.4 N: 418877.3

**Ástand:** Greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Hætta

**Hættuorsök:** Rof

**Staðhættir:** Fast vestan við (2880-087).

**Minjalýsing:** Klakhús Þingvallaprests frá því um aldamótin 1900.



Mynd 238. Klakhús (2880-071) merkt inn á kort

**Númer:** 2880-078

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Hnit ISN93:** A: 398632.6 N: 420942.0

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei


**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Engin hættu

**Hættuorsök:**


**Staðhættir:** Um 120m frá vegi í vestri er grjóthleðsla á uppblásnu svæði.

**Minjalýsing:** U-laga hleðsla, um 30cm há, 2m breið og 3m löng. Virðist ekki ver forn, enginn mosi er á steinum. Hugsanlega verk ferðamanna því hleðslan er afar nálægt tjaldsvæði.




Mynd 239. Hleðsla (2880-078) merkt inn á kort




**Númer: 2880-087****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397365.2 N: 418878.3**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifjar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rof**Staðhættir:** Fast austan við klakhús (2880-078).**Minjalýsing:** Í jarðfallinu þar sem Þingvallaprestur var með klakhús.


Mynd 240. Tóft (2880-087) merkt inn á kort

**Númer: 2880-088****Hlutverk:** Klakhús**Tegund:** Tóft**Hnit ISN93:** A: 397353.9 N: 418885.1**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rof**Staðhættir:** NV við Klakhús (2880-78) og (2880-087).**Minjalýsing:** Klakhús Þingvallaprests frá því um aldamótin 1900.


Mynd 241. Klakhús (2880-088) merkt inn á kort

**Númer: 2880-089****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hleðsla**Hnit ISN93:** A: 397460.2 N: 418839.3**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Í hrauninu við gatnamót Vallavegar og Valhallarvegar.**Minjalýsing:** Einföld röð lausra steina, virðist vera hleðsla. Of löng til að vera tilviljun.

Mynd 242. Hleðsla (2880-089) merkt inn á kort


**Númer: 2880-092****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Dæld**Hnit ISN93:** A: 397439.0 N: 418933.6**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Í lögð milli tveggja hrauntungna um 25m vestan við Vallaveg.**Minjalýsing:** Hugsanleg rúst, mjög ógreinileg.

Mynd 243. Dæld (2880-092) merkt inn á kort

**Númer: 2880-110****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Hnit ISN93:** A: 397471.8 N: 419104.4**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 30m NA bílastæðis við Peningagjá.


Mynd 244. Þúst (2880-110) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Mjög ógreinilegur þúfnaklasi sem tekur á sig rétthyrnda mynd og líkist einna helst mannvirki, s.s. útihúsi eða heytóft. Ef hér eru fornminjar myndu þær vera um 9.5x4.3m að utamáli, snúa NA-SV og hafa inngang á suðurgafli. Hér var þó gróðrastöð í upphafi 20. aldar og gætu þetta verið ummerki trjáræktar.


**Númer: 2880-332****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Steinalögn**Hnit ISN93:** A: 397450.2 N: 419128.4**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 50m frá vegi í austur og 20m frá bílastæði við Peningagjá ligur hleðsla eða garður.

Mynd 245. Steinalögn (2880-332) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Hleðslan/garðurinn er gerður úr stóru mosavöxnu og veðurbörðu grjóti. Hleðslan er aðeins sokkin í jörðu. Um 7.5m löng. Í sitthvorum endanum er eins og móti fyrir grjóthrúgum sem gætu hugsanlega verið vörður. Sérstaklega sú í austurenda hleðslunnar.


**Númer: 2880-337****Sérheiti:** Vatnaskotsgata**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Gata**Hnit ISN93:** A: 397903.0 N: 418111.6**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Vegurinn liggur í hrauninu frá Þingvöllum að Vatnaskoti.**Minjalýsing:** Vegurinn liggur frá Vatnaskoti að Þingvöllum.<sup>137</sup>

Mynd 246. Vatnaskotsgata (2880-337) merkt inn á kort


**Númer: 2880-338****Sérheiti:** Göngustígur**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Gata**Hnit ISN93:** A: 398530.0 N: 419112.9**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Í hrauninu austan við Þingvelli.**Minjalýsing:** Göngustígur liggur í hrauninu í austur frá Þingvöllum að Skógarkoti.

Mynd 247. Göngustígur (2880-338) merkt inn á kort

<sup>137</sup> Örnefnaskrá - Vatnaskot


**Númer: 2880-339****Sérheiti:** Til Skógarkots**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Gata**Hnit ISN93:** A: 398659.1 N: 419623.4**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Í hrauninu frá Þingvöllum að Skógarkoti.**Minjalýsing:** Önnur leið að Skógarkoti.

Mynd 248. Til Skógarkot (2880-339) merkt inn á kort


**Númer: 2880-340****Sérheiti:** Krókhólagata**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Gata**Hnit ISN93:** A: 399057.6 N: 420183.6**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Í hrauninu suður frá Sandhólagjá að Skógarkoti.**Minjalýsing:** Leiðin liggur í hrauninu í suður frá Sandhólagjá í átt að Skógarkoti.

Mynd 249. Krókhólagata (2880-340) merkt inn á kort




**Númer: 2880-342****Sérheiti:** Leiragata**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Gata**Hnit ISN93:** A: 399770.0 N: 421466.3**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Í hrauninu í austur frá Sandhólagjá að Hrauntúni.**Minjalýsing:** Leiðin liggur um 1750m í austur frá Sandhólagjá að Hrauntúni.


Mynd 250. Leiragata (2880-342) merkt inn á kort

**Númer: 2880-218****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 397561.9 N: 419310.1**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 100m frá vegi í austri er hugsanleg varða.**Minjalýsing:** Hér er á ferðinni hrunin varða, líklega, grjót er hrunið úr vörðunni og liggur allt í kringum hana. Veðurbarnir mosavaxnir steinar.

Mynd 251. Varða (2880-218) merkt inn á kort

**Númer: 2880-219****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 397610.0 N: 419366.1**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Varða er um 100m frá vegi í austri. Er á bergklöpp á háu svæði.**Minjalýsing:** Um 60cm há varða. Hlaðin úr veðurbörðu grjóti. Grjót hefur aðeins hrunið úr vörðunni. Búið er að hlaða aðra minni vörðu við hliðina á þeirri stærri. Það hafa líklega ferðamenn gert með grjótinu sem hrundi úr stærri vörðunni.

Mynd 252. Varða (2880-219) merkt inn á kort


**Númer: 2880-220****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 397614.5 N: 419407.4**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 100m frá vegi í austri er varða. Varða (2880-219) sést vel héðan og er í um 20m fjarlægð.**Minjalýsing:** Mjög hrunin varða. Stórt mosagróíð og veðurbarið grjót er í hrúgu á um 4fm svæði.

Mynd 253. Varða (2880-220) merkt inn á kort

**Númer: 2880-221****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 397759.2 N: 419711.2**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Um 10m frá gjá í vestri, 30m frá vegi í austri, er varða sem er á svæði sem er aðeins hærra en umhverfi.

**Minjalýsing:** Varðan er hrugin en virðist vera forn. Mikið af stóru veðurbörðu grjóti og mosavöxnu grjóti á litlum bletti.




Mynd 254. Varða (2880-221) merkt inn á kort


**Númer: 2880-222****Sérheiti:** Vallastígur**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397877.0 N: 419931.2**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:**

**Staðhættir:** Um 5m frá göngustíg. 20m frá vegi í austri liggur stígur yfir gjá.


**Minjalýsing:** Stígur liggur yfir gjá. Hugsanlega náttúrulegt hrún en hefur þó sennilega þrátt fyrir það verið notaður sem stígur yfir gjánna. Mjög stórt veðurbarið grjót.



Mynd 255. Vallastígur (2880-222) merktur inn á kort


**Númer: 2880-223****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 398015.6 N: 419862.3**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Varða, hrugin, er staðsett um 25m frá vegi í vestri og er við hliðina á göngustíg.**Minjalýsing:** Hrunin varða, stórt grjót á um 9fm svæði. Mosavaxið og veðurbarið grjót.

Mynd 256. Varða (2880-223) merkt inn á kort


**Númer: 2880-224****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 398131.7 N: 419909.0**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 100m frá vegi er varða, varðan er staðsett við göngustíg.**Minjalýsing:** Varðan er hrugin að mestu. Mosavaxið og veðurbarið stórt grjót. Önnur lítil varða er staðsett við hliðina, en hún er þó hugsanlega gerð af ferðamönnum.

Mynd 257. Varða (2880-224) merkt inn á kort




**Númer: 2880-225****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 398180.1 N: 419888.7**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 150m frá vegi í vestri við hliðina á göngustíg er varða.**Minjalýsing:** Hunin varða, stórt mosavaxið og veðurbarið grjót á víð og dreif.

Mynd 258. Varða (2880-225) merkt inn á kort


**Númer: 2880-226****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Steinalögn**Hnit ISN93:** A: 398201.6 N: 419870.4**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Skógrækt**Staðhættir:** Um 160m frá vegi í vestri, við hliðina á göngustíg er hleðsla/garður**Minjalýsing:** Stórir mosavaxnir og veðurbarðir steinar mynda hleðslu/garð. Sýnileg á um 4m löngu svæði. Gróður fer yfir hugsanlegt framhald hleðslunnar.

Mynd 259. Steinalögn (2880-226) merkt inn á kort




**Númer: 2880-227****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 397895.1 N: 419664.8**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 50m frá vegi í vestri er hrúnin varða. Varðan er á háu svæði.**Minjalýsing:** Hrunin varða, mjög mosagrónir og veðurbarðir steinar liggja í hrúgu saman.


Mynd 260. Varða (2880-227) merkt inn á kort

**Númer: 2880-228****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Steinalögn**Hnit ISN93:** A: 397935.3 N: 419634.8**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 100m frá vegi í vestri, ofan í nokkurskonar dal er lítil fornleif.**Minjalýsing:** Mjög sérstök steinhleðsla í kring, steinar eru komnir vel ofan í jörðu og eru á ca 1fm svæði. Hugsanlega gæti þó verið hér á ferð steinar raðað í hring svo ferðamaður gæti sett grillið sitt ofan á.


Mynd 261. Steinalögn (2880-228) merkt inn á kort

**Númer: 2880-229****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 397734.7 N: 419089.5**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Skógrækt**Staðhættir:** Um 150m frá vegi í vestri, á bak við birkitré á háu svæði er varða.**Minjalýsing:** 50cm há varða með stóru mosavöxnu og veðurbörðu grjóti er í felum bakvið birkitré. Aðeins hefur hrunið úr vörðunni.


Mynd 262. Varða (2880-229) merkt inn á kort

**Númer: 2880-230****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 397565.7 N: 419059.1**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 20m frá vegi í vestur er varða, staðsett á göngustíg á mosagrónum hól.**Minjalýsing:** Ca 1m há varða. Hefur verið bætt í hana af ferðamönnum. Einn steinninn hefur verið merktur. Lítil mosi er á grjóti vörðunnar.


Mynd 263. Varða (2880-230) merkt inn á kort

**Númer: 2880-231****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 397524.7 N: 418748.9**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 10m frá vegi í vestri er hrunin varða, er staðsett á smá hæð.**Minjalýsing:** Varða, mjög hrunin. Grjót er undir mosa allt í kringum vörðuna. Mosavaxið og veðurbarið grjót.


Mynd 264. Varða (2880-231) merkt inn á kort

**Númer: 2880-234****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 398008.3 N: 419872.2**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Mikil hætta**Hættuorsök:** Skógrækt**Staðhættir:** Um 30m frá vegi í vestur og 10m frá göngustíg er hrunin varða. Kjarrgróður vex allt í kring. Varðan er á mosavöxnu svæði.**Minjalýsing:** Hrunin varða, stórt grjót, mosavaxið og veðurbarið. Grjót komið vel ofan í mosann.

Mynd 265. Varða (2880-234) merkt inn á kort


**Númer: 2880-235****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 397951.6 N: 419936.4**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Skógrækt**Staðhættir:** Um 15m frá vegi í vestur er varða, hrunin.

Mynd 266. Varða (2880-235) merkt inn á kort


**Minjalýsing:** Stórir mosagrónir og verðurbarðir steinar í hrúgu. Grjót er komið undir mosa í kringum vörðuna, er á flötu svæði og lynggróður vex allt í kring.**Númer: 2880-236****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 398051.8 N: 420072.9**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Skógrækt**Staðhættir:** Um 60m frá vegi í vestri er varða, hrunin.

Mynd 267. Varða (2880-236) merkt inn á kort

**Minjalýsing:** Stórt mosagróið og veðurbarið grjót í hrúgu. Birkitré vex á vörðunni, er á mosagrónum hól eða hæð.


**Númer: 2880-237****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 398636.3 N: 420795.1**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Rask**Staðhættir:** Um 170m frá vegi í vestri er hrugin varða, svæðið er uppblásið og flatt.**Minjalýsing:** Hrunin varða, margir steinar í hrúgu. Ekki mikið mosavaxin. Hugsanlega ekki mjög forn, er afar nálægt tjaldsvæði.

Mynd 268. Varða (2880-237) merkt inn á kort


**Númer: 2880-238****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 398579.3 N: 420778.3**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** 120m frá vegi í vestri á herra svæði á bergklöpp er varða. Svæðið í kring er uppblásið.**Minjalýsing:** 30cm há varða. Stórt grjót, aðeins hrunið úr vörðunni. Veðurbarðir steinar.

Mynd 269. Varða (2880-238) merkt inn á kort




**Númer: 2880-273****Hlutverk:** Kennimark**Tegund:** Varða**Hnit ISN93:** A: 397471.2 N: 418696.0**Ástand:** Greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Um 110m sunnan við gatnamóta Vallavegar og Valhallavegar.**Minjalýsing:** Líklegt vörðubrot. Fallnir steinar.


Mynd 270. Varða (2880-273) merkt inn á kort

**Númer: 2880-279****Sérheiti:** Dagmálahóll**Hlutverk:** Eyktarmark**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397365.0 N: 418792.9**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Hraunhóllinn er vestan við bílastæðið við gatnamót Vallavegar og Valhallavegar.**Minjalýsing:** Eyktarmark frá Þingvallabæ. Dagmál var um klukkan 9 að morgni.


Mynd 271. Dagmálahóll (2880-279) merktur inn á kort

**Númer: 2880-282****Sérheiti:** Leirastígur**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 399101.6 N: 421294.6**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já (vegna vegagerðar)**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Hætta**Hættuorsök:** Vegagerð**Staðhættir:** Sjá Leiragötu (2880-342).**Minjalýsing:** Sjá Leiragötu (2880-342).


Mynd 272. Staðsetning Leirastígs (2880-282) merkt inn á kort

**Númer: 2880-284****Sérheiti:** Sandhólastígur**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 398655.7 N: 420679.8**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifnar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hættu**Hættuorsök:****Staðhættir:** Sjá Krókhólagötu (2880-340).**Minjalýsing:** Sjá Krókhólagötu (2880-340).

Mynd 273. Sandhólastígur (2880-284) merktur inn á kort

**Númer: 2880-286****Sérheiti:** Göngustígur**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397760.3 N: 419061.3**Ástand:** Heillegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Sjá Gönguveg (2880-338).**Minjalýsing:** Sjá Gönguveg (2880-338).


Mynd 274. Göngustígur (2880-286) merktur inn á kort

**Númer: 2880-287****Sérheiti:** Brúnstígur**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Náttúruminjar**Hnit ISN93:** A: 397754.7 N: 419048.2**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar**Horfin:** Nei**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Í Hellugjá, neðan við Gönguveg (2880-338).**Minjalýsing:** Leiðin liggur í Hellugjá.

Mynd 275. Brúnstígur (2880-287) merktur inn á kort

**Númer: 2880-298****Sérheiti:** Stöðull**Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Heimild**Hnit ISN93:** A: 397414.5 N: 418876.9**Ástand:** Ekki sést til fornleifa**Horfin:** Já (vegna niðurrifs)**Friðlýst:** Nei**Hættumat:** Engin hætta**Hættuorsök:****Staðhættir:** Norðan við bílastæðið við gatnamót


Vallavegar og Valhallarvegur.

